# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
9. nóvember 2012
264. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




Brasilískur í fyrra lífi
*Ingvi Þór Kormáksson fagnar sextugsafmæli með disknum Latínudeildin.*
tímamót 24

Uppblásin ímynd á Reki
*Anna Hallin og Olga Bergman í Listasafni Íslands.*
menning 30



Eru þær of stórar?
*Valskonur taka á móti rúmenska liðinu Zalau í tveimur Evrópuleikjum.*
sport 38

## veðrið í dag




**STORMUR** norðan- og vestanlands í dag en mun hægari vindur sunnan og austan til. Snjókoma norðanlands en úrkomulítið sunnan til. Hiti frá frostmarki að 5 stigum.
VEÐUR 4

# Sakhæfur en samt of veikur fyrir fangavist á Litla-Hrauni

**Fangi af Litla-Hrauni sem hlaut fjórtán ára dóm fyrir morðtilraun er nú vistaður nauðugur á öryggisdeild geðspítalans á Kleppi. Sárvantar úrræði fyrir geðsjúka fanga, segir forstöðukonan Margrét Frímannsdóttir.**

**DÓMSMÁL** Maður sem veitti föður sínum alvarlega áverka sem drógu hann til dauða er nú nauðungarvistaður á öryggisgeildinni á Kleppi. Hann var metinn sakhæfur af geðlæknum fyrr á árinu og dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar.

Í síðasta mánuði var maðurinn nauðungarvistaður á geðdeild Landspítalans við Hringbraut. Hann var þó fljótt metinn það veikur að hann þyrfti aukna meðferð, svo hann var færður á öryggisdeildina á Kleppi. Nauðsynlegt er að svipta hann sjálfræði, þar sem hann neitar að sækja meðferð á geðdeild. Hann verður að minnsta kosti sex mánuði inni á Kleppi.

Maðurinn, Þorvarður Davíð Ólafsson, er einn nokkurra fanga á Litla-Hrauni sem fangelsismálayfirvöld telja að þurfi sérúrræði innan kerfisins, en engin sérstök stofnun er fyrir hendi fyrir geðsjúka einstaklinga sem hafa þó verið metnir sakhæfir fyrir dómi.

Þessa fanga verður að vista í fangelsi, en réttargeðdeildin á Kleppi, sem áður var á Sogni í Ölfusi, er samkvæmt lögum einungis fyrir ósakhæfa brotamenn.

Samkvæmt reglum fangelsismálayfirvalda á að leggja fanga sem veikjast af geðsjúkdómi inn á geðdeild Landspítalans á Hringbraut. Innlögn á öryggisdeild er undantekning sem eingöngu er gripið til ef um mjög veika einstaklinga er að ræða sem neita meðferð.

> Ef einstaklingar eru metnir mjög veikir og vilja ekki nauðsynlega þjónustu þarf að fara þessa leið.
>
> SIGURÐUR PÁLL PÁLSSON
> YFIRLÆKNIR Á ÖRYGGISDEILD KLEPPS

Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á öryggisdeildinni á Kleppi, segir afar fátítt að geðdeildir LSH taki við föngum af Litla-Hrauni, en það hafi þó gerst. „Ef einstaklingar eru metnir mjög veikir og vilja ekki nauðsynlega þjónustu, þarf að fara þessa leið,“ segir hann. „Aðalatriðið er að fangar fái sömu þjónustu og aðrir þjóðfélagsþegnar og ferlið sé eins hjá þeim og öðrum.“

Margrét Frímannsdóttir, forstöðukona Litla-Hrauns, segir að komi upp bráðaveikindi hjá föngum sem kalli á innlögn á geðdeild, sé ferlið auðveldara nú en það hafi verið hingað til.

„En við þurfum að skoða hvernig við getum bætt aðbúnaðinn og komið á sérstakri deild fyrir sakhæfa geðsjúka einstaklinga,“ segir hún. „Einnig er nauðsynlegt að skoða hvernig verði staðið að mönnun þeirrar deildar og hvort við þurfum að leggja meiri áherslu á menntun fangavarða sem annast geðsjúka fanga.“ **- sv**



**KLUKKUM HRINGT GEGN EINELTI** Þau Illugi, Ragnar Bjarni, Steinunn og Þórey hringdu kirkjuklukkum Lágafellskirkju í gær. Kirkjan er sú eina á höfuðborgarsvæðinu þar sem klukkum er enn hringt handvirkt en með framtakinu vildu börnin vekja athygli á mikilvægi þess að berjast gegn einelti. Kirkjuklukkum var hringt um allt land klukkan eitt í gær á degi gegn einelti, sem haldinn var í annað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fékk gull í Svíþjóð:
## Fallegt box skiptir mestu

**ÍÞRÓTTIR** „Ég vildi gera mitt besta og fannst skipta mestu máli að vera með góða tækni og sýna fallegt box. Ég var ekki að reyna að rota andstæðinginn í fyrsta höggi,“ segir Valgerður Guðsteinsdóttir, sem hlaut gullverðlaun í sínum flokki á ACBC-hnefaleikamótinu í Gautaborg um síðustu helgi. Mótið er það næststærsta sinnar tegundar í heiminum.



Valgerður æfði íþróttina á unglingsárunum og ákvað fyrir þremur árum að hefja æfingar að nýju. „Það er eitt og hálft ár síðan ég keppti síðast því það eru bæði fáar konur sem keppa og langt á milli móta,“ segir Valgerður. **- sm / sjá síðu 42**

Gerð verður grein fyrir stöðu Eirar á fulltrúaráðsfundi 16. nóvember:
# Vilhjálmur hættir í stjórn Eirar

**SAMFÉLAGSMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur sagt af sér sem stjórnarformaður Hjúkrunarheimilisins Eirar. Vilhjálmur tilkynnti stjórn Eirar um ákvörðun sína á fundi í gær.

„Þetta er mín persónulega ákvörðun. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál er erfitt og það sem mestu skiptir af minni hálfu er að horfa til framtíðarhagsmuna félagsins, engin önnur sjónarmið mega ráða för,“ segir Vilhjálmur og heldur áfram: „Að vel íhuguðu máli er það mitt mat að nú sé brýnt að byggja upp traust á ný gagnvart lánardrottnum og skjólstæðingum. Stjórnin ber ábyrgð og ég tel mig vera að axla hana með þessari ákvörðun.“

Erfið fjárhagsstaða Eirar hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum síðustu daga en eins og fram hefur komið skuldar hjúkrunarheimilið átta milljarða króna og er tæknilega gjaldþrota.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Hefur því verið haldið fram að Vilhjálmur hafi leynt alvarlegri fjárhagsstöðu félagsins fyrir stjórninni meðan hann var framkvæmdastjóri þess, en hann lét af því starfi í upphafi ársins og tók þá við sem stjórnarformaður. Sjálfur hefur hann alfarið neitað því að hafa leynt stjórnina upplýsingum.

Magnús L. Sveinsson, varaformaður stjórnar Eirar, tekur nú við sem stjórnarformaður.

Stjórnin hefur ákveðið að efna til fulltrúaráðsfundar á föstudaginn eftir viku þar sem fjallað verður um stöðu hjúkrunarheimilisins og gerð grein fyrir því hvernig stjórnin hafi brugðist við vanda þess. **- mþl**







**SPURNING DAGSINS**



*Kjartan, óraði ykkur fyrir því að vinna þessi verðlaun?*

„Nei, ekki einu sinni í okkar allra villtustu hugarórum.“

Kjartan Yngvi Björnsson hlaut, ásamt félaga sínum Snæbirni Brynjarssyni, Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir fantasíubók þeirra Hrafnsauga.

Helgi Hjörvar boðar fulltrúa Landsbankans og Lýsingar á fund í kjölfar dóms:

# Lán til styttri tíma lækka líka

**DÓMSMÁL** „Það er skýr niðurstaða héraðsdóms að Borgarbyggðardómur Hæstaréttar hafi fordæmisgildi gagnvart þessu bílaláni og þá væntanlega stórum hluta slíkra lána,“ segir Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, um dóm í máli fyrirtækisins Samvirkni gegn Landsbankanum sem féll í gær.

Þar komst dómari að þeirri niðurstöðu að Landsbankanum hefði ekki verið heimilt að reikna seðlabankavexti af ólöglegu gengistryggðu bílaláni aftur í tímann.

Landsbankinn og Lýsing töldu að svokallaður Borgarbyggðardómur ætti ekki við um skemmri lán á borð við bílalán og höfu því ekki endurútreikning á slíkum lánum.



HELGI HJÖRVAR

„Arion banki og Íslandsbanki hafa hafið endurreikning bæði styttri og lengri lána og hafa ekki talið að það þyrfti að dæma þá í héraði til þess þannig að maður væntir þess að Landsbankinn hefji nú þegar þessa vinnu,“ segir Helgi, sem hefur boðað fulltrúa Landsbankans og Lýsingar á fund efnahags- og viðskiptanefndar á mánudag til að fara yfir málið.

„Bankarnir hafa nú farið ítrekað ranglega fram gagnvart viðskiptavinum sínum í þessum málum og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að héraðsdómur nægi ekki til þess að Landsbankinn leiðrétti hagi viðskiptavina sinna.“

Lýsing sendi frá sér tilkynningu vegna málsins í gær þar sem fram kemur að fyrirtækið telji dóminn ekki fordæmisgefandi fyrir sín bílalán. - sh

Viðskiptaráð Íslands:

## Vill ljúka aðildarviðræðum

**STJÓRNMÁL Stjórn Viðskiptaráðs Íslands telur brýnt að aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið verði leiddar til lykta. Þetta kemur fram í nýrri ályktun stjórnarinnar.**

**Í ályktuninni segir að aðildarviðræðurnar séu lykilinn að því að halda opnum möguleika Íslands á tvíhliða upptöku evru. Þá telur Viðskiptaráð mikilvægt að lagt sé kapp á að ná sem allra bestum samningi við ESB sem síðan yrði lagður í dóm þjóðarinnar.** - mþl



**NAUMLEGA SAMÞYKKT** Antonis Samaras tekur í hendur ráðherra í lok þingfundar. NORDICPHOTOS/AFP

Þingið samþykkti niðurskurð:

## Grikkir bíða nú næstu greiðslu

**GRIKKLAND, AP Grísk stjórnvöld gera sér vonir um að fjármálaráðherrar evruríkjanna sautján ákveði að greiða Grikkjum næstu útborgun úr stöðugleikasjóði ESB. Gríska þingið samþykkti naumlega á miðvikudagskvöld nýjasta niðurskurðarfrumvarp ríkisstjórnarinnar, sem er skilyrði frekari fjárhagsaðstoðar.**

**Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, segir þó ólíklegt að ákvörðun verði tekin í næstu viku. Þjóðverjar vilja helst að Grikkir afgreiði fyrst fjárlög fyrir næsta ár.** - gb

Kosningar í Bandaríkjunum:

## Silver reyndist 99% sannspár

**BANDARÍKIN** Tölfræðingurinn Nate Silver spáði rétt fyrir um útkomuna í öllum 50 ríkjunum, sem og í Washington D.C. í nýafstöðnum forsetakosningum.

Silver heldur úti umfangsmiklu kerfi sem tekur saman ótal skoðanakannanir að viðbættum öðrum þáttum. Hann vakti fyrst athygli í kosningunum 2008 þar sem hann spáði rétt fyrir um úrslitin í 49 ríkjum og í öllum öldungadeildarkosningum.

Að þessu sinni spáði Silver Obama öruggum sigri þrátt fyrir að fjölmiðlar væru margir á því að kosningarnar yrðu tvísýnar. Spáin gekk eftir í öllum ríkjunum og í 32 af 33 kosningum til öldungadeildarinnar. - þj

# Synjað um skólavist með einu vinunum

**Ellefu ára drengur fær ekki inni í skóla fyrir börn með sérþarfir því hann sé ekki greindarskertur líkt og foreldrarnir segja. Faðirinn segir hann einangraðan í hverfisskólanum. Hann eigi þó vini í sérskólanum sem hann kemst ekki í.**

**FÉLAGSMÁL** „Verst er einangrunin og að vera alltaf lélegastur í öllu og síðastur í öllu,“ segir Ágúst Kristmanns, faðir Inga Kristmanns, ellefu ára drengs sem ekki fær inni í Klettaskóla, skóla fyrir börn með sérþarfir.

Menntamálaráðuneytið staðfesti ákvörðun Klettaskóla um að synja Inga um skólavist. Vísað er til mats sem Greiningardeild ríkisins gerði á Inga þegar hann var fimm ára. Samkvæmt því sé greindarvísitala Inga 70 og hann þar með ekki fatlaður í skilningi laga. Talað er um greindarskerðingu þegar vísitalan er 69 og lægri.

„Þeir segja að Ingi sé ekki fatlaður en hann er búinn að vera fatlaður frá því hann var þriggja ára. Hann er með væga þroskahömlun, hreyfiþroskaröskun og ofvirkniröskun,“ segir Ágúst sem kveður þær niðurstöður sem birtast í úrskurði ráðuneytisins óskiljanlegar. Hið rétta sé að Ingi hafi mælst með greindarvísitöluna 62 árið 2007. Í fyrra hafi Ingi svo verið prófaður að nýju í Hörðuvallaskóla í Kópavogi, þar sem hann hefur verið nemandi, og þá mælst með vísitöluna 57.

Ágúst segir Inga hafa gengið ágætlega út fjórða bekk. „Um leið og hann byrjaði í fimmta bekk var bilið orðið svo mikið milli hans og jafnaldranna og það er orðið enn þá meira núna í sjötta bekk. Hann vill fá sama námsefni og hinir krakkarnir eru með en hann ræður ekki við það,“ segir Ágúst sem kveður Inga líða illa í skólanum. Núna sé hann til hvíldar í sérúrræði í tvo mánuði á vegum Kópavogsbæjar.

„Ingi heldur sig mikið til hlés vegna þess að hann getur ekki gert það sem aðrir eru að gera og þar af leiðandi upplifir hann sig alltaf einan.

Hann er alltaf minnimáttar og orðinn algerlega einangraður,“ segir Ágúst sem telur hugsanlegt að Inga sé synjað um vist í Klettaskóla vegna opinberrar stefnu um skóla án aðgreiningar.

„Mér finnst þeir teygja sig ansi langt til að sanna að skóli án aðgreiningar gangi en það gerir hann alls ekki fyrir öll börn. Það verður að vera millibilsúrræði fyrir krakka eins og Inga, sem eiga ekki heima í almenna skólakerfinu og virðast ekki eiga heima í Klettaskóla,“ segir Ágúst sem segir að þau, foreldrarnir, séu afar vonsviknir og hyggist leita til umboðsmanns Alþingis.

„Það er ekki auðvelt skref fyrir foreldra að sækja um í sérskóla fyrir barnið sitt. Ég væri mjög feginn ef hann gæti verið í almenna skólakerfinu og ætti þar vini. En þannig er það ekki. Hann á hins vegar vini í Klettaskóla,“ segir Ágúst og útskýrir að Ingi fari í tvær vikur árlega í sumarbúðir fyrir fatlaða. Þar séu meðal annars börn úr Klettaskóla. Hann komi ávallt heim gjörbreyttur barn. „Þar líður honum gríðarlega vel og þar á hann vini. Hann fær bara ekki að vera með þeim í skóla.“

gar@frettabladid.is



**INGI KRISTMANNS** Ágúst Kristmanns og María Björg Benediktsdóttir segja syni sínum líða illa í hverfisskólanum og eru vonsvikin yfir að hann fái ekki aðgang að skóla fyrir börn með sérþarfir þótt hann sé með þroskahömlun, hreyfiröskun og ofvirkniröskun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GLAÐIR VERÐLAUNAHAFAR** Þau Liv Bergþórsdóttir og Ingólfur Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Marel, veittu Markaðsverðlaununum viðtöku í gær.

Markaðsverðlaun ÍMARK veitt:

## Liv fékk markaðsverðlaunin

**VIÐSKIPTI** Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, og Marel voru verðlaunuð sem markaðsmaður og markaðsfyrirtæki ársins á Markaðsverðlaunum ÍMARK í gær.

Þetta var í 22. sinn sem ÍMARK, félag íslensks markaðsfólks, veitti Markaðsverðlaunin en að þessu sinni afhenti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þau.

Í rökstuðningi fyrir ákvörðun ÍMARK segir að Liv hafi náð að byggja upp sterka markaðshneigða fyrirtækjamenningu hjá Nova sem auk þess hafi sterka staðfærslu á markaði. Þá er markaðsstarf Marels sagt sterkt, vel skipulagt og árangursríkt. - mþl

## Lést í bílveltu á Hafnarvegi

**Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Hafnarvegi í fyrradag hét Sigurgeir Ragnarsson, búsettur á bænum Grund í sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði. Sigurgeir var 83 ára, fæddur þann 5. október 1929. Hann var ókvæntur og barnlaus.**

**Slysið varð á fjórða tímanum í fyrradag og enn er unnið að rannsókn þess. Bifreiðin lenti utan vegar og valt.**




Jarðskjálfti sem mældist 7,4 stig olli miklu tjóni í Gvatemala:

# Fólk leitaði skjóls á sjúkrahúsi

**GVATEMALA, AP** Tugir manna fórust þegar jarðskjálfti reið yfir í Gvatemala í fyrrinótt. Skjálftinn mældist 7,4 stig og olli miklu tjóni, einkum í borginni San Marcos en einnig í mismiklum mæli um allt landið.

Skjálftinn fannst á mjög stóru svæði, meðal annars í Mexíkóborg sem er í 965 kílómetra fjarlægð frá upptökum skjálftans.

Í San Marcos hrundu tugir íbúðarhúsa og margar af litríkum byggingum miðbæjarins voru ýmist með stórum sprungum eða algerlega í rústum, þar á meðal bæði lögreglustöð borgarinnar og dómshúsið.

Íbúar borgarinnar óttuðust stóra eftirskjálfta og margir leituðu skjóls í sjúkrahúsinu, sem var eina húsið sem rafmagn var enn í.

Björgunarstörf hófust strax um nóttina og þegar birta tók af degi var stórvirkum vinnutækjum beitt við að leita að fólki, sem enn kunni að leynast á lífi í rústunum.

Í gærmorgun lá öll starfsemi fyrirtækja og stofnana niðri í borginni, enda rafmagnslaust alls staðar og starfsfólk að huga að tjóni. - gb



**RÚSTIR** Bifreið undir rústum húss í borginni San Marco. NORDICPHOTOS/AFP

# FRÁBÆR TILBOÐ
## Í RÚMFATALAGERNUM!

GILDIR 09.11 - 11.11




SÓFASETT 3+2

SPARIÐ 60.000

FULLT VERÐ: 149.950

**89.950**

SÓFASETT 3+2

**VEJLE SÓFASETT 3+2**
Flott, svart sófasett með svörtu PU áklæði. Nú á frábæru tilboði!



HÚFA / HANSKAR / LÚFFUR

**995**

**WIN HANSKAR, LÚFFUR OG HÚFUR**
Stærðir: 3-10 ára.

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



33% AFSLÁTTUR

NÝTT

3 STK.

HANDKLÆÐASETT

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**

**RIKA HANDKLÆÐASETT**
3. stk. saman. Fæst með bleikum eða bláum blómum.



**UNI DE LUXE BAÐSLOPPUR**
Efni: 100% polyester-míkrófíber. Fæst í 4 litum. Stærðir S/M og L/XL.

FULLT VERÐ: 2.495

**1.995**

20% AFSLÁTTUR

## FULLAR BÚÐIR AF JÓLAVÖRU!



2 STK. SPARIÐ 2.000

NÚ 2 STK.

**7.990**

BÓMULLARSATÍN

2 STK.

**NELL SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín. Lokað að neðan með tölum. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Fást í 3 fallegum litum.
1 stk. **4.995**



SÍLIKON OFNHANSKI

**499**

OFNHANSKI



FRÁBÆRT VERÐ!

NÝTT

NIKE ÍÞRÓTTATAKSA

**4.995**

**NIKE ÍÞRÓTTATASKA**
Efni: 100% polyester. Fæst í svörtu og dökkbláu. Stærð: B29 x L54 x H31 sm.



NÝTT

NÁTTBUXUR FRÁ:

**2.495**

**NÁTTBUXUR**
Nýjar náttbuxur á börn og fullorðna. Barnastærðir: 4-14 ára **2.495** Fullorðinsstærðir: S-XXL **3.495**

høie OF SCANDINAVIA



SPARIÐ 2.000

SÆNG + KODDI

SÆNG+KODDI FULLT VERÐ: 9.995

**7.995**

**HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI**
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Stærð: 140 x 200 sm. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 08.11.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,88 | 128,50 |
| Sterlingspund | 203,87 | 204,87 |
| Evra | 162,83 | 163,75 |
| Dönsk króna | 21,830 | 21,958 |
| Norsk króna | 22,245 | 22,377 |
| Sænsk króna | 19,081 | 19,193 |
| Japanskt jen | 1,5994 | 1,6088 |
| SDR | 195,19 | 196,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 226,3703

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður íslensks snekkjusmíðafyrirtækis sýknaður af ásökun um skjalafals:

# Fullnaðarsigur fyrir rétti í Dubai

**DÓMSTÓLAR** Stjórnarformaður íslenska snekkjusmíðafyrirtækisins Scandic International var í gær sýknaður af ákærum í máli á hendur honum sem höfðað var í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Forsaga málsins er sú að fyrirtækið hafði unnið mál í Abu Dhabi þar sem ekki hafði verið staðið við greiðslur vegna smíði á snekkju.

Kaupandi snekkjunnar sem tapað hafði málinu höfðaði þá á móti mál í Dubai þar sem Benedikt G. Benediktsson, stjórnarformaður Scandic, var sakaður um skjalafals. Greint var frá því á Vísi að Benedikt hefði setið um tíma í gæsluvarðhaldi ytra vegna málsins, en hafi verið látinn laus gegn greiðslu 1,7 milljóna króna tryggingargjalds.


BENEDIKT G. GUÐMUNDSSON

Dómstóll í Dubai komst svo í gær að þeirri niðurstöðu að ekki væru nægar sannanir í málinu á hendur Benedikt.

„Fallegur, íslenskur fullnaðarsigur í rétti dagsins,“ sagði Benedikt eftir að niðurstaðan lá ljós fyrir, en í umfjöllun Gulfnews.com er því lýst hvernig bros færðist yfir andlit hans þegar dómurinn var kveðinn upp.

Benedikt sagði að þótt dómurinn hefði reyndar varla getað farið á annan veg hefði verið gott að koma málinu frá.

Samkvæmt frétt Gulfnews.com er hægt að áfrýja dómnum innan fimmtán daga. **- óká**

Móta samfélagsábyrgðarstefnu:

# Ragna Sara nýr forstöðumaður

**VIÐSKIPTI Ragna Sara Jónsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður samfélagsábyrgðar hjá Landsvirkjun. Ragna Sara hefur frá 2010 gegnt starfi yfirmanns samskiptasviðs hjá fyrirtækinu en við því starfi tekur nú Magnús Þór Gylfason.**

**Innleiðing á stefnu um samfélagsábyrgð verður sérstakt forgangsverkefni hjá Landsvirkjun árið 2013. Segir Hörður Arnarson forstjóri að fyrirtækið vonist eftir því að stefnan skili því betri samkeppnisstöðu og aukinni starfsánægju. - mþl**

Nýr biskup egypskra kopta:

# Andvígur trú í stjórnarskrá

**EGYPTALAND, AP** Tawadros annar, nýkjörinn biskup kopta í Egyptalandi, segist ekki geta sætt sig við nýja stjórnarskrá ef of mikil áhersla verður lögð á trúmál í henni.


TAWADROS ANNAR

Þetta bendir til þess að koptar, sem eru kristinn söfnuður, muni ásamt veraldlega sinnuðum Egyptum berjast gegn því að strangtrúaðir múslímar nái því fram að íslamskri trú verði gert hátt undir höfði í stjórnarskránni, sem nú er í smíðum.

Tawadros biskup segir að koptar hafi árum saman mátt þola það að vera ýtt til hliðar í egypsku samfélagi. **- gb**

Ný könnun í Bretlandi:

# Helmingur vill úrsögn úr ESB

**BRETLAND Nær helmingur Breta, 49 prósent, segist myndu greiða atkvæði með úrsögn úr ESB, ef slík tillaga væri borin undir þjóðina. 28 prósent myndu hafna úrsögn og aðrir eru óákveðnir.**

**Þetta kemur fram í könnun sem YouGov opinberaði í gær, en hlutföllin eru þau sömu og þau hafa verið síðustu misseri.**

**David Cameron forsætisráðherra stendur frammi fyrir klofningi innan síns flokks, Íhaldsflokksins, í Evrópumálum. Hann er mótfallinn þjóðaratkvæðagreiðslu, en vill frekar reyna að semja um breytt hlutverk og skyldur Bretlands innan sambandsins. - þj**

# Kom heim frá Úganda með tumbu-lirfu í handleggnum

**Karlmaður leitaði til læknis á Landspítalanum vegna sýkingar. Flugulirfa reyndist vera djúpt í handlegg hans. Læknar þurfa að vera meðvitaðir um hættu á sýkingum sem þessum vegna tíðra ferðalaga landans.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Karlmaður á sjötugsaldri, sem hafði dvalið um skeið í Úganda, leitaði á bráðamóttöku Landspítalans nýlega vegna hita og roða út frá sári á framhandlegg. Við rannsókn kom í ljós að flugulirfa svokallaðrar tumbuflugu hafðist við í handlegg mannsins og var mikil sýking í sárinu.

Í nýjasta tölublaði Læknablaðsins er þessu sjúkdómstilfelli lýst og er um svokallaða lirfuóværu í húð að ræða. Lirfuóværa er fyrst og fremst hitabeltissjúkdómur sem orsakast af flugnalirfum sem lifa sníkjulífi í hryggdýrum. Sjúkdómurinn er vel þekktur í mönnum en einnig algengt vandamál í húsdýrum. Maðurinn hafði fengið fjölmörg flugnabit víðs vegar um líkamann við dvöl sína í landinu, en einkenni þeirra hurfu án eftirkasta. Því dugði þessi eina lirfa til þess að einkennin voru orðin þetta mikil.

Magnús Gottfreðsson, smitsjúkdómalæknir á Landspítalanum, segir það ekki sérlega óalgengt að fólk fái húðútbrot eftir dvöl erlendis, en lirfuóværa sé fremur sjaldgæf skýring á slíkum útbrotum. „Tíðnin fer þó eftir því hvar fólk hefur dvalist og hve lengi. Þetta er þó væntanlega ekki fyrsta tilfellið sem greinist hér á landi, þótt þetta sé fyrsta tilfellið sem er tilkynnt,“ segir Magnús.

Erling Ólafsson, skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun, veit ekki til þess að „tumbu-flugan“ hafi hlotið viðeigandi íslenskt heiti enn sem komið er. Spurður hvort um mikla plágu sé að ræða þar sem flugan sé landlæg segir Erling að svo sé. „Já, hún er engin skemmtun fyrir þá sem sýkjast af henni. Það er aldrei gaman að láta éta sig, hvorki utan frá né innan,“ segir Erling.

Í Læknablaðinu kemur fram að erlendar rannsóknir sýna að eftir ferð til hitabeltislanda leita 8-19% ferðamanna til læknis og eru húðútbrot algengustu umkvörtunarefnin, auk meltingarfæra- og öndunarfærasjúkdóma. Upplýsingar í franskri rannsókn, sem tók til 269 ferðamanna með húðvandamál eftir ferðalög til hitabeltislanda, er talin lýsandi. Þar reynist húðskriðlirfusýki algengasta greiningin (25%), en þar á eftir kom graftarhúðkvilli í 18% tilfella, klæjandi húðbólga vegna skordýrabits (10%) í þriðja sæti og lirfuóværa í húð (9%) í því fjórða.

Það er mat höfunda greinarinnar að full ástæða sé til þess að íslenskir læknar viti af tilveru þessarar óværu, ekki síst í ljósi sífellt fleiri ferðalaga fólks frá Íslandi til hitabeltislanda. **svavar@frettabladid.is**



**SÁR Á HENDI** Sárið var orðið allstórt og sýkingin mikil.

MYNDIR/LÆKNABLAÐIÐ

## Lífsferill tumbu-flugunnar í náttúrunni




Á sex dögum myndast kýli með hita og roða. Talsvert ónæmissvar getur orðið umhverfis kýlið og geta sjúklingar fundið fyrir eitlastækkunum, hita og slappleika. Lirfan þarf á súrefni að halda og liggur öndunargat hennar í gegnum húðina. Frá því svæði getur vessað. Á 8-12 dögum verður lirfan fullþroskuð og nær þá gjarnan 12-15 millimetra lengd. Lirfan yfirgefur þá hýsilinn, borar sig niður í jarðveg og púpar sig þar svo úr verður fullorðin fluga.


SVÞ

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERSLA Á ÍSLANDI


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**MISSKIPT VEÐUR**
Vonskuveður verður um norðan- og vestanvert landið í dag með talsverðri hríð norðanlands. Sunnan og austan til verður víða þokkalegt veður fram eftir degi en vindur vex þar í kvöld og nótt. Á morgun dregur úr vindi seinnipartinn, fyrst vestanlands.




**Á MORGUN**
Stormur með S- og A- strönd annars strekkingur. Dregur úr vindi.

**SUNNUDAGUR**
Strekkingur allra austast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 11° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | 6° |
| París | 10° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



★ AMERÍSKIR SÓFADAGAR!
MIKIÐ ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ!
NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
LARAMIE sófasett microfiber áklæði.
Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.
2 SÆTA 149.990 VERÐ: 169.990
3 SÆTA 179.990 VERÐ: 199.990
STÓLL 139.990 VERÐ: 159.990
Broyhill®
EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU
KEMUR ÞÆGILEGA Á ÓVART!
12 MÁNAÐA VAXTALAUS SÓFALÁN
LARAMIE Hornsófi. Brúnt microfiber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.
319.990 VERÐ: 349.990
LA-Z-BOY® MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI
NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
119.990 VERÐ: 139.990
NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
99.990 VERÐ: 119.990
NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
149.990 VERÐ: 169.990
★ LA-Z-BOY®
Hinn eini sanni!
LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.
LA-Z-BOY®
ASPEN La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.
LA-Z-BOY®
NORMAN La-z-boy stóll.
Brúnt eða natur áklæði.
B:4 D:70 H:103 cm.
LA-Z-BOY®
GRAND PINNACLE XL La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leður. B:84
D:107 H:118 cm.
HÚSGAGNAHÖLLIN
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Um hversu mikið verður fjárfestingaáætlun ríkisins skorin niður á næsta ári?*
2. *Hversu margar laxveiðiár skiluðu 100 löxum eða meira í sumar?*
3. *Hversu mörgum milljónum verður úthlutað til Landspítalans til tækjakaupa á næsta ári?*

**SVÖR:**

*1. Um 42 prósent 2. Tólf ár 3. 600 milljónum*

Þingsályktunartillaga framsóknarmanna um börn getin með gjafakynfrumum:

# Fái upplýsingar um upprunann

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að fela innanríkisráðherra að undirbúa lagabreytingu sem tryggi að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun hafa ekki sjálfstæðan rétt á að fá upplýsingar um líffræðilega foreldra sína ef gjafaegg eða -sæði er notað.

Nú er það svo að egg- eða sæðisgjafar geta óskað eftir nafnleynd og er heilbrigðisstarfsfólki skylt að tryggja að sú ósk verði virt. Þá má gjafinn ekki fá upplýsingar um foreldra eða barn eða öfugt. Ef ekki er óskað eftir nafnleynd getur barnið hins vegar fengið aðgang að upplýsingum um gjafann. Þingmennirnir vilja horfa til reynslu nágrannalanda við lagasmíðina. **- þeb**

**Hvernig er þetta í nágrannalöndunum?**

Í Svíþjóð er kveðið á um að börn eigi rétt á að vita um uppruna sinn. Í Finnlandi eiga börn sem náð hafa 18 ára aldri rétt á að fá upplýsingar um uppruna sinn. Í Noregi og Bretlandi geta kynfrumugjafar ekki krafist nafnleyndar og börn geta við 18 ára aldur fengið upplýsingar um uppruna sinn.

Þróunin hefur verið hvað hægust í Danmörku. Þar höfðu börn ekki rétt á að fá þessar upplýsingar fyrr en í fyrra. Ef kynfrumugjafi óskar ekki nafnleyndar geta börn við 18 ára aldur fengið upplýsingarnar.

Áskorun frá bæjarráði:

# Full þörf fyrir SÁÁ á Akureyri

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Akureyrar skorar á SÁÁ að tryggja rekstur samtakanna á Akureyri.

„Ljóst er að mikils virði er fyrir alkóhólista og aðstandendur þeirra að hafa aðgang að þeirri aðstoð sem þar er veitt. Undanfarin ár hefur þessi starfsemi sýnt að full þörf er fyrir þessa þjónustu," segir bæjarráðið sem jafnframt vill viðræður um hvernig ríkið geti stutt sveitarfélögin til að byggja upp þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og fjölskyldur þeirra. **- gar**

**Morð og missætti**

**Skáldsaga e. Guðbjörgu Tómasdóttur –**

**„Blekkingin grasserar. – Það gengur á ýmsu þar til ..."**



**HARPA** Dómstólar munu kveða upp úr um hvernig fasteignamati Hörpu verður háttað. Ríki og borg standa að málshöfðuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Harpa í mál við ríkið með fulltingi ríkisins

**Aðferð Fasteignamats ríkisins við mat á virði Hörpunnar er ólögmæt að mati Lögmannsstofunnar Lex. Eigendur Hörpu, ríki og borg, hafa falið lögmönnunum að fara með málið fyrir dóm. Getur skipt hundruðum milljóna í fasteignagjöld.**

**SKIPULAGSMÁL** Lögmannsstofan Lex telur að aðferð Þjóðskrár við fasteignamat á Hörpu standist ekki lög. Matið var kært til yfirfasteignamatsnefndar sem staðfesti úrskurð Þjóðskrár. Eigendur Hörpu hafa falið lögmannsstofunni að undirbúa dómsmál. Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar sem er móðurfélag Hörpunnar, segir markmiðið með málssókninni vera að lækka fasteignamatið umtalsvert. „Við urðum sammála um það með eigendum, ríki og borg, að dómstólaleiðin væri rétta leiðin og hana ætlum við að fara."

Þjóðskrá notar kostnaðaraðferð við fasteignamatið en þá er stuðst við byggingarkostnað, en hann er metinn 28 milljarðar króna. Undir það tekur yfirfasteignamatsnefnd. Aðrar aðferðir eru markaðsaðferð, sem byggir á samanburði við sölu sambærilegra fasteigna, og tekjuaðferð, sem byggir á tekjum og fasteignum og kostnaði vegna þeirra.



> Við urðum sammála um það með eigendum, ríki og borg, að dómstólaleiðin væri rétta leiðin.

**PÉTUR J. EIRÍKSSON,**
STJÓRNARFORMAÐUR PORTUSAR

Þjóðskrá leggur byggingarkostnað Hörpu til grundvallar fasteignamati. Árið 2012 hækkaði matið úr rúmum 17 milljörðum í rúma 20 og það hækkar í rúman 21 milljarð árið 2013. Fasteignin er nú nær fullkláruð og skýrir það hækkunina.

Portus og móðurfélag þess, Austurhöfn-TR, fengu PwC og Capacent til að leita gangverðs eignarinnar út frá því hvert virði hennar væri með hliðsjón af tekjum, gjöldum og nýtingarmöguleikum. Að mati Capacent er virði Hörpu 6,5 til 6,7 milljarðar en 6,8 milljarðar að mati PwC.

Í álitsgerð Lex segir að sé sömu aðferðum beitt á Hörpu og ýmis önnur hús, svo sem Hof á Akureyri, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og ráðstefnumiðstöð Grand hótels, væri fasteignamatið 15,1 milljarður.

Í álitsgerðinni segir jafnframt að ekki sé aðeins hægt að horfa til byggingarkostnaðar við Hörpu sjálfa. Hann sé mjög hár vegna hrunsins. Upphaflega hafi verið gert ráð fyrir um 12 milljörðum, en Þjóðskrá meti hann nú á 28 milljarða. Því sé ekki hægt að horfa aðeins á hann heldur verði að horfa til byggingarkostnaðar sambærilegra eigna.

Fasteignagjöld Hörpu fyrir 2012 námu tæplega 340 milljónum króna. Umtalsverð lækkun á fasteignamati gæti því þýtt tugi eða hundruð milljóna króna lægri fasteignagjöld. **kolbeinn@frettabladid.is**

Samfylkingin

**Minnum á að rafræn kosning Samfylkingarinnar í Kraganum er hafin og lýkur klukkan 17. laugardaginn 10 nóv. nánari upplýsingar á samfylkingin.is**



**Amal Tamimi**
3.-4. sæti



**Anna Sigríður Guðnadóttir**
3.-4. sæti



**Árni Páll Árnason**
1. sæti



**Geir Guðbrandsson**
5. sæti



**Katrín Júlíusdóttir**
1. sæti



**Lúðvík Geirsson**
2. sæti



**Magnús Orri Schram**
2.-3. sæti



**Margrét Gauja Magnúsdóttir**
3.-4. sæti



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
3.-4. sæti



**Stefán Rafn Sigurbjörnsson**
3.-5. sæti

Kjörstaðir verða einnig opnir á laugardaginn frá 10 -17 á eftirtöldum stöðum:

**Lyngási 9 Garðabæ, Strandgötu 43 Hafnarfirði, Hamraborg 11 Kópavogi, Hlégarði Mosfellsbæ, Eiðistorgi Seltjarnarnesi hliðarsal bókasafnsins annarri hæð.**

**Stjórn Kjördæmisráðs**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á
vernd gegn ofbeldi?

Ríkinu var heimilt að skerða fjárframlög til Sólheima árið 2009:

# Hæstiréttur hafnaði kröfu Sólheima

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkinu var heimilt að skerða fjárframlög til Sólheima í Grímsnesi í fjárlögum árið 2009. Hæstiréttur kvað í gær upp dóm í máli Sólheima gegn ríkinu og sneri við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í júlí í fyrra.

Forsaga málsins er sú að Sólheimar höfðuðu mál á hendur ríkinu þar sem stofnunin taldi 4% skerðingu sem varð á fjárframlögum til hennar í fjárlögum ársins 2009 ólögmæta. Stofnunin hafði áður gert þjónustusamning við ríkið sem kvað á um að tiltekin upphæð yrði veitt til starfseminnar á hverju ári frá 2004 til loka árs 2008.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Alþingi hefði haft vald til að ákveða fjárveitingu til Sólheima og að Sólheimar gætu ekki byggt rétt til frekari fjárveitingar á útrunnum samningi. Ríkið var því sýknað af kröfum Sólheima sem voru auk þess dæmdir til að greiða allan málskostnað.

Héraðsdómur hafði hins vegar talið að ríkið hefði vanefnt þjónustusamninginn. **- mþl**




**SÓLHEIMAR** Sólheimar töldu að ríkinu hefði verið óheimilt að skerða fjárframlög til sín vegna þjónustusamnings. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# GÓÐ VIKA Í HVÍTA HÚSINU

Við óskum Marel innilega til hamingju með titilinn Markaðsfyrirtæki ársins 2012 og MS með að vera í hópi þriggja bestu. Auglýsingastofum finnst fátt skemmtilegra en að sjá viðskiptavini sína ná árangri.

**Það er gaman að vinna með þeim bestu**

HVÍTA HÚSIÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




**Uppbyggileg fræðsla - hátíðleg athöfn**

Kynningarfundur - laugardaginn 10. nóvember kl. 11:00 - 12:00
í sal 1 í Háskólabíói.

SIÐMENNT

Skráning í fullum gangi á www.sidmennt.is • Upplýsingar í síma 557 3734 og 844 9211



**Kæra Sjálfstæðisfólk!**

*Ég og stuðningsmenn mínir bjóðum ykkur velkomin á opnun kosningaskrifstofu minnar að Borgartúni 12-14 á morgun, laugardag, kl. 16. Allir velkomnir. Léttar veitingar og lifandi tónlist. Sjáumst.*

**Brynjar Níelsson,**
**hæstaréttarlögmaður.**



BRYNJAR NÍELSSON í 3. sæti
í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 24. nóvember 2012



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

UMDEILDIR PISTLAR

vísir - oft á dag


Tveggja ára níðingsdómur ómerktur í Hæstarétti:

# Ákæran ekki þýdd

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ómerkti í gær tveggja ára fangelsisdóm yfir manni sem Héraðsdómur Vesturlands hafði kveðið upp yfir manni fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum. Grundvallargögn í málinu voru ekki þýdd yfir á móðurmál mannsins.

Maðurinn er frá Palestínu og krafðist ómerkingar dómsins meðal annars vegna þess að hann hann hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Túlkur sem honum var útvegaður hafi talað annað afbrigði arabísku en hann og hann því illa skilið hann við meðferð málsins fyrir dómi. Þeirri röksemd vísar Hæstiréttur á bug.

Hæstiréttur ómerkir hins vegar dóminn vegna þess að ekki verði séð að grundvallargögn í málinu, til dæmis ákæran sjálf, hafi verið þýdd fyrir manninn, né hafi túlkurinn þýtt hana orðrétt fyrir honum við þingfestingu málsins. Skýrslur brotaþola og vitna hafi ekki heldur verið þýddar.

Héraðsdómi er gert að bæta úr þessu og rétta í málinu aftur. **- sh**



**KASTAR KVEÐJU Á FÉLAGANA** Hinn aldni Jiang Zemin, sem var leiðtogi Kína árin 1989 til 2002, mætti á átjánda flokksþing kínverska Kommúnistaflokksins, sem hófst í gær og stendur í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hu hvetur til atlögu gegn spillingunni

**Að venju er mikið um dýrðir í Höll alþýðunnar í Peking þegar landsþing Kommúnistaflokks Kína er haldið. Átjánda þingið frá upphafi hófst í gær.**

**KÍNA, AP** Leiðtogar kínverska Kommúnistaflokksins leggja áherslu á að vinna gegn spillingu ráðamanna, sem virðist hafa grafið eitthvað undan tiltrú landsmanna til flokksins undanfarið.

„Enginn er yfir lögin hafinn,“ sagði Hu Jintao, leiðtogi flokksins, í ræðu sinni á 18. landsþingi flokksins sem hófst í Peking í gær. „Ef okkur ferst ekki vel við að takast á við þetta mál, þá gæti það reynst flokknum örlagaríkt, og jafnvel leitt af sér hrun flokksins og fall ríkisins.“

Á landsþinginu, sem stendur í viku, lætur Hu af embætti sem aðalritari Kommúnistaflokksins. Við tekur Xi Jinping, sem lengi hefur verið háttsettur í flokknum. Í mars á næsta ári er svo ráðgert að Xi taki við af Hu sem forseti Kína.

Fleiri mannabreytingar eru fyrirhugaðar á þessu þingi. Meðal annars taka nýir menn við í níu manna fastanefnd framkvæmdastjórnar flokksins, einni valdamestu stofnun flokksins.

Landsþing flokksins eru haldin á fimm ára fresti, og þá er öllu tjaldað til. Farið er yfir starf síðustu fimm ára og næstu ár skipulögð.

Nokkur ólga hefur verið í kínversku samfélagi síðustu árin og gagnrýni á spillta ráðamenn víða í borgum og bæjum landsins verið óvenju opinská.

**82** milljónir manna voru skráðir félagar í kínverska Kommúnistaflokknum í lok síðasta árs. Um 2.200 þeirra taka þátt í 18. landsþingi flokksins.

Merki sáust um óánægju landsmanna meðal annars í gær þegar konu einni tókst að kasta pappírstætlum upp í loftið á Tiananmentorgi í Peking, rétt fyrir utan Höll alþýðunnar í Peking þar sem landsþing flokksins er haldið. Um leið hrópaði konan: „Bófar og ræningjar“, eins og algengt er að gera þegar spilltir ráðamenn sveitarfélaga eru gagnrýndir.

Hneykslismál meðal ráðamanna hafa verið óvenju áberandi þetta árið, í aðdraganda þessa flokksþings. Þannig var Bo Xilai, einn æðstu ráðamanna flokksins, rekinn úr flokknum og öllum embættum í kjölfar þess að eiginkona hans var dæmd fyrir að myrða breskan kaupsýslumann fyrr á árinu.

Þessi hneykslismál virðast hafa veikt stöðu Hus nokkuð, bæði innan flokks og út á við. Hann leggur því alla áherslu á að bæta ímynd sína, meðal annars með því að hvetja félaga sína til að ráðast gegn atlögu gegn spillingunni.

gudsteinn@frettabladid.is

markhonnun.is

# nettó

Kræsingar & kostakjör

## LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR

**31% AFSLÁTTUR**




**1.793**

ÁÐUR 2.598 KR/KG

# ER KOMINN **JÓLAHUGUR** Í ÞIG?

GRAFINN EÐA REYKTUR LAX
1/2 FLAK

**1.998**

ÁÐUR 2.498 KR/KG



LAUFABRAUÐ
8 STK

**994**

ÁÐUR 1.198 KR/PK



GRÍSA-RIFJABITAR

**50% AFSLÁTTUR**

**749**

ÁÐUR 1.498 KR/KG




NÝBAKAÐ TILBOÐ

KLEINUR
BAKAÐAR Á STAÐNUM*

**85**

ÁÐUR 169 KR/STK

**50% AFSLÁTTUR**



*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

ÍSBLÓM
4 STK/PK

**25% AFSLÁTTUR**

CAPPUCCINO
JARÐARBERJA
KARAMELLU
PIPARMINTA
SYKURLAUS
DAIM
BERJA




**Tilboðin gilda 8. - 11. nóv.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**BÚA SIG UNDIR LJÓSAHÁTÍÐ** Listakona í Hyderabad á Indlandi málar leirker til að nota á ljósahátíðinni í næstu viku. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherra segir brýna þörf á samvinnu um markaðsátak í sjávarútvegi:

# Stjórnvöld bjóða markaðsátak

**SJÁVARÚTVEGUR** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði í ræðu á Sjávarútvegsráðstefnunni í gær að aldrei hefði verið jafnbrýn þörf á sérstöku markaðsátaki fyrir sjávarafurðir frá Íslandi á mörkuðum erlendis. Hann lýsti yfir vilja sínum og atvinnuvegaráðherra til að standa að sameiginlegu átaki stjórnvalda og sjávarútvegsins og benti á samstarf ríkisstjórnar og ferðaþjónustu gegnum Inspired by Iceland sem fordæmi.

Össur benti á að aukin þorskgengd í Barentshafi hefði gert Norðmönnum og Rússum kleift að auka



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

kvóta sinn sem nemur meira en öllum þorskafla á Íslandi. „Þetta þýðir það eitt að við getum gert ráð fyrir miklu harðari samkeppni á mörkuðum en við höfum átt í áður," sagði Össur og að eina leiðin til að bregðast við væri með stóraukinni markaðssókn. „Sennilega hefur aldrei verið jafnmikil þörf og nú á skipulögðu átaki fyrir íslenskan sjávarútveg á mörkuðum erlendis," sagði Össur.

Utanríkisráðherra sagði að til að halda í við Norðmenn í markaðsmálum þyrftu Íslendingar að verja 5-600 milljónum króna á ári í 30-40 markaðsverkefni á ári tengd sjávarútvegi.

Össur sagði fullan vilja til að „taka höndum saman með greininni og sveifla okkur saman í öflugt markaðsátak fyrir íslenskan sjávarútveg". Sú skoðun hans átti breiðan samhljóm meðal annarra sem tóku til máls á ráðstefnunni í gær. **- shá**

Gjald á heimilissorp:

# Ruslið í tunnu nágrannans

**SVÍÞJÓÐ** Eftir að húseigendum í Stokkhólmi var gert að greiða gjald eftir þyngd heimilissorps fleygja fleiri en áður því í ruslatunnur á almannafæri eða hjá nágrannanum. Einn poki fyllir tunnu á almannafæri, sem fyrir vikið nýtist ekki sem skyldi.

Haft er eftir upplýsingafulltrúa Avfall Sverige á vef Metro að þetta sé í raun bara vandamál fyrst eftir að gjaldið er sett á. Menn átti sig fljótt á að gjaldið sé það lágt að ekki borgi sig að fara langar leiðir með ruslið. **- ibs**



**BRJÓSTAPÚÐI** Talið er að um 400 konur hér á landi hafi verið með PIP-púða. NORDICPHOTOS/AFP

Færri aðgerðir en talið var:

# 30 milljónir vegna PIP-púða

**HEILBRIGÐISMÁL Meirihluti fjárlaganefndar leggur til að Landspítalinn fái 30 milljónir króna aukalega á fjáraukalögum til þess að mæta kostnaði við að fjarlægja PIP-brjóstapúða.**

**Þegar hafa 42 milljónir verið greiddar vegna 102 aðgerða sem gerðar voru frá febrúar og fram í september. Nú hefur dregið mjög úr umsóknum um aðgerðir til að fjarlægja púðana og þykir því líklegt að aðgerðirnar verði færri en upphaflega var talið. Þó er miðað við að allt að fimmtíu konur í viðbót sæki eftir aðgerð.** **- þeb**

**ORKUMÁL**

## Tryggja heitavatnsleiðsluna

Orkuveitan hefur í vikunni unnið að viðgerð á bilunargjörnum kafla á heitavatnslögninni frá Deildartunguhver. Vegna þessa hafa verið truflanir á heitavatnsmiðlun á Akranesi, í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit. Jón Pálmi Pálsson, bæjarstjóri á Akranesi, segir fagnaðarefni að heitavatnslögnin sé treyst fyrir veturinn.

# Gott tækifæri fyrir nýliða í vígi Sjálfstæðisflokksins

**Allar líkur eru á að Sjálfstæðisflokkurinn bæti umtalsverðu fylgi við sig í Suðvesturkjördæmi. Þrír til fjórir nýir þingmenn gætu náð kjöri. Þátttaka í prófkjörinu um helgina segir til um hver styrkur flokksins er.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hver er staðan í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi?

**14.800**

eru á kjörskrá fyrir prófkjörið.

Sjálfstæðismenn í Kraganum kjósa um það á laugardag hvernig listi þeirra verður skipaður fyrir næstu alþingiskosningar. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, er talinn öruggur í fyrsta sætið. Meiri spenna ríkir um næstu sæti.

Suðvesturkjördæmi hefur lengi verið sterkt vígi Sjálfstæðisflokksins, en hann fékk skell þar í síðustu kosningum líkt og annars staðar. Árið 2007 fékk flokkurinn 42,6 prósent atkvæða og var það eina kjördæmið þar sem fylgið fór yfir 40 prósent. Tveimur árum síðar fékk hann 27,6% fylgi. Það er yfir landsfylginu, sem var 23,7 prósent, og Kraginn var áfram sterkasta kjördæmi Sjálfstæðisflokksins.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Kannanir sýna að flokkurinn hefur að nokkru náð sínum fyrri styrk og hann mun bæta verulega við sig fylgi í Suðvesturkjördæmi. Í ofanálag fær kjördæmið þrettánda þingmanninn, en vegna breytinga á fólksfjölda færist einn þingmaður frá Norðvestur- til Suðvesturkjördæmis.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir gefur ekki kost á sér, en hinir þrír þingmenn flokksins, Bjarni, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Jón Gunnarsson, gera það allir. Ekki er óvarlegt að ætla að flokkurinn nái sex þingmönnum, á góðum degi gæti sá sjöundi bæst við. Því eru þrjú til fjögur þingsæti á lausu, þrátt fyrir að þingmenn næðu allir endurkjöri.

Tveir eru í framboði til fyrsta sætis; Bjarni og Ragnar Önundarson. Samkvæmt heimildarmönnum blaðsins er Bjarni öruggur með efsta sætið, en hann verður að vinna sannfærandi sigur sem formaður flokksins. Nú reynir á hvort þau mál á viðskiptasviðinu sem Bjarni hefur verið tengdur við hafa áhrif á fylgi hans.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Jón Gunnarsson tókust á um þriðja sætið síðast og hafði Ragnheiður betur. Líklega verður mjótt á mununum hjá þeim núna.

Heimildarmenn blaðsins telja að slagurinn um næstu sæti standi á milli Óla Björns Kárasonar, Elínar Hirst, Sigurlaugar Önnu Jóhannsdóttur, Bryndísar Loftsdóttur, Karenar Elísabetar Halldórsdóttur og Friðjóns R. Friðjónssonar. Þá gæti Vilhjálmur Bjarnason blandað sér í þann slag.

**kolbeinn@frettabladid.is**




KORT/WIKIPEDIA

## Sextán eru í framboði

Bjarni Benediktsson, Bryndís Loftsdóttir, Elín Hirst, Friðjón R. Friðjónsson, Gunnlaugur Snær Ólafsson, Jón Gunnarsson, Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kjartan Örn Sigurðsson, Óli Björn Kárason, Ragnar Önundarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Sveinn Halldórsson, Sævar Már Gústafsson, Vilhjálmur Bjarnason og Þorgerður María Halldórsdóttir.


www.volkswagen.is




Volkswagen Polo

**Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km***

Þarfir okkar eru misjafnar og við leitum leiða til þess að uppfylla þær. Volkswagen Polo er öruggur, hagkvæmur og þægilegur bíll sem mætir þínum þörfum fullkomlega.

Komdu og reynsluaktu nýjum Volkswagen Polo í dag.

**Polo kostar aðeins frá**

**2.350.000 kr.**

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

**29.898 kr. á mánuði** miðað við Volkswagen Polo Trendline 1,2 TDI beinskiptan og óverðtryggðan bílasamning með gullvildarkjörum frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 11,25%.

ergo

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

**20-70% afsláttur**

**8.-10. nóvember**

# LAGERÚTSALA

## Rýmum fyrir nýjum vörum



Allt að **50%** af heilsudýnum





**Fyrstir koma fyrstir fá**

**Takmarkað magn**

## Tilboðsverð á Valhöll heilsudýnum*

*aðeins meðan birgðir endast

| Stærð | Dýnuverð | Verð áður | Tilboðsverð með PU botni og fótum |
|---|---|---|---|
| 80x200 | 29,900 | 69,900 | 64,900 |
| 90x200 | 34,900 | 74,900 | 66,900 |
| 120x200 | 44,900 | 89,900 | 79,900 |
| 140x200 | 49,900 | 94,900 | 84,900 |
| 153x200 | 49,900 | 99,900 | 89,900* |

*Örfá eintök



**Sýningareintök**
af Boas hægindasófum
og stólum á tilboði
Aðeins örfá eintök



**Frábært tilboð**
á Milano svefnsófanum
í gráu og dökkbrúnu
Aðeins nokkrir til

**30%** afsláttur af lökum og hlífðardýnum á meðan útsölu stendur




**Klettháls 13**

**Sími lagerútsölunnar**

**er 660 0023**

www.svefn.is

**Svefn & heilsa**

**fimmtud. 8. nóv. 12-18**
**föstud. 9. nóv. 12-18**
**laugard. 10. nóv. 12-16**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**MOTTA Á CAMERON** Í tilefni af mottunóvember, sem haldinn er víða um heim, var sett yfirvararskegg á vaxmynd af David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, á safni Madame Tussauds í London. NORDICPHOTOS/AFP

Vísindamenn hafa rannsakað tvo hvali sem rak á land við Nýja-Sjáland árið 2010:

# Einn fágætasti hvalur heims sást í fyrsta sinn

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Vísindamenn hafa komist að því að tveir hvalir, sem rak á strönd við Nýja-Sjáland á gamlárskvöld árið 2010, hafi verið af einni fágætustu hvalategund heims.

Í fyrstu var talið að hvalirnir, fimm metra langt kvendýr og þriggja metra langur kálfur hennar, væru af annarri tegund andarnefja, sem algeng er í Suðurhöfum. Þeir voru því urðaðir við fyrsta tækifæri.

Það var ekki fyrr en sýni, sem tekin höfðu verið úr þeim, höfðu verið rannsökuð af vísindamönnum sem í ljós kom að þarna hefði verið blaðtennt andarnefja á ferðinni, en sú hvalategund hefur aldrei sést á lífi.

Tvisvar áður hafa fundist beinagrindur af þessari hvalategund, en sáralítið er vitað um lifnaðarhætti hennar annað en að hún hefst við á miklu dýpi í Suður-Kyrrahafi og nærist einkum á smokkfiski.

„Þetta er býsna stórkostlegt,“ segir Ewan Fordyce, prófessor við Otago-háskólann á Nýja-Sjálandi. „Fáar, ef nokkrar, tegundir spendýra á jörðunni eru fágætari en þessi.“



**HVALREKI Á NÝJA-SJÁLANDI** Árið 2010 áttuðu menn sig ekki á að þarna væri komin ein fágætasta hvalategund heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftir að rannsóknir á sýnunum höfðu leitt í ljós sannleikann, fóru vísindamenn á staðinn til að grafa upp leifar dýranna. Frekari rannsóknir hafa síðan staðfest að þarna er þessi fágæta hvaltegund á ferðinni.

- gb


**MATVÍS félagar**

MATVÍS

**Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn 13. nóvember næstkomandi, kl. 17.00 á Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmeginn.**




**LANDEYJAHÖFN** Stjórnvöld munu fjárfesta í Landeyjahöfn og Herjólfi fyrir 640 milljónir króna árið 2013. Upphaflega var gert ráð fyrir einum milljarði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 1.640 milljónir í Landeyjahöfn og fangelsi

**Veiðigjald, leigutekjur og arðgreiðslur standa undir rúmlega 10 milljarða fjárfestingu á næsta ári. Það er sex milljörðum lægra en gert hafði verið ráð fyrir.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig miðar fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar?

Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra tilkynnti í gær hvernig fjárfestingum ríkisstjórnarinnar yrði háttað á næsta ári. Fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013 til 2015 var kynnt í maí. Samkvæmt henni átti að fjárfesta fyrir 16,4 milljarða árið 2013, en þeir verða 10,3.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Á fjárlögum er gert ráð fyrir 4,2 milljörðum í fjárfestingar, en sú upphæð kemur í gegnum veiðigjald. Á fundinum í gær kynnti Katrín áætlanir um fjárfestingar fyrir rúmlega sex milljarða króna sem fá viðbótarframlag á fjárlögum. Með því á að skapa störf, efla fjárfestingu og vaxandi atvinnugreinar.

„Þessi nýju verkefni koma til viðbótar fjármagni til samgöngubóta, nýsköpunar- og rannsóknasjóða og sóknaráætlana landshluta sem veitt var í fjárfestingaáætlun í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi og fjármagnað var með tekjum af veiðigjöldum. Alls verður því yfir tíu milljörðum króna varið til verkefna á árinu 2013, í samræmi við fjárfestingaáætlun fyrir Ísland,“ segir í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

Þetta er reyndar ekki alveg í samræmi við áætlunina, því eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er upphæðin umtalsvert lægri en gert var ráð fyrir þar. Raunar er hún enn lægri en blaðið greindi frá, því það sem verður fjármagnað með arði og eignasölu nemur 6,1 milljarði, en ekki 6,2. Þá er heildarupphæðin ekki 10,7 milljarðar, líkt og blaðið greindi frá, heldur 10,3 milljarðar.

Fjármögnun verkefnanna er tvíþætt; annars vegar stendur veiðileyfagjald undir verkefnum á sviði samgangna og rannsóknar/þróunar og hins vegar stendur arður og eignasala undir eflingu vaxtagreina.

Ekki verða settir tveir milljarðar í fjármögnun Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða. „Málefni Íbúðalánasjóðs og þörf fyrir aukið eigið fé eru til sérstakrar skoðunar og verður horft til uppbyggingar leiguíbúða í því samhengi,“ segir í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

kolbeinn@frettabladid.is

**Lækkun um 6 milljarða frá kynningu áætlunar***

| | Upphafleg áætlun | Framlög |
|---|---|---|
| **Fjármögnuð m/veiðigjaldi og leigutekjum** | **5.700** | **4.200** |
| Samgönguframkvæmdir | 2.500 | 2.500 |
| Rannsóknar- og tækniþróunarsjóður | 2.000 | 1.300 |
| Sóknaráætlun landshluta | 1.200 | 400** |
| **Fjármagnað með arði og eignasölu (nýjar frkv.)** | **10.695** | **6.130** |
| ***Fasteignir*** | ***7.057*** | ***3.430*** |
| Fangelsi | 1.000 | 1.000 |
| Hús íslenskra fræða | 800 | 800 |
| Herjólfur/Landeyjahöfn | 1.000 | 640 |
| Náttúruminjasafn/sýning | 500 | 500 |
| Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri | 0 | 290 |
| Húsverndarsjóður | 200 | 200 |
| Háskólinn á Akureyri | 57 | 0 |
| Húsafriðunarsjóður | 200 | 0 |
| Leiguíbúðir, framlag í eigið fé Íbúðalánasjóðs | 2.000 | 0 |
| ***Græna hagkerfið*** | ***1.950*** | ***1.030*** |
| Grænn fjárfestingasjóður | 1.000 | 500 |
| Græna hagkerfið og grænkun fyrirtækja | 500 | 280 |
| Græn skref og vistvæn innkaup | 200 | 50 |
| Orkuskipti í skipum | 200 | 50 |
| ***Skapandi greinar*** | ***938*** | ***920*** |
| Kvikmyndasjóður | 488 | 470 |
| Verkefnasjóðir skapandi greina | 250 | 250 |
| Netríkið Ísland | 200 | 200 |
| ***Ferðaþjónusta*** | ***750*** | ***750*** |
| Uppbygging ferðamannastaða | 500 | 500 |
| Innviðir friðlýstra svæða | 250 | 250 |
| **Samtals fjármagnað m/veiðigjaldi, leigutekjum, arði og eignasölu:** | 16.395 | 10.330 |

*Í milljónum króna

**Gert var ráð fyrir að sóknaráætlanir yrðu fjármagnaðar af leigutekjum aflaheimilda á kvótaþingi. Frumvarp um breytt fiskveiðistjórnunarkerfi hefur ekki verið afgreitt.


Þarftu að innleiða

**örgjörvaposa?**

Með því að taka í notkun örgjörvaposa sem snúa að viðskiptavinum og tengja þá við afgreiðslukerfið frá Advania takmarkar fyrirtækið rekstraráhættu tengda kortaviðskiptum.



Advania á tilbúnar posalausnir og aðstoðar við innleiðingu á örgjörvaposum.

**Nánari upplýsingar á www.advania.is/pinnid eða í síma 440 9428.**

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000

advania Welcome to IT

DELL Latitude E5430

**Öflugur vinnuhestur**

á góðu verði



Styrkt umgjörð tölvunnar hentar vel fólki á ferðinni.

Listaverð ~~239.990~~ kr. stk.

1-9 tölvur 159.900 kr. stk.

10+ tölvur 149.900 kr. stk.

**Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is**

Öll verð eru með vsk.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000

advania Welcome to IT

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

**FIMM ÚTVARPSSTÖÐVAR Í BEINNI**

vísir - oft á dag

# Þar sem gæðavörur kosta minna

## Í BAUHAUS er úrvalið...yfir 1000 gerðir af inni- og útiljósum.





**BRENDA LOFTLJÓS**
Hvítlakkað málmljós.
E27 - Max 100 wött.
**11.590:-**



HALO TECH DESIGN

**SPIKE LJÓSAKRÓNA**
Burstað stál með hvítu gleri.
8 armar. 8 x 25 watt.
**12.995:-**



**FUNK PERA**
Ljósapera fyrir Funk.
E27 - 13 wött.
**2.295:-**

– bright life
nordlux®

**FUNK JUBI ÚTGÁFA**
Glæsileg nýtískuleg ljós með upphengi sem fæst í 4 flottum litum.
Pera 1 x E27 - Max 25 W.
Hæð 23 cm. Breidd 16 cm.
Pera fylgir ekki.
**9.995:-!**

## Við erum einnig með hvorki meira né minna en 190 gerðir af gólfefnum.





LOGOCLIC®

**XPS PARKET UNDIRLAG**
2,2 cm á þykkt.
Breidd 1,1 m. Rúllan er 16,5 m².. Verð pr. rúlla:
**2.795:-**



Room of your Dreams
PARADOR

**PARKETT AKTION EIK RÚSTIK**
Eik 3ja stafa. Þykkt 13 mm.
Plankastærð 185 x 220 m.
Verð pr. m²
**2.995:-**



**LOC PLASTPARKET**
Hlynur, 7 mm þykkt. Stærð 1382 x 195 mm. Auðvelt að leggja og krefst ekki að notað sé lím.
**1.095:-!**

Auglýst verð gildir frá föstudeginum 9. nóvember til og með sunnudagsins 11. nóvember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
198 KR.
398 KR.
LAMBHAGASALAT Í POTTI 198 KR.
LAMBHAGA SALATBLANDA Í BOXI 398 KR.
249 KR.
249 KR.
AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR 198 KR
BARILLA SPAGHETTI I KG. 249 KR.
BARILLA FUSILLI I KG. 249 KR.
198 KR.
BESTU KAUPIN
Í KJÚKLINGABRINGUM
Í BÓNUS
KYCKLINGFILÉ
FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
159 KR.KG
ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE
UPPSKRIFT;
WWW.BONUS.IS/UPPSKRIFTIR
COLGATE TANNKREM
2 X 75 ML TÚPUR
398 KR.
DÖÐLUR
498 KR.
HEIMA FERSKAR DÖÐLUR 600 GR NÝ UPPSKERA
BÓNUS 2 LTR. VATN:
SÍTRÓNU OG HREINT
149 KR.
SMJÖRLÍKI
179 KR.
HEIMA SMJÖRLÍKI 500 GR
WHEAT FLOUR
98 KR.
EUROSHOPPER HVEITI I KG.
698 KR.
HEIMA MÖNDLUR 500 GR
VERTU VIÐBÚINN
VETRINUM
RÚÐU-VÖKVI
5 LTR. RÚÐUVÖKVI
ÞOLIR 9 GRÁÐU FROST
498 KR.
398 KR.
LÍFRÆNT SPELT I KG.
GRÓFT OG FÍNT
FÍNT KÓKOSMJÖL
298 KR.
HEIMA KÓKOSMJÖL 500 GR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNUM KL.10
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1398 KR. KG
KF FERSKT JURTAKRYDDAÐ HEIÐALAMB
BÓNUS
HAMBORGAR HRYGGUR
1279 KR. KG
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
798 KR. KG
SS REYKT FOLALDAKJÖT
1398 KR. KG
SS SALTAÐIR LAMBALEGGIR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTASNITSEL
NV FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
1795 KR.KG
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
NAUTA Veisla
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
NV FERSKT NAUTGRIPAPIPARSTEIK
1998 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
NV FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
1795 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
NV FERSKT NAUTGRIPAHAKK
1295 KR.KG
ÚRB. HANGILÆRI
2798 KR
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1798 KR
NAUTA Veisla
NV FERSKT NAUTGRIPA MÍNÚTUSTEIK
1998 KR.KG
ÓDÝRT KAFFI Í BÓNUS
AÐEINS 10 KR. KAFFIBOLLINN
BÓNUS KAFFI
COFFEE PODS REGULAR
BÓNUS KAFFI 500g
398 KR.
EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR 36 stk.
359 KR.
BASMATI HRÍSGRJÓN
259 KR. PK
HEIMA BASMATI HRÍSGRJÓN
5 X 100 GR
jarðarber
459 KR. 1.2 KG
FROSIN JARÐARBER
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
HEIMA
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
750 GR
598 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Val um sérskóla eða almennan skóla:

## Góð stefna verði ekki vond kredda

Ríkjandi stefna menntamálayfirvalda um skóla án aðgreiningar er enn á ný í brennidepli, að þessu sinni vegna staðfestingar menntamálaráðuneytisins á ákvörðun skólastjórnenda í Klettaskóla í Reykjavík um að synja þroskahömluðum dreng úr Kópavogi um skólavist.

Rökin fyrir þeirri synjun voru annars vegar að foreldrarnir hefðu farið rangt að við umsóknina og átt að beina henni að eigin sveitarfélagi, sem síðan hefði átt að semja við Reykjavíkurborg, og hins vegar að drengurinn væri ekki með nógu mikla þroskahömlun til að uppfylla inntökuskilyrði skólans. Seinni röksemdin er sú sem hart hefur verið deilt um undanfarin ár.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Stefnan um skóla án aðgreiningar á sér um tuttugu ára sögu og byggir meðal annars á baráttu foreldra fatlaðra barna fyrir rétti þeirra til að njóta skólagöngu í almennum skóla með jafnöldrum sínum og fá þar nauðsynlega aðstoð, í stað þess að vera greind frá hinum í sérdeildum eða sérskólum. Hún er líka í samræmi við margvíslega mannréttindasáttmála, sem Ísland hefur undirritað.

Óhætt er að fullyrða að þessi stefna hefur gagnvart miklum meirihluta nemenda með fötlun eða þroskafrávik skilað góðum árangri. En það eru líka til dæmi um að hún hefur alls ekki virkað. Foreldrar barna sem ekki hafa notið sín í almennum skóla, þrátt fyrir ýmsa aðstoð, hafa deilt hart á stefnu menntamálayfirvalda, meðal annars í viðtölum og greinum hér í Fréttablaðinu.

Þrátt fyrir stefnuna um skóla án aðgreiningar hafa sérskólar áfram verið til. Fyrir nokkrum árum voru inntökuskilyrðin í Öskjuhlíðarskóla, sem nú hefur runnið inn í Klettaskóla, þrengd þannig að hann varð eingöngu fyrir mikið þroskaskert eða fjölfötluð börn. Það er ekki sízt þessi breyting sem er gagnrýnd, á þeirri forsendu að hún hafi búið til hóp sem líður illa í almennum skóla og einangrast frá jafnöldrunum, en á þess heldur ekki kost að ganga í sérskóla.

Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, skrifaði grein hér í blaðið fyrir nokkrum vikum og benti á að foreldrar fatlaðra og þroskahamlaðra barna létu yfirleitt á það reyna hvort barnið þeirra gæti gengið í sinn heimaskóla. Þegar það gengi ekki vel, væri ekki um margt að velja og það væru oftast þung spor að sækja um í sérskóla. Það breytir ekki því að það er mat margra foreldra að það sé betri kostur fyrir börn þeirra. Og yfirleitt eru það foreldrarnir sem vita hvað er barni þeirra fyrir beztu. Það er að minnsta kosti sérkennilegt að þrengt sé að valkostum þeirra með áðurgreindum hætti.

Kristín Guðmundsdóttir, foreldri fatlaðs barns, skrifaði í Fréttablaðið í fyrradag og spurði: „Fyrir hvern eða hverja er þessi stefna og hversu langt má hún ganga?“

Það er gild spurning. Stefna menntamálayfirvalda á að sjálfsögðu að vera að gera það sem hverju barni er fyrir beztu. Stefnan um skóla án aðgreiningar hentar flestum, en ekki öllum. Góð stefna má ekki verða kredda, sem gerir að verkum að foreldrar séu sviptir valfrelsinu um skóla sem þeir telja henta þörfum barnanna sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Til sölu glæsilegt heilsárshús við Sogsbakka**

í Grímsnes- og Grafningshreppi. Eignin er á 6 þús fm eignarlandi á glæsilega kjarri vaxinni lóð með góðu útsýni. Um er að ræða sumarhús sem er skráð 116 fm Stór sólpallur. Steypt plata með hitalögn. Hitaveita, heitur pottur. Stutt er til þekktra staða á Suðurlandi. Stutt er í veiði, sundlaug, golfvöll, íþróttavöll og fallegar gönguleiðir um svæðið .Innréttað með Lúxus húsbúnaði og húsgögnum sem getur selst með. Verð 34 millj.





Sjá nánar á eftirfarandi link:
http://www.privateaccommodation.is/lodges-resorts-in-iceland/sogsbakki-lodge/pictures/

Upplýsingar gefur
Þorgrímur s. 892-1270 og Ólafur s.866-0927

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki falskar væntingar

Stjórnarflokkarnir kynntu í maí fjárfestingaáætlun fyrir árin 2013 til 2015. Til stóð að 39 milljarðar færu í fjárfestingar á tímabilinu, þar af 16,4 á árinu 2013. Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði í Kastljósi sama dag að nú ríkti uppskerutími og fast land væri undir fótum varðandi fjármögnun. „Allir þeir sem tala fyrir auknum fjárfestingum eða nýjum verkefnum eða framlögum til rannsókna, eða hvað það nú er, án þess að benda á hvernig á að fjármagna það, eru í raun að skapa falskar væntingar. Við vildum ekki gera það.“



### Væntingar ekki uppfylltar

Í gær var síðan tilkynnt hvernig fjármununum yrði varið árið 2013. Á þessum fimm og hálfa mánuði sem liðinn er síðan áætlunin var kynnt hefur fjármagnið fyrir það ár dregist saman úr 16,4 í 10,3 milljarða. Væntingarnar voru þá kannski hálffalskar?

### Fordæmin fyrir hendi

Stjórnarflokkarnir eru því búnir að koma sér í þá stöðu að í staðinn fyrir að guma af tíu milljörðum í fjárfestingar árið 2013, sem er nokkuð, þurfa þeir að svara fyrir hvað varð um hina sex sem var lofað. Hvað framhaldið varðar ríkir óvissa, þar sem kjörtímabilinu lýkur í vor. Þarna hefðu menn getað lært af mistökum Umhverfisvina. Ólafur F. Magnússon tilkynnti fyrir þeirra hönd að ná ætti 60 þúsund undirskriftum gegn Fljótsdalsvirkjun. Þegar 45.386 var skilað, sem er nokkuð afrek, þurfti að svara fyrir þær sem vantaði miðað við væntingarnar.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Sigríðarólánið

Fjármál



Jóhann Hauksson

upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar

Sigríður Andersen, sem situr nú á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, ýjar að því í grein í Fréttablaðinu í gær að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafi narrað fjölda fólks til íbúðarkaupa síðustu mánuðina fyrir hrun. Sigríður segir að í lok árs 2007 hafi viðskiptabankarnir verið nær hættir að lána til íbúðakaupa vegna aðsteðjandi þrenginga. „Þá beitti Jóhanna Sigurðardóttir húsnæðismálaráðherra sér hins vegar fyrir auknum útlánaheimildum Íbúðalánasjóðs (ÍLS). Hámarkslán ÍLS voru hækkuð og slakað á kröfum um hámarksveðsetningarhlutfall. Útlán sjóðsins tóku kipp við þessar aðgerðir,“ segir greinarhöfundur.

Ég vil kurteislega benda Sigríði á að Landsdómur sakfelldi þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, á þessu ári fyrir að halda ekki fundi með ríkisstjórninni til að ræða alvarlega stöðu sem við blasti þegar í febrúar árið 2008. Hann ræddi málin áreiðanlega ekki við Jóhönnu sem tók við af honum á stóli forsætisráðherra og hefur haft forystu æ síðan um að endurreisa efnahagslífið. Hún hefur einnig haft forgöngu um bætt verklag á vettvangi ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja að mikilvæg málefni ríkisins hafni ekki í höndum innvígðra og innmúraðra.

Áður en Sigríður reynir aftur að koma höggi á Jóhönnu ætti hún að lesa fréttatilkynningu forsætisráðuneytis Geirs H. Haarde dagsetta í júní 2008: „Mjög hefur hægt á veltu á fasteignamarkaði á yfirstandandi ári. Fasteignamarkaðurinn er mikilvægur hluti af hagkerfinu og veruleg kólnun hans myndi magna efnahagssamdrátt almennt og koma niður á íbúðarkaupendum og íbúðareigendum,“ segir þar.

Aðgerðirnar á miðju árinu 2008 voru eins konar neyðarráðstöfun. Þær voru ræddar í ríkisstjórn að frumkvæði þáverandi forsætisráðherra og Seðlabankinn lagði blessun sína yfir þær. Þær fólust m.a. í nýjum lánaflokkum Íbúðalánasjóðs til að koma í veg fyrir að fasteignamarkaðurinn botnfrysi. Hámarkslán Íbúðalánasjóðs hækkuðu úr 18 í 20 milljónir króna. Áður hafði Jóhanna beitt sér fyrir því að lækka 90% lánshlutfall frá stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks niður í 80%.

Óögnurnar nú má frekar rekja til þess að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur afnámu félagslega íbúðakerfið og húsbréfakerfið og settu íbúðalán á frjálsan markað.

Það er ólán Sigríðar að hafa ekki kynnt sér málið betur áður en hún reiddi til höggs.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nashyrningar í krossaprófi

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Í spurningaspili sem ég spilaði sem krakki kom eftirfarandi spurning ítrekað upp úr bunkanum:

„Hvort sjá nashyrningar eða heyra betur?"

Ég mundi aldrei hvort svarið var og giskaði alltaf rangt. Það tók mig heila menntagöngu að komast að þeirri (hrokafullu) niðurstöðu að það væri spurningin sem væri vitlaus en ekki ég. Ég meina, hver ber saman heyrn og sjón?

Dagleg umræða er full af nashyrningum sem heyra betur en þeir sjá.

„Standa sig betur í stærðfræði en íslensku" var fyrirsögn á frétt í vikunni. Þar var fjallað um árangur nemenda í samræmdum prófum.

Meðaleinkunnir 7. bekkinga í stærðfræði voru víst orðnar hærri en meðaleinkunnir þeirra í íslensku. Sjöundubekkingar reikna því betur en þeir lesa, eða hvað?

Það virðist snúið að bera saman þekkingu í íslensku og stærðfræði. Að gera það með því að líta á meðaleinkunnir í prófum er líklegast hæpið.

Það er auðvelt að gera próf sem allir falla á. Það er líka hægt að gera próf sem flestir fá hátt í. Að meðaleinkunn í einu fagi sé alltaf hærri en í öðru getur sagt margt, til dæmis að kröfurnar séu ekki sambærilegar eða prófin í öðru faginu of létt. En það segir ekki endilega að fólk sé „betra í öðru en hinu".

**Aftur til dýraríkisins**

Kannski er hægt að bera saman sjón tveggja dýra. En hvernig á að bera saman tvö ólík skilningarvit? Í nashyrningaspurningunni hér að ofan var væntanlega átt við „nashyrninga miðað við fólk". Nashyrningar virðast sjá mun verr en fólk en heyra hins vegar vel. Í Trivial Pursuit þeirra nashyrninga væri spurningunni „Hvort sér mannfólk eða heyrir betur?" þannig svarað með „fólk heyrir verr en það sér". Í spurningaspilum annarra dýrategunda gæti þessu verið öfugt farið.

Hér er ekki verið að halda því fram að það sé alltaf tilgangslaust að „bera saman þekkingu" því að í raun sé „allt afstætt". Þótt það sé vissulega snúnara að bera saman enskukunnáttu tveggja einstaklinga en að bera saman þyngd þeirra, en það er ekki þar með sagt að við getum ekki lært neitt á því (eða grætt neitt á því) að reyna það. Með því að líta á alþjóðlegar kannanir eins og PISA má jafnvel færa rök fyrir fullyrðingum á borð við „íslenskir grunnskólanemendur standa sig betur í lesskilningi en í raunvísindum samanborið við grunnskólanemendur annarra landa". Slík niðurstaða getur verið mjög gagnleg. En ekkert af þessu er samt eins og að mæla þyngd, hæð eða líkamshita. Einkunnir eru alltaf háðar mati, þótt menn kunni að nota tugakerfi til að tákna þær.

**Dregið frá fyrir viðleitni**

Í sumum krossaprófum eru dregin frá stig fyrir röng svör. Sú hugmyndafræði er stundum útskýrð á þann hátt að ef það væri ekki gert myndi api að jafnaði fá meira en núll í slíku prófi. En hvað með það?

Sá sem giskar handahófskennt á svör í 4-krossa fjölvalsprófi fær að meðaltali 2,5 – og fellur. Hvert er vandamálið?

Krossapróf eru ekki spilakassar og stig í þeim eru ekki eins og peningar. Gróðinn af prófstigum er ekki „línulegur"; smávægileg breyting á einkunn (t.d. úr 5,0 í 4,5) getur haft mikil áhrif á líf nemenda.

Segjum nú að einhver svari helmingi spurninga á krossaprófi og sé handviss um að þau svör séu rétt. Á sú manneskja að halda áfram ef hún er ekki jafnviss um restina? Ef hún svarar nokkrum spurningum rangt á hún á hættu á að falla. Fall í námskeiði getur þýtt margvíslegt tjón, m.a. fjárhagslegt. Refsingin getur því verið mun meiri en þetta eina stig sem dregið er frá fyrir viðleitni.

Refsistig fyrir ranga krossa bæta við ónauðsynlegri leikjafræði inn í próftökuna, þau draga úr hvata nemenda til að gera sitt besta og þau refsa hinum áhættufælnu. Ég held að það væri betra ef menn hættu alfarið að draga frá fyrir röng svör. Kennarar sem vilja koma í veg fyrir að apar komist á blað í bóklegum prófum gætu þurft að nota aðrar aðferðir við námsmat.

# Snúum vörn í sókn

Menntamál



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Undanfarin ár hafa verið erfið í opinberum rekstri þar sem nánast allir geirar hins opinbera hafa tekið á sig niðurskurð í kjölfar efnahagshrunsins. Framhaldsskólarnir hafa ekki verið undanskildir en þar voru miklar væntingar um aukið fjármagn eftir að ný framhaldsskólalög gengu í gildi árið 2008. Þeir fjármunir skiluðu sér ekki heldur þurftu skólarnir að skera niður.

Ofan á það bættist að framhaldsskólarnir hafa tekið við fleiri nemendum en nokkru sinni fyrr undir merkjum átaksins Nám er vinnandi vegur þar sem atvinnuleitendum hefur verið boðið nám við hæfi. Þetta átak hefur þegar skilað markverðum árangri og leiðir okkur vonandi nær því markmiði að hlutfall þeirra sem hafa lokið námi í framhaldsskóla hækki og brottfall minnki.

Nú þegar við nálgumst jöfnuð í ríkisfjármálum eftir átak síðustu ára verður mögulegt að snúa vörn í sókn. Það á ekki síst við um menntakerfið sem þarf að byggja hægt og bítandi upp að nýju. Þess sér þegar stað í frumvarpi til fjáraukalaga þar sem gert er ráð fyrir aukafjárveitingu til framhaldsskóla og enn fremur er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni til framhaldsskóla fyrir aðra umræðu fjárlagafrumvarps. Ég vona að þetta sýni að nú liggi leiðin upp á við.

Allir hljóta að vera þakklátir framhaldsskólunum sem eins og önnur skólastig hafa staðið það mikla álagspróf sem undanfarin ár hafa verið. Á sama tíma og skorið hefur verið niður og nemendum fjölgað hefur líka verið unnin mikil þróunarvinna innan skólanna sem snýr að innleiðingu nýrra námskráa. Nýlegt samkomulag fjármálaráðuneytis og framhaldsskólakennara sem gerir ráð fyrir aukinni faglegri forystu kennara og þróunarvinnu er lykilatriði til að þessi innleiðing gangi eftir. Þegar

> Nú þegar við nálgumst jöfnuð í ríkisfjármálum eftir átak síðustu ára verður mögulegt að snúa vörn í sókn.

kjör íslenskra kennara eru borin saman við kjör starfssystkina þeirra í nágrannalöndum okkar komum við Íslendingar því miður ekki nægilega vel út. Kjör kennara þarf að bæta og það þarf að haldast í hendur við aukið faglegt sjálfstæði þeirra enda kennarar lykillinn að allri skólaþróun.

Það er von mín að framhaldsskólakennarar samþykki þetta samkomulag og það verði einn liður í að bæta kjör kennara og efla stöðu þeirra sem hlýtur að vera langtímamarkmið allra sem hafa áhuga á skólamálum.

Við stöndum á tímamótum og horfum til framtíðar í íslensku samfélagi. Nú þurfum við að svara hvort við viljum áfram forræðishyggju vinstri manna á öllum sviðum eða sjálfstæði og valfrelsi okkar sjálfra. Það er bjargföst skoðun mín að grunngildi sjálfstæðisstefnunnar eigi nú sem aldrei fyrr brýnt erindi við fólkið í landinu, að stétt með stétt ásamt frumkvæði og frelsi einstaklinga til athafna verði í framtíðinni drifkraftur endureisnar íslensks samfélags.

Öflugt atvinnulíf er forsenda velferðar og menntunar og forsenda þess að við getum tekið á fjárhags – og lánavanda heimila í landinu. Einfalt skattkerfi, valfrelsi í lánamálum, breytingar á verðtryggingu og afnám stimpilgjalda munu skipta okkur öll máli. Við verðum að skapa svigrúm fyrir einstaklinga og fyrirtæki til þess að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem felast í auðlindum, hugviti og framtaksemi þjóðarinnar – til handa bjartri framtíð með fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi á Íslandi.

Ég býð mig fram til þess að vinna af heilindum og heiðarleika í anda sjálfstæðisstefnunnar með hagsmuni heimila og atvinnulífs að leiðarljósi og óska eftir stuðningi ykkar í 2. sæti í prófkjöri þann 10. nóvember n.k.



2.sæti

Ragnheiður Ríkharðsdóttir



Taktu þátt í prófkjörinu og nýttu atkvæðisrétt þinn

Verið hjartanlega velkomin í kosningakaffi
á kjördag að Hlíðarsmára 13, Kópavogi
Opið hús frá kl. 10 til 17

# Verðmætin í velferðinni

Samfélagsmál

Magnús Orri Schram
alþingismaður



Grunnur verðmætasköpunar samfélagsins er lagður í velferðarkerfinu. Hvort sem við lítum til menntunar unga fólksins, rannsóknar í háskólum, eða aðstoðar við þá sem hafa orðið fyrir áföllum, þá gegnir velferðarkerfið lykilhlutverki til að skapa gott samfélag. Fólk vill búa og starfa þar sem velferðarkerfið er sterkt.

## Sterkt samfélag

Við jafnaðarmenn höfum bent á að þau samfélög sem byggð eru á sameiginlegri ábyrgð allra á velferð almennings, hvort sem litið er til almennrar menntunar, jafnvægis í tekjum og eignum, eða uppbyggingar innviða eru jafnframt þau samfélög sem reynast hvað samkeppnishæfust á alþjóðlegum vettvangi.

Þannig farnast þeim ríkjum best, sem geta búið þegnum sínum öryggi og velferð. Þar sem jöfnuður er ríkjandi meðal íbúa eru félagsleg vandamál færri, ofbeldi er minna, félagslegur hreyfanleiki er meiri og almennt heilsufar og lífslíkur mun betri. Samheldni og samstaða íbúa er meiri.

## Hlífum tekjulágum

Við endurreisn ríkissjóðs hafa jafnaðarmenn freistað þess að stíga varlega til jarðar gagnvart þeim sem hafa úr minni fjármunum að spila en leitað til þeirra sem hafa breiðustu bökin. Þannig leiddu breytingar á tekjuskatti einstaklinga til þess að tekjuskattur lækkaði hjá 60% einstaklinga – þeirra sem eru með lægri tekjurnar. Alls greiða 85 þúsund manns lægra hlutfall af tekjum sínum í skatt árið 2010 en árið 2008. Þannig höfum við stefnt að auknum jöfnuði.

Velferðarkerfið verður ekki sterkt nema til komi verðmætasköpun í samfélaginu. En gleymum því ekki að sterkt atvinnulíf byggir á öflugu menntakerfi, heilbrigðiskerfi og almannatryggingum. Samfélag jafnaðar treystir á velferðarkerfið. Þangað sækjum við sterkan mannauð sem skapar verðmætin.

HVAÐ SÝNIR MYNDIN Í SPEGLINUM?






KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR, DV

Frábær bók eftir Ragnheiði Gestsdóttur sem hlotið hefur Norrænu barnabókaverðlaunin.

VERÖLD

Lýðræði á 21. öld

Ráðstefna um eflingu lýðræðis á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 10. nóvember 2012 klukkan 10 til 15.

Dagskrá

09.30 til 10:00:
- Stúlknakórinn Graduale Nobili syngur nokkur lög

10.00 til 12.00:
- Ráðstefnustjórar: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytis og Kristinn Már Ársælsson, stjórnarmaður í Öldu: **Ráðstefna og dagskrá kynnt**
- Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra: **Lýðræði á nýrri öld: Valdið til fólksins**
- Melissa Mark-Viverito, borgarfulltrúi í New York, og Donata Secondo, verkefnisstjóri The Participatory Budgeting Project: **Fjárhagsáætlunargerð með þátttöku íbúa í New York**

12:00 til 12.30 Matarhlé

12.30 til 13.15:
- Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari: **Íbúalýðræði í Reykjavík**
- Jón Gnarr, borgarstjóri: **Betri Reykjavík og beint lýðræði**

13.15 til 14.50:
- Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna: **Börn mega gagnrýna skólann!**
- Unnur Helgadóttir og Ásta Margrét Helgadóttir, ungmenni frá Ráðgjafarhópi umboðsmanns barna: **Maður þarf ekki að vera orðinn 18 til að hafa skoðun!** Martin Østerdal, framkvæmdarstjóri LNU, Landsrådet for norske barne- og ungdomsorganisasjoner: **Þátttaka barna og kosningar – kosningaaldur og leiðir ungmenna til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi**

14.50 til 15.00
- Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra: **Lokaorð**

- Ráðstefnan er öllum opin, ókeypis og aðgengileg.
- Rit og táknmalstúlkun og túlkun erlendra fyrirlesara.
- Bein útsending: Fjölmiðladeild Flensborgarskólans tekur upp og sendir út dagskrá ráðstefnunnar frá vefsvæði sínu: www.gaflari.is
- Nánari upplýsingar á vefsíðum Innanríkisráðuneytisins: irr.is, umboðsmanns barna: barn.is, Reykjavíkurborgar: reykjavik.is og Öldu: alda.is.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg UMBOÐSMAÐUR BARNA

# Fjárfestingaáætlun á fjárlög

Fjárfestingar

Katrín Júlíusdóttir
fjármála- og efnahagsráðherra



Dagur B. Eggertsson
varaformaður Samfylkingarinnar



Fjármögnun fjárfestingaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem kynnt var sl. vor hefur nú verið tryggð, en áætlunin var sett fram með fyrirvara um tekjur af veiðigjöldum og arði úr bönkum. Hvort tveggja hefur nú gengið eftir. Á næsta ári fara því alls 10,3 milljarðar króna á fjárlögum næsta árs í verkefni fjárfestingaáætlunar sem auka munu fjárfestingu og styðja við vaxandi atvinnugreinar til að skapa hagvöxt og ný störf.

## Veiðigjald í samgöngur og nýsköpun

Í fjárfestingaáætlun er arð þjóðarinnar af fiskveiðiauðlindinni veitt til samgöngubóta um land allt. Þannig var hægt að flýta Norðfjarðar- og Dýrafjarðargöngum og öðrum brýnum vegabótum og leggja aukið fé til hjólreiða á samgönguáætlun, svo fátt eitt sé talið. Háskóla- og atvinnulíf framtíðarinnar var jafnframt stóreflt með auknu fé til rannsóknasjóðs og tækniþróunarsjóðs, auk markáætlana sem beinast að sérstökum áherslusviðum í vísinda- og atvinnumálum. Alls verða framlög til þessara þátta 3,8 milljarðar á næsta ári.

## Hinar skapandi greinar

Önnur verkefni á fjárfestingaáætlun eru fjármögnuð með arði úr bönkum. Framlög í Kvikmyndasjóð Íslands verða hækkuð úr 530 í 1.000 m.kr. á ári. Þetta hefur margföldunaráhrif því fyrir hverja krónu sem þar er lögð fram sækja kvikmyndagerðarmenn um þrjár til viðbótar í verkefni sín erlendis frá. Jafnframt verður komið á fót verkefnasjóði skapandi greina sem styrkja mun hönnun og myndlist auk þess sem framlög til tónlistar og bókmennta verða aukin en alls munu 250 m.kr. árlega renna í verkefnasjóði skapandi greina.

## Græna hagkerfið

Til að fylgja eftir tillögum sem Alþingi sameinaðist um til eflingar grænu atvinnulífi á Íslandi verður varið 3,5 milljörðum næstu þrjú ár og þar af um milljarði á næsta ári. Mikil sóknarfæri eru á þessu sviði og til að örva fjárfestingar verður settur á laggirnar grænn fjárfestingasjóður sem fjárfesta mun í fyrirtækjum í umhverfisvænni starfsemi. Hann fær milljarð í stofnfé úr ríkissjóði en stefnt er að því að þrír fjórðu hlutar stofnfjár komi annars staðar frá. Græn skref ríkisstofnana, stuðningur og hvati til að grænka fyrirtæki og verkefni á sviði orkuskipta fá einnig framlög til að auka samkeppnishæfni Íslands með umhverfislausnum.

## Efling innviða í ferðamannaþjónustu

Sérstök áhersla er á að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu um landið. Veittar verða 500 milljónir til viðbótar í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða næstu þrjú árin auk þess sem gert verður sérstakt átak í að byggja upp innviði þjóðgarða og viðkvæmra náttúrusvæða fyrir andvirði 250 m.kr. á ári. Þá er ráðgert að reisa Kirkjubæjarstofu, sem verður anddyri að Vatnajökulsþjóðgarði. Hús íslenskra fræða verður hús yfir handritin okkar sem geta orðið svipað aðdráttarafl og önnur fegurstu listaverk heimsins og peningar verða settir í að koma á fót langþráðri náttúruminjasýningu. Þá er tryggt fé til endurnýjunar á nýjum Herjólfi og endurbóta í Landeyjahöfn en allt eru þetta einnig dæmi um ferðaþjónustutengdar fjárfestingar.

## Úr vörn í sókn með framtíðarsýn

Fjárfestingaáætlun er hluti af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hún miðar að því að auka fjárfestingar og draga úr atvinnuleysi. Hún felur einnig í sér nýja og skýra atvinnupólitík. Hún byggir á þekkingu og hugvitsgreinum. Hún er skapandi og hún er græn. Því fer hins vegar fjarri að ríkisstjórnin eigi fjárfestingaáætlunina ein. Þvert á móti byggir hún á vandaðri og viðamikilli stefnumótun sem hundruð Íslendinga um land allt hafa komið að í gegnum Sóknaráætlun fyrir Ísland, þjóðfundi hennar og sérfræðivinnu. Fjárfestingaáætlun er því sameign okkar allra, til marks um nýja tíma og nýja framtíðarsýn og þann metnað og kraft sem við viljum að einkenni næstu ár á Íslandi.

**Framlög til verkefna innan fjárfestingaáætlunar árið 2013 (m.kr.)**

| | |
|---|---|
| ***Verkefni fjármögnuð með veiðigjaldi og leigutekjum skv. fjárlagafrumvarpi 2013*** | ***4.200*** |
| Samgönguframkvæmdir, aukning | 2.500 |
| Rannsóknar- og tækniþróunarsjóður, aukning | 1.300 |
| Sóknaráætlun landshluta* | 400 |
| ***Ný verkefni fjármögnuð með arðgreiðslum við 2. umr. fjárlagafrumvarps*** | ***6.130*** |
| **Fasteignir** | **3.430** |
| Fangelsi | 1.000 |
| Hús íslenskra fræða | 800 |
| Herjólfur/Landeyjahöfn | 640 |
| Náttúruminjasafn/sýning | 500 |
| Kirkjubæjarstofa | 290 |
| Húsverndarsjóður, aukning | 200 |
| **Græna hagkerfið** | **1.030** |
| Grænn fjárfestingasjóður, nýtt | 500 |
| Græna hagkerfið og grænkun fyrirtækja, nýtt | 280 |
| Græn skref og vistvæn innkaup, nýtt | 150 |
| Grænar fjárfestingar, nýtt | 50 |
| Orkuskipti í skipum, nýtt | 50 |
| **Skapandi greinar** | **920** |
| Kvikmyndasjóður, aukning | 470 |
| Verkefnasjóðir skapandi greina, nýtt | 250 |
| Netríkið Ísland, aukning | 200 |
| **Ferðaþjónusta** | **750** |
| Uppbygging ferðamannastaða, aukning | 500 |
| Innviðir friðlýstra svæða, nýtt | 250 |
| **Samtals** | **10.330** |

# Hagvexti hamlað með niðurskurði til háskóla

Menntamál

Svana Helen Björnsdóttir
formaður SI



Allir eru sammála um mikilvægi öflugrar menntunar fyrir verðmætasköpun og lífskjör. Því skýtur það skökku við að stjórnvöld skuli ítrekað fara þá leið, þvert á ráðleggingar sérfræðinga, að skera niður fjárframlög til háskóla.

Í nýlegri könnun SI meðal 400 fyrirtækja eru sterkar vísbendingar um að atvinnulífið muni árlega skorta um 1.000 raunvísinda-, tækni- og verkfræðimenntaða starfsmenn næstu árin. Niðurskurður til háskóla, sérstaklega til tæknimenntunar á háskólastigi, dregur þannig verulega úr getu atvinnulífsins til að skapa hagvöxt og störf.

Tilfærsla fjármögnunar sem gengur þvert gegn þörfum atvinnulífsins, þ.e. frá tækninámi og frá Háskólanum í Reykjavík, sem menntar tvo af hverjum þremur sem ljúka tæknimenntun á háskólastigi, til annarra námsbrauta og annarra háskóla, eykur á vandann.

Þegar ráðist var í niðurskurð í kjölfar kreppunnar var engin breyting gerð á háskólakerfinu eða stefna mörkuð um hvaða þættir væru mikilvægastir í háskólastarfinu. Afleiðingin var niðurskurður án samhengis og markmiða sem leitt hefur til alvarlegrar mismununar í fjárframlögum til háskólanna.

Í ljósi þess hversu mikilvægur Háskólinn í Reykjavík er fyrir atvinnulífið, sér í lagi á sviði tæknimenntunar þar sem þörfin er brýnust, er með ólíkindum að einna mest hafi hlutfallslega verið skorið niður í framlögum til HR. Niðurskurðurinn til HR er rúmlega 17% á sama tíma og niðurskurður til HÍ er ekki nema tæpt prósent og framlag á hvern ársnema hefur minnkað um 12% hjá HR en um 6% hjá HÍ og var samt lægra fyrir. Þessi munur er gríðarlega mikill og langt umfram það sem getur talist eðlilegt.

Mesti niðurskurður til háskóla sem útskrifar flesta tæknimenntaða samræmist illa stefnu um að hér eigi að byggja upp öflugan tækni- og hugverkaiðnað. Skortur á tæknimenntuðu starfsfólki hamlar vexti atvinnulífs á Íslandi, verðmætasköpun og hagvexti. Til að snúa þeirri þróun við þarf að vinna markvisst að því að efla tæknimenntun í stað þess að veikja hana.

Samtök iðnaðarins skora á stjórnvöld og Alþingi að snúa við ósanngjarnri og óskynsamlegri þróun og fjármagna HR svo skólinn geti haldið áfram að styðja við eflingu atvinnulífs með menntun, rannsóknum og nýsköpun.

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!




3499 kr.
Ljúfmeti úr lækningajurtum




3490 kr.
Gísli á Uppsölum




2599 kr.
Fjársjóðskistan




3799 kr.
Reykjavíkurnætur




2790 kr.
Stóra Disney heimilisréttabókin




1995 kr.
Uppáhaldsrétturinn minn!




2499 kr.
Sunnudagskökur allan ársins hring




2499 kr.
Lambakjöt allan ársins hring

## JÓLABÆKURNAR ERU KOMNAR Í KRÓNUNA!




2799 kr.
Krakkinn sem hvarf




4490 kr.
Vígroði




4499 kr.
Ár kattarins




2999 kr.
Jólakúlur




3399 kr.
Skórnir sem breyttu heiminum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum







FROKOSTBØF 2 STK.
1299KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1499

SPARERIBS
1399KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1599

FARMERBØF 2 STK.
1399KR/PK
VERÐ ÁÐUR 1699



JENSEN´S SÓSUR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA, FRÁBÆRAR MEÐ ÖLLUM MAT!

Eld Bökuð

# 16" PIZZA 2 TEGUNDIR

16" pizza með skinku eða pepperoni með eldbökuðum botni, unnin úr fyrsta flokks hráefni. Botninn er svo toppaður með íslenskum maribó, cheddar og mozzarella ostablöndu.




HAGKAUP EKTA GRÁÐAOSTASÓSA

KJÚKLINGA-VÆNGIR
800GR - 2 TEG.
499KR/PK

ALI BACON
3 TEGUNDIR
- VENJULEGAR
- ÞYKKARI SNEIÐAR
- TVÖFALT ÞYKKARA
1819KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2599




# HOLLUSTA ÚR HAFI



LAX FROSIN
1299KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1799



HUMAR 400GR FROSIN
1298KR/STK



ÝSA ROÐ OG BEINLAUS
1198KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1398




## HÆGELDUÐ NAUTASTEIK MEÐ EKTA BERNAISE fyrir 4

1 kg nautalund
1 msk olía
sjávarsalt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 70°C. Hitið olíuna á pönnu og brúnið kjötið á öllum hliðum. Leggið á pappírsklædda plötu og bakið í 3 klst. eða þar til að kjarnhitinn hefur náð 55°C. Hitið gasgrillið (má líka nota grillið í ofninum) og steikið kjötið í 2-3 mínútur á hvorri hlið eða þar til að kjarnhiti hefur náð 60°C. Leggið kjötið á álpappír og kryddið með sjávarsalti og nýmöluðum pipar og lokið. Hvílið kjötið í 15 mínútur áður en að það er skorið. Gott er að bera réttinn fram með bökuðum kartöflum og fersku salati.

BERNAISE SÓSA
350 g smjör
4 eggjarauður
2 msk hvítvínsedik
1/2 msk sterkt sinnep
karrý á hnífsoddi
cayenne pipar á hnífsoddi
1/4 nautakraftskubbur
1/2 msk þurrkað estragon
sjávarsalt og nýmalaður pipar

Bræðið smjörið í potti við vægan hita. Setjið eggjarauðurnar í pott ásamt ediki, sinnepi, karrý og cayenne pipar og þeytið vel yfir vatnsbaði þar til að blandan verður ljós og létt. Gætið þess að eggjarauðurnar hlaupi ekki. Leggið pottinn á vinnuborðið og hellið smjörinu smám saman við og hrærið vel á milli. Þegar 1/3 af smjörinu er kominn saman við blönduna er kjötkraftskubbi og estragoni bætt við og síðan haldið áfram að bæta smjörinu smám saman við þar til að það er uppurið. Kryddið til með salti og pipar.

Gildir til 11. nóvember á meðan birgðir endast.




# OFNBAKAÐAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ TRÖNUBERJUM OG BAUNAMAUKI fyrir 4 *að hætti Rikku*

2 msk smjör
1 1/2 tsk þurrkað timjan
1 tsk þurrkað rósmarín
1/2 tsk salt
1/2 tsk nýmalaður pipar
4 kjúklingabringur
1 laukur, sneiddur
1 tsk þurrkuð salvía
500 ml kjúklingasoð
200 g frosin trönuber
50 g sykur
1 tsk kartöflumjöl
1 msk vatn

Hitið ofninn í 180°C. Blandið saman matskeið af smjöri ásamt timjan, rósmarín salti og pipar. Þerrið kjúklingabringurnar og leggið í eldfast mót. Smyrjið smjörblöndunni ofan á þær og bakið í 25-30 mínútur. Bræðið afganginn af smjörinu á meðalheitri pönnu og brúnið laukinn (5-7 mínútur). Stráið salvíunni yfir laukinn og steikið áfram í mínútu, hellið þá kjúklingasoðinu saman við og sjóðið niður um þriðjung (10-15mínútur). Sigtið laukinn frá og hellið soðinu aftur á pönnuna.
Bætið trönuberjunum og sykrinum út á pönnuna og látið malla í 3-4 mínútur. Hrærið kartöflumjöl og vatni saman, hellið saman við soðið og hitið upp að suðu. Lækkið þá hitann aftur og látið malla í 1-2 mínútur. Berið sósuna fram með kjúklingnum og baunamaukinu.

CANNELLINI BAUNAMAUK
1 msk ólífuolía
2 hvítlauksrif, pressuð
1 msk þurrkuð salvía
2 dósir Cannellini baunir
200 ml vatn
sjávarsalt og nýmalaður pipar

Steikið hvítlaukinn og salvíuna upp úr olíunni í potti við meðalhita. Skolið baunirnar og sigtið og hellið út í pottinn ásamt vatninu. Látið malla í 10 mínútur. Hellið öllu saman í matvinnsluvél og kryddið með salti og pipar. Gott er að setja örlítið af góðri ólífuolíu saman við tilbúið maukið.

ÍSLANDS LAMB
*Stolt kjötmeistarans*

## FYRSTA FLOKKS ÍSLENSKT LAMBAKJÖT







**LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM!**
Hagkaup hefur ákveðið að leggja þeim bændum lið sem hvað verst urðu úti í hamförunum fyrr í haust. Nú um helgina munu **200kr** af hverju seldu kílói af Íslandslamb lambakjöti renna óskipt til styrktar þessum bændum. Átakið er í samvinnu við Landssamtök sauðfjárbænda. Leggðu þitt af mörkum um helgina.













## RICETTE D'AUTORE



## FERSKT ÍTALSKT GÆÐAPASTA MEÐ FYLLINGU

Inniheldur sérvalið durum hveiti, ræktað í Toskana, 8 „free range" egg (egg frá frjálsum hænum) í hverju kílói af hveitinu. Ekkert viðbætt vatn og engin litarefni. Þetta eru innihaldsefnin sem gera Ricette d´Autore að besta pasta Ítala.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Út úr vandanum!

Stjórnmál

**Bryndís Loftsdóttir**
vörustjóri íslenskra bóka



Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi. Ég tel brýnt að Sjálfstæðisflokkurinn komist aftur í ríkisstjórn og vonast til þess að framboð mitt verði flokknum að gagni. Ég er lærður leikari frá ALRA í London en hef starfað við bóksölu í hart nær 20 ár og hef því nokkra reynslu af viðskiptaumhverfi hér á landi. Ég bý ásamt eiginmanni mínum og þremur börnum á Seltjarnarnesi.

**Uppbygging atvinnulífs**

Ég vil taka þátt í að byggja atvinnulífið hér upp að nýju. Markmið fyrirtækjareksturs er að skila arði þegar til langs tíma er litið og það er nákvæmlega það sem ég vil að öll fyrirtæki geri; lifi lengi og skili arði og geti þannig staðið í skilum og greitt starfsmönnum sínum góð laun. Óbeit vinstri manna á hugmyndinni um arðbæran rekstur hlýtur að mega rekja til þekkingarleysis þeirra á vinnumarkaðinum. Varla er það vilji þeirra að starfa hjá fyrirtæki sem rekið er á núlli og getur ekki þróast og staðið undir launahækkunum. Og ekki ætla ég þeim að vilja vinna hjá fyrirtæki sem rekið er með tapi og þarf stöðugt að segja upp starfsfólki. Fyrirtæki sem skila hagnaði eiga að geta tilkynnt það með stolti og uppskorið aðdáun hjá þjóðinni.

Ég vil sjá nýtingu auðlinda landsins. Það er brýnt að halda áfram með virkjunarframkvæmdir samkvæmt upprunalegu rammaáætluninni. Óbeisluð orka gefur okkur ekkert í aðra hönd og það er glapræði að tefja fyrir frekari framkvæmdum í þeim geira.

**Skattheimta**

Ég vil taka þátt í að móta framtíðarstefnu í skattamálum og einfalda skattaumhverfið. Á þessu kjörtímabili hefur ríkisstjórninni tekist að rækta upp myndarlegan skattafrumskóg. Svo kröftuglega hefur verið unnið að gerð nýrra skatta og breytinga á eldri sköttum að erfitt er orðið að gera sér grein fyrir fjölda þeirra. Auk þess að flækja rekstrarumhverfi fyrirtækja með þessum hætti þá er þeim jafnframt gert ómögulegt að gera raunhæfar áætlanir til framtíðarinnar því stöðugt er verið að kynna til leiks nýja möguleika á skattheimtu.

Auðlegðarskattur (eignaskattur) var endurvakinn af núverandi ríkisstjórn og bundinn í lög til 2014. Þar er enginn greinarmunur gerður á því hvort eignin skili tekjum eða ekki. Auk þess var gengið þannig frá hnútunum að skattleysis-eignarmörkin fara lækkandi til 2014 og skattprósentan hækkandi. Þetta kemur sér illa fyrir þann hóp sem hefur lágar tekjur en á miklar eignir bundnar t.d. í húseign sinni eins og margir eldri borgarar. Hækkandi fasteignagjöld hafa nú þegar aukið álögur þessa hóps umtalsvert samtímis því að greiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum hafa verið skertar.

**Öryggi, menntun og heilsa**

Ég tel að samræma þurfi lagaheimildir og starfsumhverfi lögreglunnar til jafns við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Forvarnir mega ekki sitja á hakanum því betra er heilt en gróið.

Ég vil sporna gegn brottfalli nemenda á framhaldsskólastigi og tel styttingu náms fyrir háskólastig æskilega. Einnig þarf að einfalda flutning nemenda af grunnskólastigi yfir á framhaldsskólastig. Nemendur með háar einkunnir komast í þá framhaldsskóla sem þeir óska en aðrir upplifa höfnun og streitu við að reyna að finna skóla sem tekur við þeim. Þetta er sá hópur nemenda sem mest þarf á hvatningu til náms að halda en verður verst úti í þessum skólaskiptum.

Ég vil að tekið verði á brotalömum í heilbrigðiskerfinu. Ganga þarf frá samningi við tannlækna vegna tannviðgerða barna, stytta biðlista Greiningarstöðvar og BUGL og tryggja gott starfsumhverfi fyrir lækna og hjúkrunarfólk.

Að lokum vil ég nefna að ég er ekki hlynnt inngöngu í Evrópusambandið á meðan ekki er ljóst hvert stefnir þar.

AF NETINU

### Hvað með nemandann og matinn hans?

Hvers eiga blessuð börnin að gjalda spyr ég nú bara? Hvers vegna í ósköpunum ættu þau ekki að fá sama matseðil og fullorðnir, og njóta verndar kennarasamfélagsins og stuðnings varðandi það að fá hollan og bragðgóðan mat sem er boðlegur bæði börnum og fullorðnum en ekki sérstaklega „miðaður við bragðlauka barna“? Því hvað eru „bragðlaukar barna“?
Hefur fólk alveg gleymt þeim lið í matarmenningu sem nefnist mataruppeldi? Það felst ekki síst í því að börn kynnist matarvenjum fullorðins fólks og fjölbreyttu mataræði. Börn læra það sem fyrir þeim er haft, og læra þannig að meta lífsins gæði, m.a. gott mataræði.
Hér er farið skakkt í hlutina, verð ég að segja. Skóli er eitt samfélag. Ef aðstæðum í skóla er ábótavant ber að krefjast úrbóta fyrir skólasamfélagið allt, en ekki sérlausna fyrir tiltekinn hluta þess samfélags.

http://blog.pressan.is/olinath/

**Ólína Þorvarðardóttir**



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## KEISARAKONSERT Í HÖRPU

**Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari flytur Keisarakonsertinn eftir Beethoven í Eldborgarsal Hörpu í kvöld kl. 19.30. Þetta er síðasti píanókonsertinn sem Beethoven samdi. Þessi tignarlegi konsert gerir miklar kröfur til einleikarans. Keisarakonsertinn var saminn árið 1809.**


Blomberg
HEIMILISTÆKI





Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Á næstunni mun hann heimsækja færustu kokka landsins og fá þá til að elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar heimsækir hann marga af færustu kokkum landsins og fær þá til að elda ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi. Í dag er það matreiðslumaðurinn Sturla Birgisson sem Úlfar heimsækir. Sturla rekur veislu- og fyrirtækjaþjónustuna Heitt og kalt og er meðlimur Bocuse d'Or-akademíunnar. Hér færir hann okkur uppskriftir að tveimur réttum; annars vegar er það taílenskur kjúklingaréttur með rauðu karríi og kókossósu og hins vegar steiktar kjúklingabringur með sveppafylltu ravíólíi og skessujurtarpestói. Hægt er að fylgjast með Sturlu elda þessa girnilegu rétti í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.



**Taílenskur kjúklingaréttur með rauðu karríi og kókossósu**

Hráefni
4 kjúklingabringur, skornar í strimla
Olía til steikingar
100 ml kjúklingasoð
400 ml kókosmjólk
4 tsk. rautt karrí
Smá salt
2 stk. rauður chili-pipar, grófsaxaður
1 búnt kóríander, fínsaxað
1 laukur, skorinn í sneiðar
3 gulrætur, saxaðar í sneiðar

*Hitið wokpönnu, hellið olíu á hana og steikið kjúklingabringurnar í 4 mín. Kryddið með karríi og salti og steikið í 2 mín. Bætið grænmetinu á pönnuna og brúnið. Hellið kókosmjólkinni og soðinu út í og sjóðið niður í 5 mín. Að lokum er kóríander bætt út í. Gott að bera fram með hrísgrjónum.*

**Steiktar kjúklingabringur með sveppafylltu ravíólíi og skessujurtarpestói**

4 kjúklingabringur, heilar eða skornar í strimla
400 g sveppafyllt ravíólí,fæst ferskt í Hagkaup
Olía til steikingar
1 askja sveppir, saxaðir
250 ml rjómi
1 askja konfekttómatar, skornir í tvennt
Salt og svartur pipar
Ferskur parmesanostur (magn fer eftir smekk) til að setja ofan á
25 g parmesanostur rifinn

**Skessujurtapestó**

50 g skessujurt (beint úr garðinum)
Salt
100 ml ólífuolía
3 hvítlauksrif
Allt maukað saman.
*Ravíólí soðið í saltvatni í 5 mínútur.*



*Hitið pönnu, bætið olíu á, kryddið kjúklinginn með salti og pipar og smyrjið smá pestói yfir. Steikið í 4 mín. á hvorri hlið. Bætið sveppunum á pönnuna og steikið. Hellið rjóma yfir og sjóðið í 4 mínútur. Að lokum er ravíólíinu bætt út í og soðið í 1 mínútu. Kryddað með salti og pipar eftir smekk. Setjið á disk og bætið meira pestói á kjúklinginn og parmesan yfir það.*


Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

NINGS

Tröllatrefjar



Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.




EKKERT salt
ENGINN sykur

TRANS FITA
MSG

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

# TVÍTYNGT BARNAFJÖR

Það verður líf, fjör og framandi skemmtun í Gerðubergi á sunnudag. Þá stíga á stokk stolt og yndisleg börn með leik, dansi og söng frá Japan, Tékklandi, Litháen, Spáni, Rússlandi, Filippseyjum, Portúgal og Taílandi.
Móðurmál – félag tvítyngdra barna stendur fyrir dagskránni sem er í senn lífleg og fjölbreytt. Móðurmál beitir sér fyrir móðurmálskennslu fyrir tvítyngd börn og hjálpar foreldrum að stofna hópa þar sem tungumál þeirra er kennt. Á hverjum tíma eru í gangi margir hópar og sífellt fleiri tungumál að bætast við.

Rannsóknir hafa sýnt að börn sem fá að læra tungumál foreldra sinna eiga auðveldara með að læra nýtt tungumál. Með starfinu vill Móðurmál gefa tvítyngdum börnum tækifæri til að læra og viðhalda eigin móðurmáli og menningu. Dagskráin stendur frá klukkan 13 til 15. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er í Gerðubergi 3-5 í Efra-Breiðholti. Móðurmál er á Facebook og með heimasíðuna Modurmal.com.



**GLEÐIN UPPMÁLUÐ** Það er fátt skemmtilegra en að syngja og dansa eins og sjá má á þessum kátu krökkum í Gerðubergi.

# HREINDÝRABORGARARNIR Á TEXASBORGURUM

**KYNNING** Hreindýraborgararnir á Texasborgurum við Grandagarð hafa slegið í gegn í haust. Þeir innihalda 100% gæðahakk úr hreindýrakjöti frá Snæfelli. Borgararnir eru bornir fram með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk. Franskar kartöflur fylgja að sjálfsögðu með. Vinsældir Texasborgara hafa vaxið frá opnun staðarins í vor. Hamborgararnir eru heimagerðir og stórir, 140 grömm úr 100% gæðahráefni án allra aukaefna. Vinsælasta hamborgaratilboðið okkar er: TEXASTILBOÐ ALLA DAGA, Texas ostborgari, franskar og gos á 1.390 kr.





**ÚRRÆÐAGÓÐIR** Verzlunarskóli Íslands sigraði í keppninni í fyrra.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# ÞRAUTIR LEYSTAR

**FRUMKVÆÐI** *Markmið framkvæmdakeppni framhaldsskólanna er að kynna og vekja áhuga á tækninámi og störfum í iðnaði.*

Úrslitakeppni Boxins, framkvæmdakeppni framhaldsskóla, verður haldin á morgun, laugardag, í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. Þar munu nemendur þeirra átta framhaldsskóla sem komust í úrslit leysa ýmsar þrautir sem reyna á hugvit, verklag og samvinnu. Frumkvæðið að keppninni kemur frá Samtökum iðnaðarins að sögn Guðrúnar Arnbjargar Sævarsdóttur, forseta tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík. „Segja má að markmið keppninnar sé að kynna og vekja áhuga á tækni, tæknináminu og störfum í iðnaði og gera um leið verksviti hátt undir höfði. Ekki veitir af, því að um fjórðungur útskrifaðra háskólanema hérlendis útskrifast með tæknimenntun og úr raunvísindum en í löndum sem við viljum bera okkur saman við er hlutfallið um 40%.“ Ekki síður er mikilvægt að sögn Guðrúnar að vekja athygli framhaldsskólanema á því hvað viðfangsefni verkfræðinnar, tæknifræðinnar og tölvunarfræðinnar eru áhugaverð og spennandi. „Ef ungt fólk er að velta fyrir sér menntun sem veitir því tækifæri og nokkuð trygg störf er tæknimenntun mjög skynsamlegur valkostur.“

**SKEMMTILEGAR ÞRAUTIR**
Fimm manna lið keppa í þrautabraut með ýmsum ólíkum þrautum. „Tilgreint er í hverri þraut hversu margir úr liðinu taka þátt í lausn þrautarinnar og á hvert lið að velja aðferðir sem það beitir innan þeirra marka sem gefin eru og skal liðið vinna eitt að þrautinni. Þrautirnar eiga að vera þess eðlis að hægt sé að leysa þær á 30 mínútum. Þær þarfnast ekki sérstakrar þekkingar en reyna á hugvit, verklag og að menn séu úrræðagóðir og lausnamiðaðir.“

Guðrún vill eðlilega ekki gefa upp hverjar þrautir keppninnar í ár verða en nefnir sem dæmi að á síðasta ári hafi nemendur meðal annars þurft að opna appelsínugosflösku með gröfu og raða saman QR-kóða og skanna hann inn þannig að hópurinn kæmist í tölvuleik sem hann þurfti að klára.

Keppnin er samvinnuverkefni Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra framhaldsskólanema en þrautirnar eru unnar í samvinnu samstarfsfyrirtækja og kennara við skólann. Keppnin hefst kl. 10 á laugardag og stendur til kl. 17.



**SKEMMTILEGT** Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.
MYND/STEFÁN






# GREASE OG GENE KELLY Í SALNUM

Söngleikjaunnendur ættu að hoppa hæð sína yfir framtaki leikaranna og söngvaranna sem stíga á svið í Salnum í Kópavogi í kvöld. Tónleikarnir eru partur af fjögurra kvölda tónleikaröð undir nafninu „Ef lífið væri söngleikur“ og eru þeir aðrir í röðinni. Hverjir tónleikar hafa sitt þema þar sem tekin eru fyrir lög úr mismunandi söngleikjum hverju sinni. Í kvöld verða þekktustu söngleikjum kvikmyndasögunnar gerð góð skil, allt frá upphafsmyndum söngleikja sem komu út á kvikmynd til þekktra nútímaverka. Tónleikarnir höfða því til breiðs aldurshóps, allt frá ömmu og afa sem sáu Gene Kelly í Singing in the Rain, mömmu og pabba sem rokkuðu við tryllta tóna Johns Travolta í Grease og yngstu kynslóðarinnar sem grét yfir Nicole Kidman í Moulin Rouge. Það eru leikararnir Bjarni Snæbjörnsson, Margrét Eir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Orri Huginn Ágústsson sem eiga veg og vanda að tónleikaröðinni, en þau unnu saman í Vesalingunum sem sýndir voru í Þjóðleikhúsinu í fyrra. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 í kvöld í Salnum í Kópavogi.



**ÚR GREASE** Þau þóttu flottust á sínum tíma, Olivia Newton-John og John Travolta.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

# JÓLAKORT &LJÓSMYNDUN

**Kynningarblað** Netpöntun, netkveðjur, kort frá stíðsárunum, fjölskyldumyndatökur og jólakort Obama.

## Styrkja gott málefni

Starfsfólk **Pixel** komið í jólaskapið og tilbúið fyrir jólaösina. Undirbúningur jólanna hefst hjá Pixel prentþjónustu í Brautarholti 10-14 sem býður upp á alhliða prentþjónustu.



Öflugur hópur starfsmanna Pixel prentþjónustu er kominn í jólaskapið og tilbúinn fyrir jólaösina. MYND/ANTON

Við bjóðum upp á margar gerðir jólakorta, dagatöl, ljósmyndabækur og fleira sem viðskiptavinurinn velur sjálfur og setur saman gegnum forritið okkar Pixel designer. Þá tökum við á móti ljósmyndabókum og jólakortum sem fólk hefur sett saman í forritinu iPhoto.

Einnig er hægt að koma til okkar í Brautarholtið og við setjum upp jólakortin fyrir viðskiptavini," segir Ingi Hlynur Sævarsson hjá Pixel prentþjónustu.

„Umslög fylgja öllum jólakortum og við bjóðum einnig upp á umslög árituð með nafni. Þá er hægt að senda okkur nafnalistann í Excel-skjali í tölvupósti og við prentum utan á umslögin nafn viðtakanda og heimilisfang. Þá þarf ekkert að gera nema smella kortunum í umslag og drífa í póst."

### Pixel designer-forritið er þægilegt og einfalt í notkun

Forritið er hægt að sækja frítt á heimsíðu okkar, www.pixel.is. Það er einfalt í notkun, hægt er að hlaða niður útgáfum hvort sem er fyrir PC eða MAC og leiðbeiningum um notkun þess í pdf-skjali.

„Pixel designer-forritið hefur verið gífurlega vinsælt þau þrjú ár sem við höfum verið með það. Nú er komin ný uppfærsla sem býður viðskiptavinum upp á skemmtilega tengingu við Flickr og Facebook þar sem meðal annars er hægt að nálgast myndir á þægilegan hátt. Þó forritið sé mjög einfalt í notkun þá eru allir hér boðnir og búnir að aðstoða fólk og um að gera að hringja í okkur ef fólk lendir í vandræðum," segir Hlynur.

### Styrkja gott málefni

Í ár styrkir Pixel Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna með sölu sérstakra jólakorta.

„Sú hugmynd kom upp hér hjá starfsmanni að fyrirtækið styrkti eitthvert gott málefni fyrir jólin," segir Hlynur. Með kaupum á SKB jólakorti styrkir kaupandi SKB um 15 krónur, Pixel leggur einnig til 15 krónur og þannig renna 30 krónur af hverju korti óskipt ar til SKB. Styrktarkortið er að finna inni í forritinu Pixel designer undir heitinu SKB.

„Fólk þarf bara að hlaða niður forritinu en þar er að finna allar tegundir og stærðir jólakorta. Til að styrkja félagið þarf svo að velja kort sem heitir SKB."

### Tilbúin í jólaösina

„Hjá okkur vinna þrettán manns, allt faglært fólk; prentsmiðir, prentarar og bókbindarar. Við erum komin í jólaskapið og tilbúin fyrir jólaösina," segir Hlynur. „Afhendingartíminn hjá okkur er 3-5 dagar og það er alltaf mikið að gera hjá okkur fyrir jólin. Þó finnst mér fólk hafa verið fyrr á ferðinni síðustu ár með jólakortin en oft áður. Það verða þó alltaf einhverjir sem koma á Þorláksmessu með jólakortapöntunina og þá reynum við auðvitað að bjarga því.

Í nóvember bjóðum við upp á 15% afslátt af öllum vörum úr Pixel designer. Þar á meðal er boðið upp á jólakort með umslagi frá 98 krónum stykkið með afslætti. Hið eina sem fólk þarf að athuga er að slá inn afsláttarkóðann JOL2012 þegar pöntun er framkvæmd í Pixel designer."


STYRKTARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNA

**Jólakort til styrktar SKB**

Með því að velja Styrktarkort SKB renna 30 kr. af hverju seldu korti til **Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna**.



Ljósmyndabækur



Dagatöl



Strigamyndir




Ljósmyndir á álplötu

þixel prentþjónusta Brautarholti 10-14 // 105 Reykjavík // Sími 575 2700 // www.pixel.is

flickr




Undirbúningur jólanna hefst á **pixel.is**

Láttu hugarflugið ráða þegar þú hannar þín eigin jólakort eða dagatöl í **pixel**designer.

**pixel**designer ... láttu hugarflugið ráða




# Gömul, íslensk jólakort vinsæl á netinu

Um eitt hundrað þúsund jólakort fóru rafrænt um víða veröld frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur um síðustu jól. Mikil aukning hefur orðið á sendingu slíkra korta.

Svanhildi Bogadóttur borgarskjalaverði datt í hug að fá fólk til að afhenda gömul jólakort til varðveislu í stað þess að henda þeim. „Hugmyndin kviknaði á milli jóla og nýárs árið 1998. Ég var heima að hlusta á útvarpið en þar fór fram umræða um hvað ætti að gera við jólakort þegar jólin væru búin. Hringt var í þáttinn frá Sorpu og bent á endurvinnslu hjá þeim. Mér fannst synd að fólk væri að farga kortunum og hafði því samband og benti fólki á að koma með kortin í Borgarskjalasafnið, jafnt nýrri og eldri. Við fengum mjög jákvæð viðbrögð og hingað komu heilu jólakortasöfnin,“ segir Svanhildur.

„Í ljós kom að til voru safnarar sem höfðu raðað kortunum fallega í möppur. Einnig komu einstaklingar með kort úr búi foreldra sinna sem náðu oft yfir heilu áratugina. Þannig eignuðumst við kortasöfn allt aftur til aldamótanna 1900. Það virðist hafa verið afar algengt að fólk hafi geymt jólakortin,“ segir Svanhildur enn fremur og bendir á að þessi kort séu ómetanleg.

Borgarskjalasafnið er ekkert að fela þessi kort því í desember ár hvert er haldin sýning á kortum í eigu safnsins auk þess sem þau eru í boði á netinu. „Við opnum aðventusýningu 3. desember hér í Tryggvagötu 15 á 3. hæð. Auk þess erum við með jólakortavef sem hefur verið notaður alveg ótrúlega mikið. Fólk er þegar farið að skoða kortin en við sjáum stöðuga aukningu allt fram að jólum. Send hafa verið um og yfir 100 þúsund kort á netinu undanfarin ár en slóðin er Borgarskjalasafn.is/jolakort.“

Svanhildur segir að jólakortavefurinn hafi orðið til fyrir níu árum. „Við erum bæði með jóla- og nýárskort á netinu og setjum ný inn fyrir hver jól, um 25-30 tegundir hverju sinni og frekar þessi eldri og sjaldgæfari. Gömlu jólakortin lýsa miklum tilfinningum. Fyrstu kortin voru prentuð erlendis og voru með danskri jólakveðju en um 1910 er farið að prenta þau hér á landi.“

Svanhildur er þess fullviss að þróunin sé í þá veru að senda rafræna jólakveðju. „Við bjóðum upp á fastmótaðar kveðjur á yfir tuttugu tungumálum en viljum leggja áherslu á að fólk skrifi eitthvað meira persónulegt. Það er svo skemmtilegt að setjast niður á aðfangadagskvöld og lesa fallega kveðju frá fólki sem maður hefur ekki hitt lengi,“ segir Svanhildur.





Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður fékk þá hugmynd að safna gömlum jólakortum sem nú koma að góðum notum.










# Sprenging í netpöntun

Það er leikur einn að panta jólakort, dagatöl, bolla, boli og púsluspil á **Ljosmyndavorur.is**.

Síðustu jól sáum við algera sprengingu í jólakortum, dagatölum, ljósmyndabókum og strigaprentun á netinu. Þá voru flestir viðskiptavinir að vinna þetta á kvöldin og næturnar, enda er það oft eini tíminn sem fólk hefur,“ segir Bergur Gíslason, eigandi verslunarinnar Ljósmyndavörur.

**Pantaðu á netinu – framkollun. ljosmyndavorur.is**

„Mjög einfalt og skemmtilegt er að gera jólakort, dagatöl, bolla, boli og púsluspil á vefnum okkar www.framkollun.ljosmyndavorur.is. Það er leikur einn að setja inn sinn eigin texta á jólakortin og hægt er að velja um fjölmargar gerðir jólakorta. Þegar kortin eru unnin á vefnum getur þú unnið með myndina, fært hana til, dregið að og svo framvegis. Svo sérðu prófórk áður en þú lýkur pöntuninni þannig að þú veist strax hvernig kortið þitt lítur út. Öll kort á jólakortavefnum eru einföld. Einnig er hægt að gera strigamyndir á vefnum ásamt öllum venjulegum ljósmyndum og stækkunum á ódýran og einfaldan hátt. Fljótlega verður líka hægt að gera iPhone- og iPad-hulstur með þinni eigin mynd þar.“

Fyrir þá sem vilja hefðbundin tvöföld jólakort, þar sem ljósmynd er smeygt inn í kortið, þá eru á aðalsíðu Ljosmyndavorur.is sýnishorn af þeim tvöföldu kortum sem boðið er upp á. Þau kort er líka hægt að panta með tölvupósti. Leiðbeiningar um það er að finna í texta við kortin á heimasíðunni.

„Þá bjóðum við frábært verð á ódýrum ljósmyndabókum kiljur/softcover í frábærum myndgæðum – frá 1.300 krónur bókin. Þær er mjög einfalt að gera, þú hleður niður forriti af heimasíðunni okkar og forritið leiðir þig áfram til að fylla bókina. Hægt er að velja margs konar útlit og uppsetningu. Þegar bókin er orðin eins og þú vilt hafa hana kemur þú til okkar með skjalið á USB-lykli, minniskorti, geisladiski eða einhverju slíku. Það er hægt að senda þetta í tölvupósti, en skjölin eru oft of stór fyrir fólk til að senda frá sér. Þessum bókum hefur verið gríðarlega vel tekið, enda varla hægt að finna jólagjöf sem er jafn ódýr og skemmtileg.“



Það er hægt að setja upp og panta allan sólarhringin og nota margir kvöld og nætur þegar annríkið er mikið í desember.




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

9. NÓVEMBER 2012

# Lífið

EGILL ÓLAFS HEIMSÓTTUR

FRÆGIR Á FRUMSÝNINGU

SNIÐUGAR HÁRLAUSNIR



## LÁNSÖM Í STARFI OG LEIK

ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA RÆÐIR STARFIÐ, VEIÐIMENNSKUNA OG TILVERUNA.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

**Friðrik Ómar** sendi frá sér sína fyrstu sólóplötu í ár. Af því tilefni hélt hann einstaklega vel heppnaða útgáfutónleika í Norðurljósum í Hörpu í gærkvöldi. Mörg þekkt



andlit nutu tónlistarinnar eins og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, **Yesmine Olsson,** Friðrika Hjördís



Geirsdóttir, Ragnheiður Guðfinna, Einar Bárðarson, Á allra vörum konurnar Elísabet Sveinsdóttir og



Gróa Ásgeirsdóttir, Matthías Matthíasson, Magni, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, **Regína Ósk,** Svavar Örn og Jógvan Hansen.




Lífið

UMSJÓN

**Ellý Ármanns** elly@365.is

**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Valgarður Gíslason

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Stílisti Elvu Ósk: Agnes Björt Andradóttir Förðun: Ásdís Gunnarsdóttir Fatnaður: Spúútnik


# FANTA FJÖRUG OPNUN Í FÁKAFENI

**Lifandi markaður opnaði formlega glæsilegan matsölustað og verslun í Fákafeni í Reykjavík. Margt var um manninn sem gæddi sér á heilsusamlegum veitingum. Andinn var góður enda ekki við öðru að búast í kringum alla hollustuna.**



Kristín Kristjánsdóttir, Arndís Thorarensen og Hulda Bjarnadóttir.



Þorgrímur Þráinsson, Einar Bárðarson og Ívar Guðmundsson létu sig ekki vanta. MYNDIR/LÍFIÐ



Guðrún Bergmann og Ágústa K. Jónsdóttir.



Arndís og Leifur Welding.



Ásdís og Billa sætar með svunturnar.



Sigurður Flosason og Andrés Þór Gunnlaugsson.




CHELLO

*Náttúruleg lausn á breytingarskeiðinu*

facebook: Chello fyrir breytingarskeiðið

# Hitakóf - Svitakóf

**Hita- og svitakóf er oft fylgikvilli breytingarskeiðs kvenna**

Chello hefur bætt líðan fjölda kvenna á þessu annars frábæra tímaskeiði.

Chello er náttúrulegt efni og fæst í þremur tegundum:



**Grænn** án Soja

**Rauður** fyrir konur yfir fimmtugt

**Blár** fyrir konur undir fimmtugt

Chello fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna

MEZINA

www.gengurvel.is

PRENTUN.IS


Sjá nánar á visir.is/lifid

# FRÆGIR Á FRUMSÝNINGU

**Leikritið Gullregn, frumraun Ragnars Bragasonar, var frumsýnd í Borgarleikhúsinu í vikunni. Þjóðþekktir einstaklingar mættu á sýninguna sem þótti vel heppnuð.**



Hjónin Mikael Torfason, ritstjóri Fréttatímans, og Elma Stefanía Ágústsdóttir leiklistarnemi.



Snorri Freyr, Valur Freyr og Jón Páll leikhúsmenn.



Helga I. Stefánsdóttir og Edda Þórarinsdóttir.



Ragnar Bragason leikstjóri og Helga Rós V. Hannam, búningahönnuður sýningarinnar. MYNDIR/JORRI



**Simone** - 230 cm frá kr. 212.000
einnig fáanlegur í 203 og 183 cm



**Jamaica** - 230 cm kr. 251.800



**Avignon** - 208 cm kr. 309.000
einnig fáanlegur í 183 og 162 cm



**Cajun** - 230 cm kr. 199.400



**Dominique** - 280x166 cm kr. 365.400
stillanlegir hnakkapúðar



**Asanti** - 213 cm kr. 232.800

# SÓFAR OG STAKIR STÓLAR Í MIKLU ÚRVALI



**Edge** - 280x200 cm kr. 283.000
einnig fáanlegur 250x200 cm



**Joy** - kr. 279.400
Hönnun: Niels Gammelgaard



**Gyro** - kr. 159.900
Hönnun: Jan Ekström



**Day** - armstóll kr. 86.900

# LÍNAN

Bæjarlind 16 I 201 Kópavogur I sími 553 7100 I linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 I laugardaga 11 - 16







# EGILL ÓLAFS HEIMSÓTTUR

**Sindri Sindrason** bankar upp á hjá Agli Ólafssyni tónlistarmanni, sem býr í fallegu, gömlu húsi í miðbæ Reykjavíkur, í sjónvarpsþættinum Heimsókn sem er á dagskrá Stöðvar 2 annað kvöld strax að loknum kvöldfréttum. Fjölskylda Egils flutti í húsið fyrir rúmum þrjátíu árum en þá átti að rífa það enda talið ónýtt. Sem betur fer var það ekki gert enda meðal fallegustu húsa í bænum.





Inni í þessu herbergi er Egill öllum stundum og þarna verður tónlistin til.



Flest húsgögn í húsinu eru erfðagripir frá foreldrum bæði Egils og Tinnu.


Á morgun er 10.11.12
10+11+12=33% afsl af öllum vörum í dag og morgun




FLASH
Vertu vinur
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




# Dagur í lífi
## Annasamur dagur hjá Siggu Kling

**10.00** Þar sem ég er B mínus týpan vakna ég upp úr klukkan tíu. Ég vakna alls ekki við klukku því þá fá frumurnar mínar, þessi 70 billjón stykki, sjokk. Síðan fer ég yfir drauma næturinnar því draumarnir eru oft að vara mann við næstu dögum.

**10.30** Set músík á og dansa morgundansinn. Spila hressandi tónlist sem kemur mér í stuð eins og til dæmis fótboltalagið Gerum okkar gerum okkar besta og Simply the best með Tinu. Ég syng með hástöfum – það kemur mér í gírinn. Ég er ekkert sérstaklega svöng á morgnana en elska piparkökur þessa dagana. Það má þegar maður er fullorðinn, er það ekki?

**11.00** Klukkan ellefu byrjar símatíminn. Það er verið að panta fyrirlestra, skemmtanir eða biðja um ráð. Það eru svo margir sem eiga um sárt að binda og þurfa að spjalla við Siggu sína. Svo fer ég með Sigrúnu, sætu dóttur minni, á Gló í Hafnarfirði og fæ mér alltaf hráfæði, það er ávanabindandi. Þetta er gott yin/yang. Ég byrja á óhollu og fæ mér svo hollt.

**13.00** Ég fer síðan með rosalega fallegt fjólublátt efni sem ég keypti í gær í Tvill til Láru vinkonu sem hannar undir nafninu Lögbrot. Hún er snillingur en hún mælir og saumar draumadressið á mig fyrir föstudag því þá er ég skartgripamódel fyrir Inga í SiGN. Sýningin er á Hótel Natura Reykjavík. Þessi kjóll verður líka notaður á sunnudaginn í Eymundsson á Skólavörðustíg klukkan 17.30 en þar verður útgáfupartí á nýju bókinni minni, TÖFRAÐU FRAM LÍFIÐ, sem var að detta í búðir í dag. Bókin er sjálfstætt framhald af bókinni ORÐ ERU ÁLÖG. Amen fyrir því.

**17.00** Gómsætur hryggur eldaður í nýja ofninum mínum. Það er gaman að hafa hrygg á virkum dögum, það má!

**20.00** Öll fjölskyldan saman. Ég, Pétur og Guðbjörn, synir mínir, og dóttir mín Sigrún. Það er mikið hlegið og haft gaman.

**24.00** Ég fer seint að sofa, prjóna morgundaginn í huganum og sendi þakklæti út í alheiminn og býð veröldinni góða nótt.


JÓLIN ERU KOMIN Í PIER
299.900
LYDIE SKÁPUR
199.900
SKENKUR
MIKIÐ ÚRVAL AF KERTAGLÖSUM
149.900
BORÐ
199.900
BIG STAY
SVEFNSÓFI
KÓSÍ TEPPI
2.490
7.990
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

> Það er svo satt sem sagt er að ef einn gluggi lokast þá opnast annar. Ég á við, að þora að hugsa og stíga út fyrir rammann.

# ÁSTRÍÐUFULL LEIKKONA

**Lífið hitti Elvu Ósk Ólafsdóttur leikkonu yfir kaffibolla og komst að því að hún er veiðimaður í húð og hár sem nýtur lífsins að fullu, er sátt og sannarlega ástríðufull þegar kemur að leiklistinni.**




MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Sterk þrívirk trönuberjablanda
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is


**ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR**
**ALDUR:** Mér finnst ég alltaf vera á besta aldrinum.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Er í sambandi.
**BÖRN:** Agnes Björt Andradóttir og Benedikt Andrason.
**STARF:** Leikari.
**ÁHUGAMÁL:** Fólk, náttúra, skotveiði og fleira.
**FYRIRMYNDIR:** Á enga fyrirmynd en samferðafólk og fjölskylda hefur í gegnum tíðina að sjálfsögðu haft áhrif á mig.
**HVAÐ SÉRÐU ÞIG EFTIR 5 ÁR:** Get engan veginn séð það þegar ég veit varla um morgundaginn.

**Lítið hefur borið á þér að undanförnu. Hvar hefur þú haldið þig?** Ég hef verið aðallega hér heima. En ég hef ferðast mikið og þá aðallega með Vesturporti. Fór meðal annars til Norilsk í Síberíu sem var ótrúleg upplifun. Ég átti annasamt sumar og frumsýndi „Gestaboð Hallgerðar“ eftir Hlín Agnarsdóttur um miðjan júlí og sýndi það á Hvolsvelli þar til fyrir stuttu. Við tökum smá pásu frá þeirri sýningu en höldum áfram á nýju ári. Ég var að æfa í september nýtt leikrit eftir Jón Atla Jónasson sem heitir „Nóttin nærist á deginum“ sem fer aftur í æfingu um áramót og verður frumsýnt í lok janúar í Borgarleikhúsinu.

## Líður vel með vinnufélögunum

**Hvað tekst þú á við í dag þegar kemur að leiklistinni?** Ég var að frumsýna „Bastarða“ í Borgarleikhúsinu fyrir stuttu og leik þar Natalíu sem er mjög undirgefin kona. Hún fær sem betur fer smá uppreisn æru í lokin. Leikhópurinn samanstendur af yndislegu fólki sem ég hef oft unnið með. Ég hef unnið svolítið með Vesturporti og það er alveg einstaklega gott. Gísli (Örn Garðarsson) kemur með einhvern nýjan tón og starfsaðferðir inn í leikhúsið sem mér finnst mjög góðar. Það er langt síðan ég hef unnið í Borgó og finnst gaman að koma þangað aftur. Þessa dagana er ég einnig að leika draug í nýrri mynd eftir Ágúst Guðmundsson sem heitir „Ófeigur gengur aftur“ og er rómantísk gaman- og draugamynd.

## Dagur í lífi Elvu Óskar

**10.00** Nú er ég ekki að æfa í bili, þá get ég leyft mér að vakna ekki fyrr en klukkan 10. Ég var að vinna frameftir í gær. Fæ mér alveg svakalega hollt búst sem jaðrar við að vera ógeðisdrykkur því ég asnaðist til að sulla allskyns meiri hollustu út í hann, sem ég geri ekki aftur. Kíki í blöðin og tölvuna.

**11.00** Skelli mér í ræktina og nota tímann á brettinu og les handrit sem ég átti eftir að lesa. Tíminn flýgur.

**12.00** Á stefnumót við vinkonu í hádeginu sem ég hef ekki hitt lengi. Fæ mér rótsterka núðlusúpu á Núðlu-station á Skólavörðustíg. Þriggja klúta súpa og kvefið farið.

**13.30** Á að mæta klukkan tvö að lesa inn á auglýsingu, hef tíma til að skreppa og versla áður.

**14.30** Er komin heim, hendi í vél og tek út úr uppvöskunarvélinni, hringi á meðan og tala við systur mína. Skæpa aðeins við kærastann sem er vaknaður í Florida.

**17.00** Mæti svo á fund klukkan fimm með vinkonum mínum í Heimilistónum. Framtíð hljómsveitarinnar skeggrædd.

**18.45** Kem heim rétt fyrir kvöldmat, elda og er svo mætt upp í leikhús rétt fyrir klukkan sjö.

**22.30** Er í vinnunni til hálf ellefu. Fer heim, spjalla við heimilisfólkið ef einhver er heima, kíki í tölvuna, horfi svo kannski á eitthvað í sjónvarpinu og væflast eitthvað fram yfir miðnætti.

## Hollt að ögra vananum

**Nú hættir þú að vinna sem fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu í fyrra eftir átján ára starfsferil. Hvað tók við í kjölfarið?** Frelsi, samt hef ég sjaldan haft jafn mikið að gera. **Hvernig fannst þér að takast á við breytingarnar sem fylgdu því að hætta hjá Þjóðleikhúsinu eftir svo langan tíma?** Ég lít ekki svo á að ég sé hætt fyrir lífstíð hjá Þjóðleikhúsinu. Ég er bara ekki lengur fastráðin þar og á eflaust eftir að vinna þar fljótlega aftur, en þá sem verkefnaráðin. Átján ár er langur tími og ég hafði aldrei hugsað mér að vinna alla ævi á sama stað. En árin flugu og mér krossbrá þegar ég áttaði mig á því hversu lengi ég hafði starfað á sama stað. Ég er mjög þakklát fyrir þessi átján ár í Þjóðleikhúsinu þar sem ég fékk að þroska mig og þróa sem leikari. Ég var mjög lánsöm með hlutverk og hef verið í gegnum tíðina. Það er gott að vinna þar en leikhúsið þarf að hafa hreyfingu á listamönnum og það er hollt okkur öllum að breyta til, brjóta upp mynstur og þægindaramma, ögra vananum og leita á nýjar slóðir. Samt er ég einnig þeirrar skoðunar að leikhús á að hafa sinn kjarna af fastráðnum leikurum. Það hentar mér hins vegar mun betur núna að vera lausráðin. Mig hefur langað til þess í mörg ár svo það var ekki dramatískt fyrir mig að breyta til.

## Leyfir sér að njóta

**Þú ert stórglæsileg kona. Hvernig heldur þú þér í formi líkamlega og andlega?** Ég hef lært það í gegnum tíðina að leyfa mér að borða það sem


... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!





Höfuðhandklæðin frá Sif eru saumuð úr gæðabómull. Létt og þægileg í notkun og henta jafnt síðu sem stuttu hári og dömum á öllum aldri.

Fáanleg í 10 litum



Sif
höfuðhandklæði
gsm 660 8860
elfursif@internet.is
Nánar um sölustaði á facebook


MYND/VALLI

mig langar í því ég er algjör nautnaseggur, en allt er gott í hófi. Ég nenni ekki að vera í endalausri megrun. Ef ég bæti á mig þá tek ég á því með til dæmis minni skömmtum og meiri hreyfingu. Ég fer í ræktina þegar ég hef tíma, svo hugsa ég vel um að borða hollan mat. Ég hef forðast unnar vörur og brauð í mörg ár þótt það komi auðvitað fyrir að það fari inn fyrir mínar varir. Ég sef út þegar ég get. Það sama gildir um andlegu hliðina. Ég nærist á því að ræða hin ýmsu málefni við vini mína, lesa og skoða, ganga úti í náttúrunni og næra andann. Engin megrun þar heldur.

**Ef þú lítur um öxl, hvaða hlutverk eru þér kær?** Mér hefur alltaf fundist það hlutverk sem ég er að fást við þá stundina, vera mér kært. Í leikhúsinu eru mér minnisstæðust þau hlutverk sem eru vel skrifuð og þar af leiðandi gaman að vinna, til dæmis Nóra í Brúðuheimilinu eftir Ibsen. Miklu skiptir líka hópurinn sem stendur að sýningunni. Ég hef alltaf verið svo lánsöm að vinna með eðalfólki, skemmtilegu og skapandi, svo ég á ansi erfitt með að gera upp á milli.

## Gæði leikara á Íslandi mikil

**Hvernig er að starfa sem leikkona á Íslandi? Hverjar eru neikvæðu og jákvæðu hliðarnar sem við áhorfendur þekkjum ekki til?** Það er mjög gott að vera leikari hér miðað við til dæmis í Bretlandi þar sem allir eru lausráðnir og atvinnuleysið gríðarlega mikið. Hér geta leikarar unnið í leikhúsi, kvikmyndum, sjónvarpi, tal-

Framhald á síðu 8


Elva Ósk er mikið náttúrubarn og svo er hún veiðimaður sem kemur skemmtilega á óvart.

7 ÁRA

SPENNANDI TILBOÐ Í GANGI
FÖSTUDAG LAUGARDAGUR OG SUNNUDAG
Í TILEFNI 7 ÁRA AFMÆLIS GYLLTA KATTARINS

7 ÁRA




DÆMI
20% AFSLÁTTUR AF PELSUM
50% AF VÖLDUM VÖRUM
15% AF NÝJUM VÖRUM

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8–10
SÍMI 534 0005
OPIÐ ALLA DAGA



**Hér er Elva Ósk í hlutverki Hallgerðar.** Ég átti annasamt sumar og frumsýndi Gestaboð Hallgerðar eftir Hlín Agnarsdóttur um miðjan júlí og sýndi það á Hvolsvelli þar til fyrir stuttu. Við tökum smá pásu á þeirri sýningu en höldum áfram á nýju ári.






## „Ég held ég geti fullyrt að ekkert okkar er í þessu út af laununum, heldur er þetta hrein ástríða.

**Framhald af síðu 7**

sett myndir, leikið í útvarpsleikritum, lesið inn á auglýsingar og svo framvegis. Leikarar í öðrum löndum eru oftast fastir við eitthvað eitt, eins og talsetningu eða eingöngu leik í sjónvarpi, svo eitthvað sé nefnt. Þannig að við fáum þjálfun í svo mörgu. Svo er það neikvæða: Hér er líka atvinnuleysi mikið hjá leikurum. Við búum í svo litlu landi að markaðurinn er lítill og þar af leiðandi ekki miklar peningaupphæðir fyrir störf sem erlendir leikarar fá formúu fyrir á stærra markaðssvæði. Gæði leikara hér heima eru mikil. Við eigum fullt af frábærum listamönnum. Ég held ég geti fullyrt að ekkert okkar er í þessu út af laununum, heldur er þetta hrein ástríða.

### Spilar á bassa með skotvopnaleyfi

**Áttu þér áhugamál sem þú sinnir fyrir utan leiklistina?** Já, ég fer heilmikið út í náttúruna. Ég er búin að vera með skotvopna- og veiðileyfi í fjögur ár og ég elska að fara á veiðar. Útiveran gefur mér mikið og svo er það auðvitað bónus ef eitthvað veiðist. Ég hef svo gaman af þessu að ég gæti hugsað mér að gera þetta daglega. Eins með hljómsveitina Heimilistóna. Ég er bassaleikari og elska að spila tónlist með þeim. Vandamálið er bara það að sjaldan gefst tími til að hittast. Svo eru mörg önnur áhugamál sem ég á eftir að gefa mér tíma í seinna.

**Að lokum, þitt mottó í lífinu?** Þora að lifa lífinu á mínum forsendum og vera hamingjusöm.

**Hvað áttu við með að þora?** Hafa kjark til að brjóta upp mynstur, hvort sem það tengist vinnu, búsetu og fleiru. Það er svo satt sem sagt er að ef einn gluggi lokast þá opnast annar. Ég á við, að þora að hugsa og stíga út fyrir rammann. Þora að fara sína leið og standa með sér. Þora að lifa á sínum forsendum án þess að velta sér upp úr áliti og skoðunum annarra. Þora að fylgja sínum draumum.

## Uppáhalds



**TÍMARIT:** Ég glugga sjaldan í tímarit nema þá helst á biðstofum og flugvöllum. Kíki þá aðallega í home-decoration blöð, tískublöð og matreiðslublöð. Eina blaðið sem ég kaupi alltaf er jólablað Bo Bedre.
**BÍÓMYND:** Cinema Paradiso, Black Swan, Love actually og fleiri.
**HÖNNUÐUR:** Gusto.
**MATSÖLUSTAÐUR:** Úfff... svo margir. Til dæmis Sushisamba, Grillmarkaðurinn, Tapashúsið hér í Reykjavík, Smith& Wollensky í Miami og Ruth Chris Steakhouse i Cancún Mexico.
**SNYRTIVÖRUR:** Ég nota mjög lítið af snyrtivörum. Helst þá frá Nivea, Mac og svo Lancome maskara.
**KAFFIHÚS:** Fjöruhúsið á Hellnum og Flat White í Soho í London.
**LANDSHLUTI Á ÍSLANDI:** Vestmannaeyjar og Snæfellsnesið.



# Jólaævintýri Marentzu Poulsen

## *- ógleymanleg jólaveisla í Grasagarðinum*

**Marentza Poulsen framreiðir sitt margrómaða jólahlaðborð í Café Flóru í Grasagarðinum.**

Ævintýraleg matarupplifun helst í hendur við rótgrónar danskar hefðir.
35 glæsilegir og gómsætir réttir bornir fram.

Monika Abendroth leikur á hörpu undir borðhaldi.

Jólahlaðborðið er öll fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld fram að jólum.

Veislan hefst 29. nóvember og stendur til 22. desember.

Hópar eru velkomnir alla daga. Veisluþjónusta fyrir minni og stærri hópa.

*Matseðilinn og nánari upplýsingar má finna á www.cafeflora.is*





**CAFÉ FLÓRA**
Grasagarðinum

**Borðapantanir í síma 553-8872 eða á cafeflora@cafeflora.is**

# KRULLUR FYRIR ÞÆR SEM ÞORA

**Íris Sveinsdóttir hefur um árabil kennt hárgreiðslu hér á landi sem erlendis. Nú hefur hún sett saman glæsilega hárgreiðslubók þar sem hún kennir auðveldar greiðslur í nokkrum þrepum Bókin heitir Frábært hár og er gefin út af Veröld. Hér má sjá brot úr bókinni.**

„Ein af uppáhaldsaðferðum mínum til að gera villtar krullur er zúlú-hnútaaðferðin, en með henni er hægt að gera rennislétt hár verulega krullað. Mikilvægt er að hárið sé hreint og algerlega þurrt áður en byrjað er að rúlla upp. Stærðin á krullunum fer eftir því hve stórar skiptingarnar eru. Því stærri hnútar, því stærri krullur, en þá verður rótin líka sléttari. Þess vegna mæli ég með því að hafa lokkana ekki of þykka. Mikilvægt er að úða hárlakki á hvern lokk, helst lakki sem byggist á sykri, það er auðveldara að greiða það úr síðar. Ég byrja á að snúa upp á lokkana til hægri (örvhentir snúa auðvitað til vinstri). Ég byrja að snúa neðst við rótina og þegar nokkuð þéttur u.þ.b. 10 sentímetra stilkur hefur myndast (fer auðvitað eftir hárlengd) set ég lítinn snúð á stilkinn sem ég held með vinstri hendi og held svo áfram að vefja lokknum niður eftir stilkinum. Það er mjög mikilvægt að vefja vel, alveg út í enda, og gæta þess vel að lokkarnir séu bæði vel vafðir og snúnir í kringum stilkinn.

Þegar lokkurinn hefur verið vafinn alveg niður þarf að festa hann með spennu, annars rekur hann sig til baka. Gæta þarf vel að því að hnútarnir séu nokkurn veginn í svipaðri stærð svo að krullurnar verði jafnar.

Þegar búið er að rúlla upp öllu hárinu er gott að úða ögn af hárlakki yfir allt til öryggis. Svo er bara að bíða, fara undir þurrku í að minnsta kosti 30 mínútur eða að blása öðru hvoru með blásaranum yfir hnútana. Á meðan er auðvitað upplagt að nota tímann og mála sig. Þegar hnútarnir eru teknir úr er mikilvægt að byrja neðst, rekja þá fyrst varlega í sundur og taka síðan hvern lokk og renna fingrunum í gegnum hann. Gott er að vera með ögn af serum (glansefni) í höndunum (er bæði til sem úði og gel), þá gengur betur að losa hnútana.“

Munið að mikilvægt er að hárið sé alveg orðið þurrt áður en þið byrjið upprúllið og að snúa alveg út í enda, annars verða lokkarnir ekki fallegir.

## ZÚLÚ - HNÚTAAÐFERÐIN



1 Það er mikilvægt að lokkarnir séu allir jafn þykkir svo að krullurnar verði jafnar.

2 Snúið upp á lokkinn þangað til að þéttur stilkur hefur myndast.





3 Haldið með vinstri hönd um stilkinn og haldið áfram að snúa.

4 Vefjið snúnum lokknum niður stilkinn.





5 Vefjið vel alveg út í enda og festið með spennu.

6 Zúlú-hnútar geta verið töff greiðsla fyrir þær sem þora.





7 Byrjið að leysa hnútana neðst. Gott er að hafa örlítið glansefni á höndunum á meðan.


AUGLÝSING - NATHAN OG OLSEN KYNNIR

# ÞVOTTAKODDAR – EINFÖLD OG ÖFLUG NÝJUNG

**Biotex er þekktast meðal Íslendinga fyrir blettaeyðinn sem hefur verið fáanlegur hérlendis um árabil. Nú er komin heil þvottaefnislína frá Biotex sem byggist á 45 ára reynslu og sérfræðiþekkingu á blettahreinsun og þvottaeiginleikum. Þar á meðal eru svokallaðir þvottakoddar en þeir eru algjör nýjung á íslenskum þvottamarkaði.**

Þvottakoddarnir einfalda skömmtun á þvottaefni og draga úr sóðaskap í þvottahúsinu, bæði á gólfinu og í sápuhólfinu því þú setur koddann einfaldlega inn í þvottavélartromluna á undan óhreina þvottinum. Koddinn inniheldur einn skammt af fljótandi þvottaefni sem leysist auðveldlega upp í vatni. Umbúðirnar leysast einnig upp og skolast út með vatninu. Þvottaefnið í koddunum er tvöfalt kröftugra en venjulegt fljótandi þvottaefni frá Biotex. Þvottakoddarnir eru fáanlegir í tveimur gerðum; fyrir hvítan eða ljósan þvott og fyrir mislitan þvott.



### Mikilvægt að velja rétt

Þvottamarkaðurinn hefur breyst – hér áður fyrr var bara einn þvottaefnispakki í þvottahúsinu en með betri og sérhæfðari þvottaefnum hefur fólk nú kost á betri meðhöndlun á fötunum sínum sem lengir líftíma þeirra. Þvottaefni sem eru sérstaklega ætluð hvítum og ljósum þvotti eru sterkari og fara því ekki vel með marglitan og dökkan þvott. Fyrir marglitan þvott er gæfulegra að nota þvottaefni sem hreinsar vel án þess að hætta sé á að efnið upplitist. Í Biotex er hátt innihald af mismunandi ensímum sem ráðast á erfiða bletti án þess að fara illa með efnið. Ensímin gefa einnig möguleika á að þvo bletti úr við lægra hitastig sem fer mun betur með flíkurnar.

### Þvottefni fyrir svartan þvott

Til þess að halda svörtum og mjög dökkum fötum fallegum er best að þvo þau með sérstöku þvottaefni fyrir svartan þvott. Biotex Black inniheldur ensím sem fjarlægja slitnu trefjarnar af yfirborði efnisins og gera þannig litina skýrari. Það er ekki svart litarefni í þvottaefninu svo óhætt er að nota það á dökk föt sem innihalda líka ljósari liti.

### Fljótandi þvottaefni hefur mikla kosti

Margir hafa fært sig úr hefðbundnu þvottadufti í fljótandi þvottaefni á undanförnum árum. Það hefur marga kosti fram yfir þvottaduft. Það leysist auðveldar upp í vatninu og því er engin hætta á að þvotturinn innihaldi leifar af þvottaefni eins og stundum vill gerast með þvottaduft. Af sömu ástæðu hentar fljótandi þvottaefni líka vel í handþvott og vélaþvott við lágt hitastig. Fljótandi þvottaefni fer einnig betur með viðkvæman þvott og föt úr mjög fínum efnum. Auk nýjunganna í þvottaefnum kynnir Biotex nú nýjan og enn öflugri blettaeyði með ensímum sem sprautar froðu sem binst við óhreinindin og lyftir þeim upp frá þráðunum í efninu. Með Biotex er því leikur einn að fá skínandi hreinan þvott í hvert skipti og lengja jafnframt endingartíma hans.




Biotex-þvottakoddar einfalda heimilisþvottinn. Þú tekur bara einn kodda og kastar honum í tromluna með óhreina þvottinum. Þú þarft ekki að spá í skammtastærðum og því fer ekkert til spillis.




Biotex fljótandi þvottaefni fyrir hvítan, svartan eða mislitan þvott. Lengdu líftíma fatanna þinna.

# 100%
# NÁTTÚRULEG
## - engin aukaefni!

**Dolmio pastasósan er 100% náttúruleg. Hver krukka inniheldur 10 safaríka tómata og ítölsk krydd. Í Dolmio pastasósum eru engin aukaefni.**




PIPAR\TBWA • SÍA • 112877

**Hvenær er þinn DOLMIO dagur?**

DOLMIO®

# MUN KOMA Á ÓVART

„Svali skoraði á okkur Svavar því við eigum það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á góðum mat og veitingastöðum og tölum svolítið mikið um mat. Mér fannst nú lítið mál að taka þessa ákvörðun núna þar sem það er svo langt í námskeiðið en svo sjáum við til hvernig þetta leggst í mig þegar þar að kemur,“ segir Tobba Marinósdóttir um samkomulag sem hún gerði við félagana og þáttastjórnendurna Svala Kaldalóns og Svavar Örn sem stýra morgunþættinum á Kananum 100,5 um þriggja mánaða námskeið í crossfit. Tobba segist ánægð með það að engar fitumælingar eða vigtun fari fram á námskeiðinu heldur verða eingöngu árangursmælingar í styrk og þoli. Tobba viðurkennir einnig að þegar hún taki sér eitthvað fyrir hendur geri hún það nú yfirleitt mjög vel. „Ég á eftir að koma strákunum á óvart.“



Hér má sjá Svala handsala samkomulag við Tobbu og Svavar Örn um þriggja mánaða keppni sem þau munu hefja í janúar í Reykjavík Crossfit.



**Dröfn Vilhjálmsdóttir, sem heldur úti matarbloggsíðunni Eldhússögur (www.eldhussogur.com), deilir helgaruppskriftinni að þessu sinni.**

### Kjúklingalasanja með fetaosti og spínati

**Fyrir 6**

900 gr kjúklingabringur, skornar í litla bita
ólífuolía til steikingar
pipar
1 rauðlaukur, saxaður smátt
2 hvítlauksrif, söxuð smátt
2 dósir niðursoðnir tómatar
1 box fersk basilika
2 tsk. þurrkuð basilika (krydd)

150-200 g ferskt spínat
150-200 g fetaostskubbur
lasanjaplötur
rifinn ostur

**Ostasósa**
40 gr smjör
4 msk. hveiti
5-6 dl mjólk
2 dl rifinn ostur
Múskat
Pipar

Blandið tómötum og basiliku saman í matvinnsluvél eða með töfrasprota.
Steikið kjúklinginn upp úr olíu á pönnu og kryddið með pipar Bætið rauðlauk og hvítlauk á pönnuna og steikið með kjúklingnum í nokkrar mínútur.Hellið sósunni því næst á pönnuna og kryddið með basiliku. Ostasósa: Bræðið smjör í potti og hrærið hveiti saman við. Hellið mjólkinni rólega saman við þar til sósan er hæfilega þykk. Bætið ostinum yfir og hrærið saman á vægum hita þar til að osturinn er bráðnaður. Kryddið með múskati og pipar.
Setjið ostasósuna á botninn á eldföstu móti og því næst er lasanjaplötum raðað yfir ostasósuna. Þá er kjúklingasósa sett yfir lasagnaplöturnar og ofan á hana er dreift spínati og að auki er muldum fetaosti stráð yfir. Endurtakið nokkrum sinnum og setjið ost á toppinn. Bakið við 225°C í u.þ.b. 20-25 mínútur.







# „Kátur jól or Merry Christmas“

Stríðsárin lifa enn í minningu margra hérlendis enda tími mikilla breytinga. Margir Íslendingar safna munum frá þessum sögulega tíma. Einn þeirra er Sævar Þ. Jóhannesson sem safnar jólakortum ásamt öðrum munum frá stríðsárunum.

Sævar Þ. Jóhannesson hefur um áratuga skeið safnað ýmsum munum sem tengjast stríðsárunum á Íslandi. Hann á meðal annars merkilegt safn jólakorta sem framleidd voru hér á landi eftir 1940. Um er að ræða bæði íslensk jólakort auk jólakorta sem framleidd voru af bandaríska hernum sem hafði aðsetur hér á þessum árum. Sævar segist hafa haft mikinn áhuga á stríðsárunum alveg síðan hann var krakki en hann er fæddur árið 1938. „Ég man fyrst eftir hernum þegar ég var fimm ára gamall árið 1943 en ég ólst upp í Vestmannaeyjum. Jólakortin fengust þar eftir stríðslok og þá byrjaði ég að safna þeim. Það var þó ekki fyrr en mörgum árum síðar að ég hóf að safna þeim fyrir alvöru. Ég fékk töluvert af þessum kortum að utan í gegnum eBay, þá helst frá Bandaríkjunum en einnig nokkur frá Bretlandi.“


Sævar Þorbjörn Jóhannesson safnar jólakortum frá stríðstímanum. MYND/STEFÁN

Íslensku jólakortin voru teiknuð af Stefáni Jónssyni, listamanni úr Hafnarfirði, en voru ekki merkt honum. Þau eru 23 talsins og spanna nokkurra ára tímabil. Þannig eru elstu kortin með myndum af breskum hermönnum. Næst í röðinni eru kort með bæði breskum og bandarískum hermönnum og yngstu kortin eru með bandarískum hermönnum enda þeir bresku þá farnir hér af landi.



Braggajól á Íslandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

Jólakortin voru seld í verslunum í Reykjavík og víða um land og voru fyrst og fremst ætluð hermönnum beggja landa til að senda heim til sín. „Síðar teiknaði hann önnur kort í sama anda fyrir Íslendinga og þau eru merkt með upphafsstöfum hans. Það er eins og hann hafi ekki viljað láta bendla sig við herinn fyrst hin kortin eru ómerkt.“

Einstaka deildir bandaríska hersins hér á landi létu auk þess framleiða eigin jólakort merkt viðkomandi deildum. „Verkfræðideild sjóhersins var til dæmis með kort merkt „Seabees“ og svo mætti lengi telja. Þessi jólakort voru einungis gerð fyrir hverja deild fyrir sig sem störfuðu hér á landi á þessum árum. Það sést vel á sumum kortunum að þau eru framleidd hér á landi. Á einu þeirra er ein þýðingin svolítið hlægileg en þar stendur „Kátur jól or Merry Christmas“ og sýnir brosandi hermann í snjóskafli.“



Jólakort frá árinu 1943. MYND/ÚR EINKASAFNI

Auk jólakortanna á Sævar gott safn af öðrum munum frá stríðstímanum. Hann á til dæmis safn skrautvasaklúta úr silki sem seldir voru breskum og bandarískum hermönnum sem sendu þá heim til ástvina sinna. Einnig á hann matseðla og ýmsa smámuni sem hermennirnir gerðu á meðan þeir dvöldu hér.



Brosleg þýðing á bandarísku jólakorti. MYND/ÚR EINKASAFNI



Jólakort frá „Seabees“ frá árinu 1944. MYND/ÚR EINKASAFNI


Þessa fallegu mynd af sólarupprás í Neskaupstað tók Kristín Hávarðsdóttir á fögrum morgni í byrjun nóvember. Með henni fylgdu orðin: „Alveg hreint einstaklega falleg byrjun á vinnuvikunni“ og gefa þau ásamt myndinni innsýn í töfrandi vetrarmorgun í lífi Kristínar. MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

## Lífsins tilvera á jólakort

Jólakort þurfa ekki nauðsynlega að skarta mynd af jólabjöllum, jólasveinum eða börnum í jólaskapi. Með aukinni myndavélaeign landsmanna og þegar velflestir búa yfir ágætis myndavél í farsímum er auðvelt að grípa lífsins ómótstæðilegu andartök og festa að eilífu á mynd.

Innsýn í daga ástvina er hjartnæm kveðja á jólum og sýnir hvar þeir voru staddir og hvað þeir upplifðu á árinu sem er að líða.

Hægt er að velja úr fallegum myndum frá öllum árstíðum, þar sem sendandi jólakortsins sýnir sjálfan sig í skemmtilegum aðstæðum á árinu eða það sem fangaði huga hans og hjarta. Margir trega færri samfundi í annríki nútímans og því kærkomið að fá persónulega minningu í mynd eða myndum sem snertu líf sendandans á jólakorti.

## KORTIN Á STALL



**Þegar líður** að jólum fara jólakortin að hrynja inn um lúguna. Sumir opna þau í ofboði strax en aðrir safna umslögunum saman á góðan stað og opna þau í ró og næði á aðfangadagskvöld eða jóladag.

**Hvort heldur** sem er er gaman að finna þessum fallegu kveðjum, og oftar en ekki myndum, stað þar sem hægt er að skoða þær og handfjatla á meðan jólahátíðin stendur yfir. Sumir strengja snúru upp á vegg og hengja kortin upp með skemmtilegum jólaklemmum en svo má líka stilla þeim upp eins og myndin sýnir en svona myndastanda er að finna í hinum ýmsu smáhlutaverslunum.





## JÓLAMYNDIN Í LONDON



Finnist einhverjum jólin koma seint á Íslandi ætti sá hinn sami að skella sér til London. Fyrstu jólaljósin sem þar eru tendruð eru á hinu sögufræga Oxford-stræti. Í ár voru þau kveikt þann 5. nóvember með pompi og prakt. Robbie Williams sá um að ýta á rofann auk þess að taka nokkur lög. Ljósadýrðin á Oxford-stræti er stórfengleg enda yfir þrjú hundruð þúsund perur notaðar til lýsa upp götumyndina. Í Oxford-stræti ætti að vera hægur vandi að gera jólainnkaupin enda yfir 300 verslanir þar að finna og hagstæðustu flugin frá Íslandi eru til London. Gráupplagt væri að slá tvær flugur í einu höggi og taka fallegar jólamyndir fyrir jólakortin með upplýst Oxford-stræti í bakgrunni.



## HUNDURINN BO Á JÓLAKORTI OBAMA FORSETA

**Opinbert jólakort** Hvíta hússins kemur út á hverju ári og hefur hver forseti sett sinn svip á kortið. Yfirleitt prýðir kortið máluð mynd af Hvíta húsinu sjálfu í vetrarbúning eða jólastemmingin fönguð innandyra. Skiptar skoðanir eru jafnan um jólakortið og þótti repúblikönum jólakort Obama forseta fyrir síðustu jól „lítið jólalegt“ en kortið prýddi málverk af Bo, hundi forsetafjölskyldunnar, fyrir framan arineld, gjafir voru á borði en ekkert jólatré.

Sarah Palin, fyrrverandi forsetaefni repúblikana, lét meðal annars hafa eftir sér að sér þætti undarlegt að forsetinn skyldi setja hund í forgrunn í stað þess að leggja áherslu á „fjölskylduna, trúna og frelsið“.

Inni í kortinu stóð lauslega þýtt: „Frá fjölskyldu okkar til þinnar fjölskyldu, megi ljós hátíðarinnar skína á ykkur.“



## ÁRLEG JÓLAMYNDATAKA ER SKEMMTILEG HEFÐ

**Sumir hafa** það fyrir reglu að fara alltaf í jólamyndatöku og senda afraksturinn í jólakorti til ættingja og vina. Það hefur marga kosti.

Í fyrsta lagi er þetta gott tilefni til að drífa í því að kaupa jólafötin og dressa fjölskylduna upp enda þarf myndatakan að fara fram með góðum fyrirvara. Flestir eru fegnir því að eiga þetta ekki eftir korter fyrir jól. Þá er líka hægt að drífa mannskapinn í klippingu og spara sér að þurfa að gera það þegar allar hárgreiðslustofur eru orðnar yfirfullar. Það er afskaplega gaman að eiga minninguna og geta litið yfir myndirnar síðar meir og séð hvernig fjölskyldumeðlimir hafa dafnað og breyst. Það gefur flestum mikið og má oft greina alls kyns tískubylgjur og skemmtilegheit. Að síðustu hafa flestir gaman af því að fá myndakort frá sínum nánustu.





## Viðgerðir

**Ódýrar viðgerðir, leysum öll mál!**
Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Garðyrkja

GARÐLIST
ALLT FYRIR GARÐINN Á EINUM STAÐ
23 ÁRA
Setjum upp og seljum hágæða jólaseríur.
2 ÁRA ÁBYRGÐ!
Fáðu tilboð ... 554 1989

HreinirGarðar
Jólaskreytingar
10% afsláttur af uppsetningu ef þú kaupir seríurnar af okkur
www.hreinirgardar.is
S.571-2000



**Jólatré í potti**
Til sölu lifandi jólatré í potti. Tilvalið til skreytinga utandyra fyrir jólin. Uppl. í s. S:897-9585 og 867-2516.

## Málarar

**Málarameistari**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Húsaviðhald

fagflísar
GSM 866-6291
NETFANG fagflisar@fagflisar.is
VEFSLÓÐ www.fagflisar.is
- flísalagnir
- múrverk
- múrviðgerðir
- steining

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
- flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf - parket. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

**Nudd - nudd - nudd**
Gott nudd í 101 Reykjavík. Opið frá 08 - 23. Kristina Jóhannsson 849 8179.

## Spádómar

**Spásími Láru 907 2012**
Spámiðlun, tarotlestur, hvað viltu vita ? Algjör trúnaður. Opið frá 13-23.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.



**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ármúli S. 894 4817.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Rúllugardínur**
Íslensk framleiðsla. Gott verð. Opið 13-17. Gluggakappar Reyðarkvísl 12, s. 567 1086.



**Hringborðstofusett á heildsöluverði**
Erum með til sölu ný og glæsileg hringborðstofusett, 1,5m í þvermál með átta stólum, verð aðeins 275.000 kr. Settin er hægt að skoða hér www. listinn.is og í Listanum, Akralind 7, virka daga frá kl. 10-17, sími: 564-4666 / 866-6101.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro Erum á facebook.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 72 fm 2 herb. íbúð í lyftublokk. Í 111 Rvk. Uppl. í s. 892 2506.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
**Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti. orlofshus.is Leó 897 5300**

## Atvinnuhúsnæði

**64,6 (51,6+13) m2 iðnaðarbil**
Þessi eftirsótta stærð er til sölu eða leigu. 13 m2 milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Potrzebuje do pracy ciesle ze znajomoscia montazu form szalunkowych oraz operatora dzwigu budowlanego.Zgloszenia prosze wysylac w j. Angielskim na adres e-mail : heimab@ simnet.is

**Uppsteypa**
Óska eftir mönnum í uppsteypuverkefni. Uppl í síma 897-4807

**Au Pair Luxembourg**
Til að gæta 4 og 7 ára hressa krakka eftir skóla frá janúar byrjun fram á sumar. Frönsku eða þýsku námskeið í boði.Þarf að hafa bílpróf. Áhugasamar sendið póst á islensk.aupair@gmail. com

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Verktakar, 2 rafvirkjar og 2 smiðir óska eftir vinnu. Millivegur, málningarvinna, flísalögn, viðgerðir. S. 892 9295.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999




## Fundir / Mannamót

LAUF

**ERT ÞÚ ...**
... foreldri, vinur, maki, kærasti/a, systkini eða annar aðstandandi fullorðins einstaklings með flogaveiki?
**Þá er þetta fundur fyrir þig.**

**Mánudagskvöldið 12. nóvember kl. 20.00 ætlum við að hafa spjall- og stuðningsfund fyrir aðstandendur fullorðinna með flogaveiki.**

**Fundurinn verður á skrifstofu félagsins í Hátúni 10b, 9.hæð, kl. 20.00. Markmiðið er að hittast, spjalla, deila reynslu og styðja hvert annað.**

*LAUF – félag flogaveikra*

**UNDANTEKNINGIN** EFTIR **AUÐI ÖVU ÓLAFSDÓTTUR**

# „OPINBERUN“

–LE MONDE UM AFLEGGJARANN



Flóki, eiginmaður söguhetjunnar kemur út úr skápnum og flytur til nafna síns og samstarfsmanns. Í kjallaranum býr dvergurinn Perla sem leggur stund á hjónabandsráðgjöf og ritstörf og situr ekki á sínum góðu ráðum.

**Auður Ava Ólafsdóttir** er stjórstjarna í evrópskum bókmenntaheimi. **Afleggjarinn** og **Rigning í nóvember** hafa farið sannkallaða sigurför.

„Býr yfir sjaldgæfum töfrum“
–LIBERATION

NÝ SKÁLDSAGA EFTIR HÖFUND METSÖLUBÓKARINNAR AFLEGGJARINN

KEMUR ÚT Í DAG!

BJARTUR




DYNAMO REYKJAVÍK

# tímamót

timamot@frettabladid.is



53 **EGILL HELGASON** sjónvarpsmaður er 53 ára

*„Ég tel að það sé miklu betra að byrja sem skrifandi blaðamaður. Ég er mikið á móti því að fólk byrji í sjónvarpi eða bara með míkrófóninn. Hitt er svo miklu betri skóli.*

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON: GEFUR ÚT PLÖTU Í TILEFNI AF SEXTUGSAFMÆLI

## Kannski brasilískur í fyrra lífi

Ingvi Þór Kormáksson, tónlistarmaður, rithöfundur, þýðandi og bókasafnsfræðingur, fagnaði sextugsafmæli fyrr á árinu. Í tilefni af því kom út á dögunum Latínudeildin; tvöfaldur geisladiskur með tónlist sem Ingvi hefur samið á undanförnum árum. Platan er með rómönsku ívafi, bossanova og sambastemning ráða ríkjum ásamt nokkrum salsalögum ættuðum frá Kúbu. Lögin eru sungin á íslensku, ensku og portúgölsku. Á plötunni kemur fram úrval tónlistarmanna, svo sem söngkonurnar Eivør Pálsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir og Jussanam Dejah.

Þetta er ellefta breiðskífan sem Ingvi Þór gefur út síðan 1994, þar af hafa komið út fjórar með blússveitinni J.J. Soul Band. Hann segist hafa haft hug á að gefa út plötu með eingöngu suðuramerískri tónlist um nokkra hríð.

„Fyrir utan blúsinn hef ég fengist talsvert við suðuramerískar lagasmíðar en mig langaði að gefa út plötu sem samanstæði fyrst og fremst af brasilískri tónlist, þá helst bossanova. Hún er í aðalhlutverki hér en það er líka smá samba og nokkur salsalög, svo stemningin teygir sig alla leið til Kúbu." Ingvi Þór segist hafa heillast af suðuramerískri tónlist þegar hann fimmtán ára.

„Þá hafði ég aðallega verið að hlusta á Animals og Rolling Stones. En svo heyrði ég „latín"-tónlist og það var eins og þruma úr heiðskíru lofti." Hann segir suðuramerísku hrynjandina höfða sterkt til sín og ekki síður hljómsetningar brasilískra lagasmiða.

„Þeir nota oft stóra hljóma og eru óhræddir við að vera með flókinn hljómagang. Ég hef leitast við að nota svipaðar aðferðir við mínar lagasmíðar. Maður æfist auðvitað með tímanum og þegar ég sest við hljóðfæri til að semja byrja ég yfirleitt ósjálfrátt að spila í þessari afslöppuðu hrynjandi bossanova-tónlistar, eins og ég hafi verið Brasilíumaður í fyrra lífi."

Flest lögin á plötunni voru samin fyrir sex til sjö árum en inn á milli eru lög sem teygja sig allt aftur á 9. áratuginn. Spurður hvort hann láti renna jafn lengi í kerið fyrir næstu plötu segist Ingvi Þór ekki viss.

„Satt að segja ætlaði ég að láta þetta gott heita en maður hefur séð það hjá mörgum að slík áform ganga oft ekki upp. En ég hugsa að ég taki mér gott hlé eftir þetta, þetta er stór útgáfa og hefur tekið mikið á. Ef ég nenni að gefa út aðra plötu einhvern tímann yrði hún kannski „instrúmental".

bergsteinn@frettabladid.is



**INGVI ÞÓR** Heyrði fyrst bossanova-tónlist fimmtán ára gamall og varð hugfanginn af hrynjandinni og hljómaganginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---

✝



Elskuleg eiginkona mín,

**DRÖFN LÁRUSDÓTTIR**
**Dalhúsum 73, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítala, Kópavogi, þriðjudaginn 6. nóvember.
Útförin auglýst síðar.

**Ásmundur Einarsson**

---

✝



Þakka auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs bróður míns,

**ÁRNA JAKOBS ÓSKARSSONAR**
**Framnesvegi 20, Reykjanesbæ.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

**Guðný Óskarsdóttir**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓDÍS KRISTÍN JÓSEFSDÓTTIR**
**Dísa á Mogganum,**
**Norðurgötu 54, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 13.30.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Eiríkur Stefánsson**
**Hulda Stefánsdóttir** **Ståle Eriksen**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLAUG SUMARRÓS JÚLÍUSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 22. október. Við þökkum samhug og hlýju við andlát hennar og útför sem fór fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Droplaugarstöðum fyrir góða umönnun.

**Ingveldur Sigurþórsdóttir**
**Sigrún Sigurþórsdóttir** **Ómar Egilsson**
**Stefanía H. Sigurþórsdóttir**
**Júlíus Þór Sigurþórsson** **Ásta Jóna Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**EINAR KRISTJÁNSSON**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 2. nóvember, verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ mánudaginn 12. nóvember kl. 13.00.
Starfsfólki á Eir og hjartadeild Landspítalans eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Kristján S. Einarsson** **Guðrún Lilja Kristinsdóttir**
**Lilja Ragnhildur Einarsdóttir** **Davíð Másson**
**Kristján Júlíus Kristjánsson** **Kristín Helgadóttir**
**Sigrún Gunnarsdóttir** **Ásgeir Indriðason**
**og barnabarn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar,

**AGNESAR JÓNSDÓTTUR**
**hárgreiðslumeistara,**
**Maríubaugi 103, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 11E á Landspítalanum ásamt Karitas og Ljósinu fyrir góða umönnun og einstaklega hlýtt viðmót.

**Rúnar Jónsson**
**Birgitta Sveinbjörnsdóttir** **Eyþór Sigurðsson**
**Jón Ómar Sveinbjörnsson** **Hildur Hrund Sigurðardóttir**
**Hafsteinn Bergmann Sveinbjörnsson** **Soffía Árnadóttir**
**Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir** **Stefán Birnir Sverrisson**
**Hildur Björk Rúnarsdóttir** **Gísli E. Haraldsson**
**Guðný Hrund Rúnarsdóttir** **Þórður Guðmundsson**
**Jón Ari Rúnarsson** **María Björk Ólafsdóttir**
**og ömmubörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN GUNNAR EGGERTSSON**

andaðist á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, mánudaginn 5. nóvember.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 13. nóvember kl.13.00.

**Ástdís Kristjánsdóttir**
**Ísfold Helga Kristjánsdóttir** **Guðjón Jósefsson**
**Pétur K. Kristjánsson**
**Magnús Viðar Kristjánsson** **Snjólaug Jónsdóttir**
**Jóhann Kristjánsson** **Sigríður Jóna Guðmundsdóttir**
**Eva Hildur Kristjánsdóttir** **Ásgeir Þorláksson**
**Margrét Anna Kristjánsdóttir** **Helgi H. Sigurðsson**
**Ásta María Eggertsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN K. PÁLSSON**
**prentari,**
**Dísaborgum 4, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi sunnudaginn 4. nóvember. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Kristín Jóna Guðlaugsdóttir**
**Gunnar Örn Kristjánsson** **Birna H. Rafnsdóttir**
**Hafþór Kristjánsson** **Sólveig Björk Jakobsdóttir**
**Steinar Kristjánsson** **Sigríður Rósa Víðisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNDINE AMELIE FÆRSETH**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Ólafur I. Ingimundarson**
**Sóley B. Sigurðardóttir**
**Erla Ósk Sigurðardóttir**
**Sigríður H. Sigurðardóttir**
**Petrína Fr. Sigurðardóttir**
**Einar Sigurðarson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓHANN EINVARÐSSON**
**Heiðargarði 29, Keflavík,**

lést laugardaginn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 15.00. Ef þörf krefur verður mögulegt að fylgjast með útförinni í Stapa í Njarðvík. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Jóhanns er bent á Líknarsjóð Oddfellowstúkunnar nr. 13, Njarðar 0121-15-201313, kt. 680380-0239 eða aðrar líknarstofnanir.

**Guðný Gunnarsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson** **Fríða Kristjánsdóttir**
**Einvarður Jóhannsson** **Alice Harpa Björgvinsdóttir**
**Vigdís Jóhannsdóttir** **Birgir Örn Tryggvason**
**og barnabörn.**

# 3,5 L/100 KM FJÖLSKYLDUBÍLL MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

M.V. BLANDAÐAN AKSTUR

## RENAULT MEGANE SPORT TOURER

DÍSIL

VERÐ: **3.390.000 KR.** BEINSKIPTUR

VERÐ: **3.690.000** KR. SJÁLFSKIPTUR

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

P FRÍTT Í STÆÐI!




## SPARNEYTINN OG UMHVERFISVÆNN

**1.714 km**
Miðað við blandaðan akstur

A $CO_2$ 90 G/KM
er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.

**EYÐSLUTÖLUR:**

| | |
|---|---|
| LANGKEYRSLA | **3,2 L** / 100 KM |
| BLANDAÐ | **3,5 L** / 100 KM |
| INNANBÆJAR | **3,9 L** / 100 KM |

Nýr Renault Megane beinskiptur er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1.714 km á einum tanki.

Bíll á mynd er með „privilege" pakka og á 18" álfelgum.

ENNEMM / SÍA / NM55179

www.renault.is

## KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Vertu velkomin(n) í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault veistu hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

RENAULT

B|L **BL ehf.** Sævarhöfða 2 / 525 8000

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** útdeildu, **6.** hróp, **8.** nafar, **9.** fugl, **11.** tveir eins, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** dýrafita, **18.** fugl, **20.** tveir eins, **21.** staðarnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skóbotn, **3.** í röð, **4.** forskot, **5.** dýrahljóð, **7.** land í Evrópu, **10.** flýtir, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** óp, **8.** bor, **9.** lóa, **11.** rr, **12.** ísig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mör, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** sóli, **3.** áb, **4.** forgjöf, **5.** urr, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** móa, **19.** dd.





# Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins

**Verður haldinn laugardaginn 10. nóvember frá kl. 13 - 16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9.**

**Á boðstólum verða fallegir handunnir munir er tengjast jólunum og heimabakaðar gómsætar kökur.**

**Kaffisala.**

**Verið velkomin.**

***Ágóði af sölunni rennur til Fjölskyldumiðstöðvar sem rekin er af Rauða krossinum í Reykjavík með aðkomu Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins.***

Nánari upplýsingar á raudikrossinn.is/reykjavik

**Rauði kross Íslands**
raudikrossinn.is

# SKAPANDI AUÐLINDASÝN



ALDARMINNING
KRISTJÁNS FRIÐRIKSSONAR

**MÁLÞING Í FYRIRLESTRASAL ÞJÓÐMINJASAFNSINS FÖSTUDAGINN 9. NÓVEMBER 2012 KL. 14.00**

Haraldur Ólafsson mannfræðingur rifjar upp hugmyndir Kristjáns um farsældarríki og manngildisstefnu.

Daði Már Kristófersson auðlindahagfræðingur fjallar um hugmyndir Kristjáns um fiskveiðistjórnun, auðlindaskatt, líf- og hagkeðju sem kallast á við sjálfbærnihugsjón samtímans.

Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík ræðir skapandi skólahugmyndir Kristjáns, lífrænt skólastarf og samþættingu hugar og handar.

Friðrik Daníelsson efnaverkfræðingur segir sögu af iðnaðaráformum Kristjáns.

Oddný Eir Ævarsdóttir rithöfundur gluggar í Útvarpstíðindin og uppeldisbækurnar í tengslum við hugsjónina um virkan opinberan vettvang.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi rektor á Bifröst, vinur og samstarfsmaður Kristjáns setur hugmyndir og æviatriði hans í samhengi og stýrir fundi.

**Aðgangur frír og kaffiveitingar í lokin. Allir hjartanlega velkomnir!**


# Kaupin á Eirinni

**BAKÞANKAR** Stígs Helgasonar



Alveg er það makalaust hvað er hægt að þyrla upp miklu moldviðri í kringum eitt hjúkrunarheimili. Eir skuldar einhverjar krónur og samfélagið fer á hliðina. Það var svo sem ekki við öðru að búast en að fjölmiðlar, pólitíkusar og almenningur myndi nýta þetta leiðindamál til að fara í enn eina nornaveiðiferðina. Fátt lætur okkur Íslendingum betur en að kenna einhverjum um þegar hlutir fara aðeins úrskeiðis. Alltaf skal draga menn til ábyrgðar. Eins og það leysi eitthvað.

**TRÚIR** í alvörunni einhver að farsæll og vammlaus stjórnmálamaður á borð við Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson hafi í starfi sínu sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Eirar heyrt viðvörunarbjöllur gella og hunsað þær? Lokað augunum, snúið sér í hring og vonað að þær þögnuðu? Að gamli, góði Villi – þessi yfirlýsti vinur gamla fólksins til áratuga – hafi leynt afleitri fjárhagsstöðu fyrir heimilismönnum, stjórnarmönnum, eftirmanni sínum – bara yfirhöfuð leynt einhverju fyrir einhverjum? Af hverju skyldi hann gera það?

**MAN** fólk eftir REI-málinu? Þegar samherjar hans í borgarstjórn gerðu að honum einhverja ósvífnustu atlögu í íslenskri stjórnmálasögu? Og hvers vegna? Jú, af því að hann hafði til að bera þá áræðni sem þurfti til að fara með Orkuveituna í ábatasama útrás með Hannesi Smárasyni. Nei, hann hélt þeim ekki upplýstum um gang mála en það var bara af því að hann grunaði að þá mundu þessir ungu og rögu afturhaldsseggir setja honum stólinn fyrir dyrnar. Sem varð auðvitað raunin. Afleiðingar þess fyrir Reykvíkinga verða seint metnar til fjár.

**JÁ,** nei. Vitaskuld leyndi Vilhjálmur engu. Skýringin er miklu einfaldari, því að það eru jú tvær hliðar á öllum málum eins og núverandi framkvæmdastjóri Eirar benti á í samtali við DV: „Ég held að menn hafi kannski bara mismunandi fjármálalæsi og sjái hlutina á ólíkan hátt.“ En ekki hvað? Við getum varla ætlast til þess að allir hafi sömu skoðun á því hversu vont það er fyrir hjúkrunarheimili að skulda átta milljarða og vera með neikvætt eigið fé. Sínum augum lítur hver silfrið – nú eða eirinn.

**OG** nú er búið að bola honum úr stjórninni – manninum sem mesta þekkingu hafði á rekstrinum og hefði svo glaður viljað hjálpa til við að greiða úr flækjunni. Það var eftir öðru. Auðvitað er þetta allt tómt væl. Gamla fólkið vissi alveg að það var að taka áhættu þegar það fjárfesti aleigunni í fasteignaprójekti á óvissutímum. Því mundi aldrei endast ævin til að eyða þessum peningum hvort eð er. Nú held ég að það sé kominn tími til að hætta þessu tuði. Það eru að koma jól.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Brauðið sem öll fjölskyldan elskar!




Vöruúrvalið í 10-11
er frábært og þar færðu
nýtt og ferskt Heimilisbrauð
frá Myllunni.

10-11

*Fljótlegt og þægilegt*

# JÓLABÆKURNAR

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




3.999KR.




30% afsláttur

4.549KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.499KR.~~




30% afsláttur

4.409KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.299KR.~~




30% afsláttur

4.549KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.499KR.~~




30% afsláttur

9.790KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~13.999KR.~~




30% afsláttur

6.290KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~8.999KR.~~




30% afsláttur

5.590KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~7.999KR.~~




30% afsláttur

4.680KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.699KR.~~




KYNNINGARVERÐ 4.400KR. VENJULEGT VERÐ* ~~6.290KR.~~




30% afsláttur

2.799KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999KR.~~




30% afsláttur

2.799KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999KR.~~




30% afsláttur

2.799KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999KR.~~




30% afsláttur

2.440KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.490KR.~~




35% afsláttur

2.590KR. UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.989KR.~~

OPIÐ allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir 9.-11. nóvember.

*Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.

# Á BETRA VERÐI
# Í HAGKAUP




KYNNINGARVERÐ
4.890KR.
VENJULEGT VERÐ*
~~6.990KR.~~




30% afsláttur
3.499KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~4.999KR.~~




30% afsláttur
3.849KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~5.499KR.~~




30% afsláttur
3.849KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~5.499KR.~~




30% afsláttur
3.270KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~4.699KR.~~




KYNNINGARVERÐ
3.100KR.
VENJULEGT VERÐ*
~~4.780KR.~~




30% afsláttur
3.700KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~5.290KR.~~




KYNNINGARVERÐ
4.390KR.
VENJULEGT VERÐ*
~~6.280KR.~~




KYNNINGARVERÐ
4.399KR.
VENJULEGT VERÐ*
~~6.299KR.~~




30% afsláttur
2.440KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~3.499KR.~~




KYNNINGARVERÐ
4.190KR.
VENJULEGT VERÐ*
~~5.998KR.~~




30% afsláttur
3.980KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~5.699KR.~~




30% afsláttur
4.050KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
~~5.790KR.~~




KYNNINGARVERÐ
4.890KR.
VENJULEGT VERÐ*
~~6.990KR.~~

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**MEIR'EN AÐ SEGJA ÞAÐ!** Málþing um fjölbreytt móðurmál verður haldið í Gerðubergi frá klukkan eitt til fimm í dag. Til máls taka kennarar, tvítyngd börn og sérfræðingar um fjölmenningu á borð við Kristínu R. Vilhjálmsdóttur sem flytur erindið Lifandi tungumál. Fundarstjóri er Einar Skúlason.

# Vetrarbúningur

Haustmánuðir, skammdegi og veturinn hafa verið innblástur íslenskrar myndlistar að fornu og nýju. Verk sem eru dæmi um það eru til sýnis á sýningunni Vetrarbúningur sem verður opnuð í kvöld í Listasafni Íslands.

Á sýningunni gefur að líta um eitt hundrað verk; málverk, vatnslitamyndir, grafík, höggmyndir og innsetningar, svo sem litskrúðugan Norðurljósabar Halldórs Ásgeirssonar. Verkin, sem eru eftir breiðan hóp íslenskra listamanna, eru öll úr safnaeign Listasafns Íslands. Sýningarstjóri er Sigríður Melrós Ólafsdóttir.

Sýningin stendur yfir í svartasta skammdeginu eða allt til janúarloka.


Deildarbungubræður
á Kringlukránni
föstudags og laugardagskvöld
Sjáumst.
KRINGLU KRÁIN

HVOLPA-SPRELL
Hvati gerir skemmtilegar æfingar með börnunum


„Frábærlega útfært hvernig hreyfing og leikir eru fléttaðir inn í söguna.“
Leifur Geir Hafsteinsson, eigandi CrossFit Sport og doktor í sálfræði
www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



**OLGA BERGMANN OG ANNA HALLIN** Listakonurnar hafa unnið saman um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# UPPBLÁSIN ÍMYND Á REKI

**Myndlistarsýningin Rek verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Sýningin er samstarfsverkefni þeirra Önnu Hallin og Olgu Bergman.**

Sýningin Rek eftir þær Önnu Hallin og Olgu Bergman samanstendur af stuttmynd og innsetningu og byggir á litlu ævintýri um vindsæng í líki Íslands, sem rekur á fjörur nokkurra Evrópulanda. Innblástur sækja listakonurnar mestmegnis til náttúrunnar og jarðsögunnar, þar sem landrekskenning Wegeners kemur við sögu.

„Okkur langaði að vinna með líkan af Íslandi, sem er þessi vindsæng, því lögun landsins er óvenjulega mikilvæg í ímyndarsköpun og sjálfsmynd okkar á Íslandi,“ segir Olga. „Það birtist meðal annars í tíðri notkun á lögun landsins í hönnun og lógóum svo dæmi sé tekið. En við erum líka að velta fyrir okkur afstæði tímans og setjum þess vegna tímarammann í samhengi við jarðsöguna. Það er sagt að jarðflekana reki um tvo sentímetra á ári, sem er álíka hratt og neglur okkar vaxa. Lönd og landamæri verða þannig afstæð í jarðsögulegum skilningi og líka sjálfsmynd þjóða; jafnvel staðsetning heilu landanna verður afstæð í þessu samhengi. Við erum að leika okkur að þessu og pælingum um ímynd.“

Miðpunktur sýningarinnar er myndskeið af vindsænginni þar sem hana rekur á milli staða og viðtöl við jarðfræðing og heimspekinga, sem ræða annars vegar um hringrás í jarðsögunni og hins vegar um staðsetningu og ímynd; hvernig fólk staðsetur sig jafnan á einhvers konar korti, hvort heldur er landfræðilegu eða félagslegu, og í afstöðu við annað fólk.

> Vindsængin, sem er táknmynd fyrir Ísland, verður eins og persóna og speglar hvernig sjálfsmynd okkar eru á floti.

„Vindsængin, sem er táknmynd fyrir Ísland, verður eins og persóna og speglar hvernig sjálfsmynd okkar er á floti og breytist eftir því í hvaða aðstæðum maður er,“ segir Olga. Þær Anna voru í vinnustofudvöl í Finnlandi þegar hugmyndin um vindsængina kom upp. Þar komust þær að því að það var engin leið að láta útbúa hana í Evrópu.

„Við þurftum á endanum að láta gera hana í Kína, eftir okkar teikningum og þannig tengist þetta ferli beint pólitískri umræðu sem hefur verið ofarlega á baugi hér á landi.“

Olga og Anna hafa unnið saman um árabil, sýndu meðal annars í Kling og Bang í fyrra, auk þess að hafa unnið með öðrum listamönnum og arkitektum. Olga segir þó nokkurn mun á því að vinna einsamall og með öðrum við listsköpun.

„Maður kemur meiru í verk þegar maður vinnur með öðrum og skoðar hugmyndir frá fleiri hliðum en maður hefði kannski annars gert. Á hinn bóginn fær maður ekki að ráða jafn miklu sjálfur, svo þetta hefur sína kosti og sína galla. En þetta er góð tilbreyting frá einyrkjastarfinu og það er gott að hafa einhvern til að geta kastað hugmyndum á milli.“

Sýningin Rek verður opnuð í sal 2 í Listasafni Íslands klukkan 20 í kvöld og stendur til 31. desember.

bergsteinn@frettabladid.is

# Óspennandi spennusaga

Bækur ★★☆☆☆

**Rof**

Ragnar Jónasson

**Veröld**

Ragnar Jónasson hefur átt ágætis spretti í sögum sínum af lögreglumanninum Ara sem iðkar störf sín á Siglufirði. Í Snjóblindu og Myrknætti náði hann sér vel á flug, fléttaði saman spennandi sakamálum og sögum af persónum sem vöktu áhuga lesandans. Því miður skortir á þetta í nýjustu bók hans, sem ber titilinn Rof.




Sagan er tvíþætt. Annars vegar segir frá ungu pari í Reykjavík sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að barni konunnar er rænt. Inn í þá atburðarás fléttast atburðir úr fortíðinni og hulunni er svipt af myrkum leyndarmálum. Á Siglufirði situr Ari í sóttkví, en banvæn pest hefur skotið sér niður í bænum sem er í einangrun. Tímann notar hann til að garfa í gamalli ráðgátu úr Héðinsfirði. Fréttakonan Ísrún, sem glímir við sín vandamál, kemur síðan að báðum málunum.

Rof vantar alla spennu, sem er bagalegt í spennusögu. Ragnari mistekst að krækja í lesandann og fá hann til að fletta áfram, nokkuð sem hann hefur gert með ágætum áður. Þá er ýmislegt í bókinni heldur óraunhæft, sem þarf ekki að vera vont í íslenskum spennusögum. Það stingur hins vegar í stúf við annað í bókinni. Hver mundi til dæmis halda því leyndu fyrir kærustu sinni að ókunnur maður sé á ferli á heimili ykkar um miðjar nætur?

Ragnar hefur sýnt að hann getur búið til spennandi fléttur, en það tekst því miður ekki hér. Stílinn mætti bæta, en hann er á köflum full formlegur. Dæmi um það er þegar Ísrún liggur og veltir „meintum“ glæpum einhvers fyrir sér. Kannski hugsa lögfræðingar þannig einir með sjálfum sér, en trauðla aðrir.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

**Niðurstaða:** Bókin nær sér ekki á flug og lítil spenna er fólgin í þeim málum sem glímt er við.

# Ríkisstjórnin ætlar að auðvelda bönkunum að ljúga að okkur

**Steingrímur, sögðust þið ekki ætla að vera með okkur í liði?**

Samvæmt frumvarpi um neytendalán sem nú liggur fyrir Alþingi verður verðtryggingin tekin út fyrir útreikninga um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Þar með er verið að falsa útreikninga um kostnað við að taka lán, neytendum í óhag. Enn á ný er verið að traðka á rétti neytenda, bregðumst við og forðumst slysið áður en það er um seinan.

## Opinn borgarafundur í Háskólabíói,

þriðjudaginn 13. nóvember kl. 20.00

**Fundarefni**: Verðtryggingin dregin fyrir dóm

**Fundarstjóri**: Egill Helgason

Pallborðsumræður með fulltrúum þingflokkanna
og fulltrúum Hagsmunasamtaka heimilanna

Hagsmunasamtök Heimilanna

www.heimilin.is – heimilin@heimilin.is

FAAS

**FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma, heldur fræðslu- og upplýsingafund í Reykjanesbæ, miðvikudaginn 14. nóvember n.k. Fundurinn sem hefst kl. 17.00 verður haldinn í þjónustumiðstöðinni Nesvöllum, Njarðarvöllum 4.**

**Dagskrá:**

- Formaður FAAS, Fanney Proppé Eiríksdóttir setur fundinn og kynnir félagið
- Framkvæmdastjóri FAAS, Svava Aradóttir flytur erindi sem hún nefnir: „Af hverju lætur hún mamma svona?" Í erindinu verður fjallað um heilabilunarsjúkdóma, einkenni þeirra og hvernig hægt er að halda góðum og gefandi samskiptum við fólk með sjúkdómana
- Fyrirspurnir og umræður

Eitt af markmiðum FAAS er að efla fræðslu- og upplýsingastarf á landsbyggðinni. Stefnt er að stofnun tenglanets í Reykjanesbæ og verður sú hugmynd kynnt á fundinum.
Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um málefni fólks með heilabilun.

Allir áhugasamir eru velkomnir.
Bestu kveðjur
Stjórn FAAS

ÚTGÁFUHÓF

Í dag verður útgáfu bókarinnar *Ósjálfrátt* eftir Auði Jónsdóttur fagnað í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi, kl. 17.




Léttar veigar og allir velkomnir!

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# Hugmyndafræðilegar rætur

Myndlist ★★★★☆

**Eggert Pétursson**
Gallerí i8


MYND/VIGFÚS BIRGISSON

Það sem er nýtt við sýningu Eggerts Péturssonar, sem nú stendur yfir í i8 galleríi við Tryggvagötu, er að í henni er mikil regla og hugmyndafræðileg yfirvegun. Allar myndirnar á sýningunni eru jafnstórar, 100 x 80 sm, þær eru hengdar upp með jöfnu millibili á alla veggi sýningarsalarins, þær eru allar unnar með olíu á striga, umfjöllunarefnið er það sama í öllum myndum, blóm og jurtir, og þær eru allar án titils (áhugasamir geta reyndar fengið ýtarlegri upplýsingar baka til um tegundir jurta í myndunum).

Síðasta sýning Eggerts í galleríinu var, eins og Eggert lýsir því sjálfur í texta í sýningarskrá, „fjörug". Þá voru 100 myndir sýndar og hengdar á víð og dreif um veggina, og af mismunandi stærð. Þessi sýning er „alvarlegri og leiðinlegri" ef notuð eru orð Eggerts sjálfs, og á þar við hið formfasta upphengi. Auk upphengisins þá hefur sýningin klassískara yfirbragð en oft áður þar sem veggir gallerísins eru málaðir í gráum lit, eins og algengt er á sýningum á sígildum málverkum í söfnum, og lýsingin er heit og kemur úr kösturum í loftinu. Hér eru því ýmsir kraftar að verki sem vert er að huga að áður en kemur að því að rýna í verkin sjálf.

Eggert hefur málað myndir af íslenskum blómum, jurtum og gróðri í áratugi og hefur algera sérstöðu sem myndlistarmaður að þessu leyti. Hann vinnur verkin af einstakri alúð fyrir viðfangsefninu, eins og skynja má af texta í sýningarskrá, þar sem Eggert gefur meiri innsýn í það hvernig hann hugsar en ég hef áður séð.

Honum hefur oft verið lýst sem áráttukenndum listamanni sem sökkvir sér ofan í viðfangsefnið og vinnur sífellt með sama hlutinn, aftur og aftur. Í þessu samhengi er gaman að minnast á ljósmyndaverk Williams Vegmans, en hann sló í gegn fyrir ljósmyndir af hundunum sínum. Einnig má nefna blýantsteikningar Ingólfs Arnarsonar, og grá einlit málverk Alans Charlton.

Persónulega hef ég ávallt hrifist meira af verkum Eggerts sem eru hófstilltari í litum, annaðhvort mjög bjartar eða mjög dökkar, en þar fær maður til viðbótar við hið áráttukennda viðfangsefni upphafningu eða dramatík. Hin verkin, þau litríkari og „fígúratífari", eru samt töfrandi og jafnvel óraunveruleg. Ef það væri ekki fyrir orð Eggerts sjálfs í sýningarskrá, þá héldi maður að Eggert væri í mörgum málverkum á sýningunni að mála náttúruna „rósrauðum litum", en samkvæmt Eggerti eru þessir fantasíukenndu litir verkanna raunverulegir íslenskir litir. Skilaboðin hljóta því að vera þau að sýningargestir opni augun fyrir litbrigðum og galdri náttúrunnar, enda er það markmið Eggerts, eins og listamanna almennt, að sýna umhverfi sitt í nýju ljósi.

Kastljósslýsingin í galleríinu lyftir litunum í myndunum upp þannig að þeir fá fulla útgeislun og þrívíða eiginleika. Að sama skapi má segja að myndirnar kunni ekki alveg við sig í þessu nýja reglufasta umhverfi í sýningarsalnum, eins og þeim liði kannski betur hver með annarri ef þær væru af ýmsum stærðum og minna tilstand væri í kringum þær. En þó að umhverfið passi einhvern veginn myndunum of vel, og þar með kannski illa um leið, þá má segja að ákveðin dirfska sé hér á ferð sem ættuð er úr hugmyndafræðilegum rótum Eggerts sem myndlistarmanns og þeirri staðreynd að Eggert hefur alltaf hugsað um sýningarnar sínar sem ákveðin rýmisverk, öfugt við það sem margir kynnu að halda. Eggert er rýmislistamaður að þessu leyti, ekki síður en málari. Þessi sýning er gott dæmi um það.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Ægifögur og áráttukennd málverk sýnd í djörfu en reglufösstu upphengi. Undirstrikar hugmyndafræðilegar rætur listamannsins.

# Tvöfaldur spunadiskur Agnars

Agnar Már Magnússon píanóleikari hefur sent frá sér geisladisk sem nefnist Hylur. Þar leikur Agnar eigin tónlist sem varð til í Vonarsal SÁÁ, þar sem hann hyggst halda útgáfutónleika á morgun.

„Diskurinn kom þannig til að ég ákvað í samráði við útgefandann minn, Aðalstein Ásberg hjá Dimmu, að prufa að fara í einleiksupptökur," segir Agnar Már um tilurð nýja disksins, Hyls. „Það tókst samt einhvern veginn ekki að taka endanlega ákvörðun um hvað ég ætti að spila þannig að ég bara fór og tók upp fullt af efni í tvo daga. Þar á meðal var algjörlega óundirbúinn spuni sem varð til á staðnum. Þegar útgefandinn fór svo að hlusta á upptökurnar varð það ofan á að gefa út spunamúsíkina á tvöföldum geisladiski."

Spurður nánar út í hvernig tónlist þetta sé segir Agnar Már erfitt að útskýra það. „Þetta er nokkurs konar flæði sem byrjar bara einhvers staðar og endar einhvers staðar. Á diskinum eru 22 verk leikin á flygil sem er í Vonarsal SÁÁ og nafntogaðir píanistar fá stundum að æfa sig á. Þetta er alveg stórkostlegt hljóðfæri sem á stóran þátt í verkunum á diskinum. Það býr sérstök tónlist í öllum hljóðfærum og þessi flygill kallaði á þessa tónlist."

Þar sem flygillinn á svo stóran þátt í sköpun tónverkanna á diskinum segir Agnar Már ekkert annað hafa komið til greina en að halda útgáfutónleikana í Vonarsalnum í Efstaleiti 7 og þar verða þeir klukkan 15 á morgun. **- fsb**


Agnar Már Magnússon píanóleikari.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 09. nóvember 2012**

**➔ Sýningar**

**20.00** Sýningarnar Rek og Vetrarbúningur opna í Listasafni Íslands.

**➔ Upplestur**

**12.10** Rithöfundarnir Ragnar Jónasson og Þorgrímur Þráinsson lesa úr bókum sínum í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8. Boðið verður upp á te, kaffi og brauð.

**➔ Tónlist**

**22.00** Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Spiluð verða splunkuný lög í bland við eldri. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Dusty Miller heldur tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**23.00** Magnús Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

**➔ Leiðsögn**

**12.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir - sumt neglt og annað saumað fast, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.

**➔ Fyrirlestrar**

**20.00** Jón Pétur Þorsteinsson heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Lífið sem jainisti. Fyrirlesturinn fer fram í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# ÞJÓÐSAGA LIFNAR VIÐ

Á ískaldri heiðinni bíða átök
við öfl náttúru og myrkurs.

*Áhrifamikil saga um grimmileg örlög,*
*hindurvitni og hjátrú.*









KRISTÍN STEINSDÓTTIR hlaut einróma lof fyrir seinustu skáldsögu sína, *Ljósu*, sem hefur notið geysimikilla vinsælda. Hér segir Kristín sögu annarrar konu úr fortíðinni sem ekki hefur átt sér málsvara fyrr.

VAKA-HELGAFELL

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



128 **LADY GAGA** hefur gefið bandaríska Rauða krossinum eina milljón dollara, eða um 128 milljónir króna, til hjálpar fórnarlömbum fellibyljarins Sandy í heimaborg sinni New York.



**VINSÆL** Bond-myndin Skyfall hefur notið gífurlegra vinsælda bæði hér á landi og erlendis.

# Skyfall vinsælust

Rúmlega fimmtíu þúsund Íslendingar hafa séð nýjustu Bond-myndina Skyfall síðan hún kom í bíó 26. október. Allt stefnir í að myndin verði aðsóknarmesta Bond-mynd sögunnar á Íslandi og einnig vinsælasta mynd ársins.

„Við bjuggumst við mjög mikilli aðsókn en þetta er aðeins umfram það,“ segir Geir Gunnarsson, markaðsstjóri Myndforms. „Myndin virðist spyrjast ótrúlega vel út. Það eru ofsalega margir sem segja að þetta sé ein besta Bond-myndin.“

Alls sáu tæplega 64 þúsund manns síðustu Bond-mynd, Quantum of Solace, og um 55 þúsund sáu Casino Royale sem kom þar á undan. Tæplega 63 þúsund manns sáu Die Another Day með Pierce Brosnan í hlutverki njósnarans og um 54 þúsund sáu myndina á undan, The World Is Not Enough.“

Ef fram heldur sem horfir mun Skyfall taka fram úr Quantum of Solace og rúmlega það. Einnig mun hún án efa stinga af vinsælustu myndir ársins til þessa, The Dark Knight Rises og Intouchables. Um 64 þúsund manns hafa séð hvora um sig en sýningum á þeim báðum er lokið. „Ég yrði alls ekki hissa verði þetta langstærsta Bond-myndin í tekjum og ég hugsa að hún verði það líka í áhorfendatölum,“ segir Geir.

Myndform tók við réttinum til að sýna Bond af Senu þegar fyrirtækið tók yfir alla dreifingu fyrir framleiðandann MGM. Auk þessarar og næstu Bond-myndar felast í réttinum þrjár Hobbitamyndir, auk fleiri mynda. „Þetta er mjög gott. Það er alltaf gaman að vera með svona stór vörumerki,“ segir Geir, spurður hvort Bond sé ekki algjör gullgæs fyrir Myndform.

- fb

BLEND KRINGLUNNI RÝMINGARSALA

LOKADAGAR!!!

VIÐ RÝMUM VEGNA BREYTINGA

5 VERÐ

990 | 1490 | 1990 | 2990 | 3990

VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| HERRA GALLABUXUR | 3990 |
| HERRA BOLIR | 1490 |
| HERRA PEYSUR | 2990 |
| DÖMU GALLABUXUR | 3990 |
| DÖMU TOPPAR | 990 |
| DÖMU PEYSUR | 2990 |

SÍMI: 588 5777 BLEND KRINGLUNNI 3. HÆÐ



**GLAÐBEITTAR SYSTUR** Ritstýran Þóra Tómasdóttir var að sjálfsögðu mætt til að fagna með Kristínu systur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölmennt útgáfuhóf

**Það var margt um manninn í Eymundsson þegar Kristín Tómasdóttir fagnaði útgáfu nýjustu bókar sinnar, Stelpur geta allt. Leikkonan Saga Garðarsdóttir kom fram í hófinu en hún er meðal þeirra stelpna sem fjallað er um bókinni, sem er full af fræðslu og reynslusögum. Gestirnir tóku bókinni vel og fjölmargir tryggðu sér eintak.**



**LEIKKONAN** Saga Garðarsdóttir hélt stutta tölu.



**BROSMILDAR** Heiða, Hildur og Þórunn brostu til ljósmyndara.



**GAMAN** Emilía Þorgeirsdóttir og Eygló Hildur Hafliðadóttir létu sig ekki vanta.



**BORGARFULLTRÚINN** Sóley Tómasdóttir brosti með Kristínu systur sinni.



**GÓÐIR GESTIR** Pála, Silja og Sigurveig mættu galvaskar.





-25%

# LITLA DÓTABÚÐIN

*Höfum opnað nýja leikfangaverslun göngugötunni í Mjódd*

NÝTT NÝTT NÝTT!!

Mikið úrval leikfanga á góðum verðum



Bolir sem blikka í takt við tónlist

Margar gerðir af myndum
fyrir allan aldur
Frábær í jólapakkann



VIKU-GEÐVEIKI 25% af öllum vörum 9.11-16.11

"Jólin nálgast
Eyðum ekki meira en við þurfum"

Dömu - Herra -Barna



Úr og gjafaöskjur á grín verði

Kvenmannstöskur á slám
fyrir utan verslun
á fáránlegu verði
1990-4990,-



LITLA DÓTABÚÐIN

Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)

Sími: ☎571 9559

# Coleman segir Schwarzenegger ekki eiga séns í sig

„Ég er alveg jafn sterkur og ég lít út fyrir að vera, jafnvel sterkari. Þú getur séð það á Youtube,“ segir vaxtarræktarmeistarinn Ronnie Coleman kíminn en hann er staddur hér á landi um þessar mundir.

Coleman er áttfaldur heimsmeistari í vaxtarrækt og næstfrægasti vaxtarræktarmaður heims, á eftir sjálfum Arnold Schwarzenegger. „Schwarzenegger á ekki séns í mig, ekki nokkurn séns. Ég er búinn að slá öll metin hans,“ segir hann og hlær. Hann segist eyða um klukkustund í líkamsræktinni á hverjum degi, fimm daga vikunnar. Hann segir það þó ekki vera allt sem þurfi til að ná þessum árangri. „Ég er búinn að vera að í 36 ár svo ég á ágætlega mikið inni,“ segir hann og hlær. Hann segist ferðast mikið sökum vinnu sinnar og heldur til að mynda til Malasíu þegar hann hefur lokið veru sinni á Íslandi. Þaðan fer hann til Taílands, svo Singapúr og því næst til Indónesíu. Hann segir þetta líferni þó ekki jafn spennandi og það hljómi. „Þetta er allt vinna og ég fæ aldrei tækifæri til að skoða mig um eða kynnast landinu sem ég er að heimsækja. Svo ferðast ég líka alltaf einn,“ segir hann.

Coleman tekur þátt í Expó 2012 sem fer fram í Íþróttamiðstöðinni á Varmá um helgina. „Ég ætla að gefa eiginhandaráritanir og ýmis ráð, sitja fyrir á myndum og fleira skemmtilegt,“ segir hann en auk hans mæta þangað vaxtarræktardrottningarnar Ingrid Romero og Larissa Reis. - trs


**STERKUR** Coleman segist vera alveg jafn sterkur og hann lítur út fyrir að vera og jafnvel sterkari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**ÍSLANDSVINUR** Coleman tekur þátt í Expó 2012 á Varmá um helgina.


**MEISTARI** Coleman áttfaldur heimsmeistari í vaxtarrækt og ferðast mikið, starfs síns vegna.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
POWERSÝNING KL. 10 Í 4K
SÝNINGAR Í 4K - KL: 7, 10
Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI
FRÁBÆR GAMANMYND
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 6.15, 7, 9.10, 10(P) | 12 |
| WRECK-IT RALPH 3D | 4, 5.50 | L |
| WRECK-IT RALPH 2D | 4 | L |
| PITCH PERFECT | 8, 10.15 | 12 |
| TEDDI 2D | 4 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
MYNDIN SEM MARGIR VILJA MEINA AÐ MUNI VINNA ÓSKARSVERÐLAUNIN Í ÁR
BEN AFFLECK BRYAN CRANSTON ALAN ARKIN JOHN GOODMAN
ARGO
Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI
Í 2D MEÐ ENSKU TALI/ÍSL TEXTA
TOM HANKS HALLE BERRY
CLOUD ATLAS
SKYFALL 007

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| ARGO VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| WRECK IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH ENSKT TAL | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| END OF WATCH | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| BRAVE M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 8 | 14 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 6 | L |
| WRECK-IT RALPH ENSK ENSKT TAL | KL. 10:20 | L |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLOUD ATLAS | KL. 8 - 10:20 | 14 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 5:30 | L |
| WRECK-IT RALPH ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:40 - 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 5:40 | 16 |
| HOUSE AT THE | KL. 10:20 | 14 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 11 | 14 |
| WRECK IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 4 | L |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI | KL. 3:50 | L |
| SKYFALL | KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 8 | 14 |
| SKYFALL | KL. 10:30 | 12 |
| WRECK IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 5:50 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 6 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
CLOUD ATLAS
ALLT ER TENGT Á EINHVERN HÁTT
STÓRBROTIN KVIKMYNDAVEISLA!
SKYFALL LÚXUS
PITCH PERFECT
HOTEL TRANSYLVANIA
TEDDI

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.40 - 5.50 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.30 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 5.50 | 7 |
| SKYFALL | KL. 6 - 9 - 10.10 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 8 | L |
| DJÚPIÐ | KL. 8 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| CLOUD ATLAS | KL. 8 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 10.10 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA | KL. 6 | 7 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio





DRAUMURINN UM VEGINN
4. hluti: Lærisveinar vegarins
Kvikmyndabálkur Erlends Sveinssonar um Thor Vilhjálmsson og menningarpílagrímsgöngu hans til Santiago de Compostela á Spáni er nú fullgerður.
Sýningar hefjast á 4. hluta í Bíó Paradís 9. nóv. kl. 20:00. Hver myndhluti verður sýndur í eina viku.
5. hluti sýndur frá og með 16. nóv.
Kynning og stiklur á bioparadis.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSL TAL
SÝND Í 2D OG 3D
WRECK-IT RALPH
TILBOÐ KL. 4
TILBOÐ KL. 4
TEDDI
ÍSLENSKT TAL
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
BÍÓ:DOX HÁTÍÐ! 9.-15. NÓVEMBER
★★★★ “Ein forvitnilegasta mynd ársins.” - HA, Fréttablaðið
DRAUMURINN UM VEGINN 4. hluti Lærisveinar vegarins
FÖSTUDAGUR: SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ BÍÓDOX: JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ BÍÓDOX: SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 20:00 ■ BÍÓDOX: WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 4. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 22:15 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


JVC
ADIXXION
GC-XA1
ACTION CAMERA
FULL HD
QUAD PROOF
GO BEYOND
NÝJA HÁSKERPU JVC ACTION TÖKUVÉLIN ER LENT.
HÖGGHELD, VATNSHELD, FROSTHELD OG RYKHELD.
VERÐ AÐEINS 49.990
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
JVC

# sport



sport@frettabladid.is

**DOMINOS-DEILD KARLA** verður á ferðinni í kvöld en þá fara fram tveir áhugaverðir leikir. Húnarnir frá Njarðvík sækja þá KR-inga heim en pressa er á KR-ingum eftir slaka byrjun á tímabilinu. Svo eru Stjörnumenn á heimavelli gegn ÍR. Báðir leikir hefjast klukkan 19.15.

## ÚRSLIT

### N1-deild karla:

**Akureyri-Valur 23-27**
Akureyri - Mörk (skot): Bjarni Fritzsson 6/2 (11/3), Guðmundur H. Helgason 5 (10), Bergvin Þór Gíslason 4 (4), Geir Guðmundsson 4 (11), Andri Snær Stefánsson 2 (4), Friðrik Svavarsson 1 (2)
Varin skot: Jovan Kukobat 10 (29/1, 34%), Stefán Guðnason 2/1 (10/2, 20%)
Valur - Mörk (skot): Þorgrímur Smári Ólafsson 8 (10), Valdimar Fannar Þórsson 7/1 (12/1), Finnur Ingi Stefánsson 4/1 (7/2), Vignir Stefánsson 3 (3), Sveinn Aron Sveinsson 3 (6), Atli Báruson 1 (1)
Varin skot: Hlynur Morthens 24 (45/2, 53%), Lárus Helgi Ólafsson 2/1 (4/1, 50%),

**ÍR-HK 31-22**
ÍR - Mörk (skot): Sturla Ásgeirsson 9/5 (10/5), Ingimundur Ingimundarson 8 (11), Guðni Már Kristinsson 6 (10), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 3 (4), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (4), Halldór Logi Árnason 1 (1), Björgvin Hólmgeirsson 1 (8).
Varin skot: Kristófer Guðmunds. 24 (46/2, 52%),
HK - Mörk (skot): Bjarki Már Elísson 5/2 (8/2), Vladimir Djuric 5 (10), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (5), Eyþór Már Magnússon 3 (6), Leó Snær Pétursson 2 (3), Daníel Berg Grétarsson 2 (4), Atli Karl Bachmann 1 (3), Bjarki Már Gunnarsson 1 (4)
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 12 (32/3, 38%), Arnór Freyr Stefánsson 1 (12/2, 8%),

**Fram-Afturelding 24-29**
Fram - Mörk (skot): Sigurður Eggertsson 10 (16), Þorri Björn Gunnarsson 4 (5), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (10/2), Elías Bóasson 2 (2), Ægir Hrafn Jónsson 1 (1), Ólafur Magnússon 1 (1), Haraldur Þorvarðarson 1/1 (2/1), Stefán Stefánsson 1 (3/1
Varin skot: Magnús Erlendsson 4 (18/2, 22%), Björn Viðar Björnsson 3/1 (18/4, 17%),
Afturelding - Mörk (skot): Jóhann Jóhannsson 8/5 (10/6), Sverrir Hermannsson 5 (8), Örn Ingi Bjarkason 4 (4), Benedikt Reynisson 4 (7), Hilmar Stefánsson 3 (6), Einar Héðinsson 2 (2), Fannar Helgi Rúnarsson 2 (3)
Varin skot: Davíð Svansson 13/2 (37/3, 35%),

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **6** | **5** | **1** | **0** | **166-137** | **11** |
| Akureyri | 7 | 3 | 1 | 3 | 173-175 | 7 |
| FH | 6 | 3 | 1 | 2 | 150-149 | 7 |
| ÍR | 7 | 3 | 1 | 3 | 183-188 | 7 |
| **Fram** | **7** | **3** | **1** | **3** | **187-196** | **7** |
| **Valur** | **7** | **2** | **2** | **3** | **166-170** | **6** |
| **HK** | **7** | **2** | **1** | **4** | **165-179** | **5** |
| Afturelding | 7 | 2 | 0 | 5 | 171-177 | 4 |

### Dominos-deild karla:

**KFÍ-Þór 84-128**
KFÍ: Kristján Andrésson 24, Mirko Virijevic 15, Bradford Harry Spencer 13, Momcilo Latinovic 10, Pance Ilievski 7, Leó Sigurðsson 6, Haukur Hreinsson 4, Óskar Kristjánsson 3, Jón Baldvinsson 2.
Þór Þ.: Benjamin Curtis Smith 25, Grétar Ingi Erlendsson 19, Darri Hilmarsson 18, Guðmundur Jónsson 17, Robert Diggs 14, Baldur Þór Ragnarsson 13, Darrell Flake 11, Emil Karel Einarsson 7.

**Fjölnir-Snæfell 95-102**
Fjölnir: Sylverster Cheston Spicer 27, Jón Sverrisson 20, Arnþór Freyr Guðmundsson 19, Tómas Tómasson 14, Árni Ragnarsson 13.
Snæfell: Jón Ólafur Jónsson 32, Asim McQueen 25, Jay Threatt 17, Ólafur Torfason 16, Sveinn Arnar Davidsson 8, Hafþór Ingi Gunnarsson 2.

**Tindastóll-Keflavík 84-92**
Tindastóll: George Valentine 16, Þröstur Leó Jóhannsson 15, Helgi Freyr Margeirsson 13, Helgi Rafn Viggósson 10, Drew Gibson 9, Hreinn Gunnar Birgisson 6, Friðrik Hreinsson 6, Svavar Atli Birgisson 5, Sigtryggur Arnar Björnsson 4.
Keflavík: Darrel Keith Lewis 22, Michael Craion 21, Valur Orri Valsson 18, Magnús Þór Gunnarsson 14, Kevin Giltner 12, Andri Daníelsson 3.

**Skallagrímur-Grindavík 86-93**
Skallagrímur: Haminn Quaintance 23, Páll Axel Vilbergsson 21, Carlos Medlock 17, Orri Jónsson 9, Sigmar Egilsson 9, Trausti Eiríksson 5.
Grindavík: Samuel Zeglinski 25, Aaron Broussard 23, Sigurður Þorsteinsson 17, Jóhann Ólafsson 12, Þorleifur Ólafsson 10, Davíð Bustion 6

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 6 | 5 | 1 | 622-534 | 10 |
| **Stjarnan** | **5** | **4** | **1** | **477-442** | **8** |
| Grindavík | 6 | 4 | 2 | 587-546 | 8 |
| **Skallagrímur** | **5** | **3** | **2** | **428-403** | **6** |
| Keflavík | 6 | 3 | 3 | 508-503 | 6 |
| **Þór Þ.** | **5** | **3** | **2** | **459-420** | **6** |
| Fjölnir | 6 | 3 | 3 | 497-513 | 6 |
| **ÍR** | **5** | **2** | **3** | **427-450** | **4** |
| KR | 4 | 2 | 2 | 328-349 | 4 |
| **KFÍ** | **6** | **2** | **4** | **496-587** | **4** |
| Njarðvík | 5 | 1 | 4 | 427-463 | 2 |
| **Tindastóll** | **5** | **0** | **5** | **387-433** | **0** |

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is

# ÞÆR ERU ÓGEÐSLEGA STÓRAR

**Valskonan Þorgerður Anna Atladóttir ætlar ekki að láta hnémeiðsli koma í veg fyrir að hún geti spilað á móti rúmenska stórliðinu H.C. Zalau í tveimur Evrópuleikjum í Vodafone-höllinni í kvöld og á morgun. Valskonur eru búnar að vinna alla ellefu leiki tímabilsins til þessa og eru til alls líklegar í leikjunum.**

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Vals í kvennahandboltanum fá stórt próf í kvöld og á morgun þegar rúmenska liðið H.C. Zalau mætir á Hlíðarenda og spilar tvo leiki í 2. umferð EHF-bikarsins. Rúmensku stelpurnar fóru alla leið í úrslitaleik keppninnar í fyrravetur en Valskonur eru á heimavelli og hafa á móti unnið alla ellefu leiki sína á tímabilinu.



**VERÐUR HÚN MEÐ?** Þorgerður Anna Atladóttir er búin að vera frábær í vetur en meiddist fyrir viku. Hún ætlar sér að spila í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Meiddist á hné á æfingu**
Það er þó ekki öruggt að Valskonur geti teflt fram sínu sterkasta liði í leikjunum. Stórskyttan Þorgerður Anna Atladóttir meiddist á hné fyrir sjö dögum og var ekkert með í sigrum liðsins á Selfossi og FH í vikunni.

„Ég var að koma úr myndatöku,“ sagði Þorgerður Anna þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. „Ég meiddi mig í hnénu á æfingu á föstudaginn. Ég reif smá í liðþófanum í janúar og það er möguleiki á því að rifan hafi bara stækkað aðeins. Ég vona bara að þetta sé lítið eða ekkert,“ sagði Þorgerður Anna sem þarf að bíða eftir niðurstöðu læknisins um hvort þetta sé eitthvað sem geti versnað eða hvort það sé í lagi fyrir hana að spila leikina.

„Það eru tveir leikir í næstu viku og svo er landsliðið að hittast eftir tíu daga. Þetta er ekki alveg besti tíminn til að meiða sig,“ segir Þorgerður sem hefur verið í stuði í vetur.

„Ég er búin að finna mig mjög vel síðan að tímabilið byrjaði og þetta er því mjög leiðinlegur tímapunktur,“ segir Þorgerður sem er orðin þreytt á öllum þessum meiðslum sem banka reglulega upp á hjá henni. „Þetta fer nú að taka bráðum á sálarlífið. Ég er bara tvítug og líst ekki alveg nógu vel á þetta. Ég vona bara að ég sé að fara að klára minn pakka,“ segir Þorgerður Anna.

**Hefur alltaf rétt fyrir sér**
Þorgerður Anna Atladóttir var markahæst í fyrstu fjórum leikjum eftir að pabbi hennar, Atli Hilmarsson, gerðist aðstoðarþjálfari Valsliðsins. Þar á meðal skoraði hún fimmtán mörk í tveimur Evrópusigrum á Valencia á Spáni.

> Við ætlum að reyna að stríða þeim aðeins með hraðanum okkar.
>
> **ÞORGERÐUR ANNA ATLADÓTTIR**
> LEIKMAÐUR KVENNALIÐS VALS

„Það skiptir mig engu svakalegu máli. Hann mætir á alla leiki og hefur gríðarlegan áhuga á þessu. Við tölum um þetta allt saman hvort sem hann er þjálfarinn minn eða ekki,“ segir Þorgerður og það er ekkert talað meira en áður um handbolta á heimilinu. „Nei, við tölum ekkert meira um handbolta núna. Við sitjum alveg við kvöldmatarborðið og tölum um eitthvað annað. Hann hefur þjálfað mig áður og er líka svo rólegur. Það er eiginlega það versta að hann hefur eiginlega alltaf rétt fyrir sér og það þýðir ekkert að rökræða við hann,“ segir Þorgerður Anna.

**Ellefu sigrar í ellefu leikjum**
Valsliðið er búið að vinna alla ellefu leiki tímabilsins, sjö í deild, tvo í Evrópukeppni, einn í meistarakeppninni og svo úrslitaleikinn í Reykjavíkurmótinu.

„Þetta hefur gengið mjög vel en samt erum við ekki alveg nógu sáttar. Við viljum meira og það er fullt af hlutum sem má laga í okkar leik. Við þurfum að einbeita okkur að því að laga þessa hluti því það þurfa allir hlutir að vera í lagi hjá okkur um helgina. Við þurfum líka að fylla Vodafonehöllina og búa til alvöru stemningu og fá fullkominn leik,“ segir Þorgerður Anna um leikinn á móti rúmenska liðinu.

„Þetta verður ekki auðvelt en það eru möguleikar hjá okkur. Við bjuggumst ekki við því að það mundi ganga svona vel á Spáni,“ segir Þorgerður Anna og bætir við: „Við erum búnar að sjá á myndböndum að þær eru ógeðslega stórar. Við þurfum að fá geðveika vörn og markvörslu og fá okkar hraðaupphlaup. Við ætlum að reyna að stríða þeim aðeins með hraðanum okkar,“ segir Þorgerður Anna en Valsliðið fór á kostum í fyrstu umferðinni þegar það sló út spænska liðið Valencia Aicequip 27-22 og 37-25.

„Við vorum með bilaða trú á þessu og það var ógeðslega gaman að fá að spila á móti liði sem maður þekkti ekki og vissi því ekkert hvað maður væri að fara út í. Það gerði sigrana enn þá skemmtilegri,“ sagði Þorgerður Anna og Valsstelpurnar hafa vissulega unnið sér inn góðan stuðning í Vodafone-höllinni í dag og á morgun.

**Verð alltaf með**
Fyrri leikurinn fer fram klukkan 19.30 í kvöld og telst vera heimaleikur Vals en heimaleikur H.C. Zalau fer fram á sama stað klukkan 16.00 á morgun. En hvað með Þorgerði, verður hún í búning í Vodafone-höllinni í kvöld?

„Ég held ég verði alltaf með,“ sagði Þorgerður hlæjandi en bætti svo við. „Ég vona að ég fái jákvæðar fréttir. Ég bíð við símann í dag og á morgun og bíð eftir svörum,“ sagði Þorgerður að lokum. ooj@frettabladid.is

Guðjón Valur Sigurðsson er ánægður með dvölina hjá Þýskalandsmeisturum THW Kiel:

# Samvinnan mikilvægari en samkeppnin

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson hefur komið sér vel fyrir hjá Þýskalands- og Evrópumeisturum THW Kiel en þangað kom hann nú í sumar. Liðið er nokkuð breytt frá síðustu leiktíð en það er þó enn taplaust á tímabilinu. Nú síðast komu góðir sigrar gegn sterkum liðum Hamburg og Flensburg.

„Mér persónulega hefur gengið vel að aðlagast nýju liði enda er það oft auðveldara fyrir okkur hornamennina en aðra leikmenn. Við getum alltaf laumað okkur í okkar hraðaupphlaup,“ segir hann við Fréttablaðið. „Það er auðvitað gaman að spila með þessu liði – þetta er frábær klúbbur og mannskapurinn sömuleiðis.“

Óhætt er að fullyrða að félagið hafi minnst tvo leikmenn í heimsklassa í hverri stöðu en Guðjón Valur deilir sinni stöðu með þýska landsliðsmanninum Dominik Klein.

„Ég þekki það vel að spila í liðum þar sem ríkir samkeppni í stöðum og er það ekkert óvenjulegt. Ég væri auðvitað til í að spila hverju einustu mínútu en miðað við hvað það er mikið álag í handboltanum í dag, með tilheyrandi ferðalögum, snýst þetta meira um samvinnu á milli leikmanna en samkeppni,“ áréttar hann.

„Heilt á litið er ég búinn að spila ívið meira en hann og ég er mjög sáttur við mína stöðu,“ segir Guðjón Valur.

Hann segir erfitt að neita því að Kiel sé besta lið sem hann hafi spilað með á ferlinum. „Liðið er ríkjandi Þýskalandsmeistari, bikarmeistari og Evrópumeistari og það væri erfitt fyrir mig að segja eitthvað annað. Ég hef spilað með mörgum góðum handboltamönnum um árin en í Kiel eru allir góðir. Þetta er án nokkurs vafa besta lið sem ég hef æft og spilað með.“

Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins en Guðjón Valur þekkir vel til hans, enda spilað undir hans stjórn í bæði Gummersbach og íslenska landsliðinu.





**ÞURRKAR SVITANN** Guðjón Valur er hér í leik með Kiel í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. NORDICPHOTOS/GETTY

„Hann er enn sami maðurinn og sami þjálfarinn,“ segir Guðjón Valur. „Hann hefur úr meiru að moða núna og er með betri leikmenn í höndunum. Annars ætla ég ekki að segja of mikið jákvætt eða neikvætt um hann,“ segir hann sposkur á svip. „Það kemur allt í bakið á mér,“ bætir hann við og hlær.

- esá

markhonnun.is




JÓLAKÚLUR
ARNE & CARLOS
**2.890** KR




SKÁLD
EINAR KÁRASON
**4.360** KR

# jólabækurnar eru komnar í nettó

VÍGROÐI
VILBORG DAVÍÐS.
**4.498** KR

REYKJAVÍKUR-
NÆTUR
ARNALDUR INDRIÐA.
**3.999** KR

HÚSIÐ
STEFÁN MÁNI
**4.370** KR

BÍLAR
Í MÁLI OG MYNDUM
**6.142** KR

























KANTATA
KRISTÍN MARJA BALDURS.
**4.498** KR

KRAKKINN SEM HVARF
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
**2.450** KR

BJARNA – DÍSA
KRISTÍN STEINSDÓTTIR
**3.898** KR

ÁR KATTARINS
ÁRNI ÞÓRARINSSON
**4.177** KR

nettó bækur
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

> **Stöð 2 kl. 20.10**

## Spurningabomban

***Það verður mikið fjör í Spurningabombunni hjá Loga Bergmann á Stöð 2 í kvöld. Annað liðið er skipað þeim Unnsteini Manuel Stefánssyni, forsprakka Retro Stefson og Jóhanni Alfreð Kristinssyni, úr grínhópnum Mið-Ísland. Hitt liðið skipa þau Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Bergur Þór Ingólfsson leikari sem eru í stórum hlutverkum í leiksýningunni Jesús litli í Borgarleikhúsinu.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### College

Þrír menntaskólanemendur skella sér í helgarferð í nálægan háskóla. Þar dulbúa þeir sig sem væntanlega nemendur til að komast að því hversu villt háskólalífið getur raunverulega orðið.

**Leikstjóri:** Deb Hagan
**Aðalhlutverk:** Drake Bell, Kevin Covais and Andrew Caldwell.

Rotten Tomatoes 5% | IMDb 4,4 | Stöð 2 22.30



### Volcano

Mike Roark, yfirmaður almannavarna í Los Angeles, kemst að því að undir borginni kraumar mikill hraunmassi. Borgin fer þá öll á annan endann við að reyna að koma í veg fyrir yfirvofandi eldgos.

**Leikstjóri:** Mick Jackson.
**Aðalhlutverk:** Tommy Lee Jones, Anne Heche og Gaby Hoffmann.

Rotten Tomatoes 44% | IMDb 5,3 | Stöð 2 BÍÓ 22.00



### The Voice

Raunveruleikaþáttaröð þar sem frægir listamenn þjálfa hæfileikaríkt fólk upp í að verða stórstjörnur. Almenningur í Ameríku kýs svo um það hver heldur áfram og hver er sendur heim í hverri viku.

**Dómarar:** Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.

Metacritic 58/100 | IMDb 6,7 | Skjár einn 21.30



### My One and Only

Hin fallega Ann hefur alltaf komist af á sjarmanum. Þegar eiginmaðurinn heldur fram hjá henni fer hún í leiðangur til að finna nýjan föður fyrir drengina sína tvo. Hún kemst þó að því að herramennskan er að deyja út.

**Leikstjóri:** Richard Loncraine.
**Aðalhlutverk:** Renée Zellweger, Logan Lerman og Kevin Bacon.

Rotten Tomatoes 68% | IMDb 6,6 | RÚV 21.55

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** (Sturm der Liebe) Endursýndir þættir vikunnar.
**16.30 Ástareldur** (Sturm der Liebe) Endursýndir þættir vikunnar.
**17.19 Snillingarnir**
**17.42 Bombubyrgið**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (6:6) (Íslendingadagurinn) (e) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Íslendingabyggðir í Vesturheimi, skoðar áhugaverða staði og heilsar upp á fólk. Með honum í för er tónlistarmaðurinn KK.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** (Laddi) Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma og kynna á ný gesti sem slógu í gegn í þáttum Hemma á sínum tíma. Gestur þáttarins er Laddi.
**20.30 Útsvar** (Hveragerði - Akureyri) Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Hveragerðis og Akureyrar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.
**21.40 Dans dans dans - Keppendur kynntir** Í þættinum eru kynntir þeir keppendur sem stíga á svið á laugardagskvöld.
> **21.55 Hinn eini sanni** (My One and Only)
**23.45 Vera – Krákugildran** (Vera) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann á Norðymbralandi. Meðal leikenda eru Brenda Blethyn og David Leon.
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.30 17 Again**
**12.10 Ævintýraeyja Ibba**
**13.30 Back-Up Plan**
**15.15 17 Again**
**17.00 Ævintýraeyja Ibba**
**18.20 Back-Up Plan**
**20.05 Extraordinary Measures**
> **22.00 Volcano**
**23.45 Cold Heart**
**01.20 Volcano**
**03.05 Extraordinary Measures**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** (9:22)
**08.30 Ellen** (38:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (19:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (26:30)
**10.55 Hank** (6:10)
**11.25 Cougar Town** (21:22)
**11.50 Masterchef USA** (2:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Last Man Standing** (2:24)
**13.25 500 Days Of Summer**
**15.05 Game Tíví**
**15.30 Tricky TV** (22:23)
**15.55 Sorry I've Got No Head**
**16.25 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (39:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (12:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (10:24) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur undir stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga.
**20.10 Spurningabomban** (9:21)
**21.00 The X-Factor** (14:27) Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni af þessum sívinsæla þætti en dómnefndina skipa þau Simon Cowell, L.A. Reid, Britney Spears auk bandarísku söng- og leikkonunnar Demi Lovato.
> **22.30 College**
**00.05 Captivity** Mögnuð spennumynd um ungan mann og unga konu sem skyndilega vakna á óþekktum stað og fljótlega rennur upp fyrir þeim að geðsjúkur morðingi heldur þeim föngnum og þau gera sér enga grein fyrir ástæðunni.
**01.45 Bottoms Up** Rómantísk gamanmynd með Paris Hilton í aðalhlutverki.
**03.15 500 Days Of Summer**
**04.50 Spurningabomban** (9:21)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Evrópudeildin: Anji - Liverpool**
**16.35 Evrópud.: Tottenham - Maribor**
**18.15 Spænsku mörkin**
**18.45 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks** Heimildamynd frá ESPN um leik Reggie Miller gegn New York Knicks í undanúrslitum Austurdeildarinnar árið 1995.
**20.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir leikina fram undan í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.00 Evrópudeildarmörkin**
**21.55 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**22.35 Evrópudeildin: Anji - Liverpool**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.55 Sunnudagsmessan**
**17.10 Tottenham - Wigan**
**18.50 Swansea - Chelsea**
**20.30 Premier League World 2012/13** Stjórnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar
**21.00 Premier League Preview Show 2012/13**
**21.30 Being Liverpool**
**22.15 Fulham - Everton**
**23.55 Premier League Preview Show 2012/13**
**00.25 Man. Utd. - Arsenal**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.20 Ævintýri Tinna**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Villingarnir**
**17.30 Xiaolin Showdown**
**17.55 iCarly** (37:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Hómer verður heltekinn af því að heimsendir sé í nánd eftir að hafa séð lélega bíómynd þess efnis.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (18:22)
**19.00 Friends** (24:24)
**19.25 The Simpsons** (2:23)
**19.50 How I Met Your Mother** (9:22) Hvort er betra að vita of mikið eða of lítið um makann í byrjun? Karlmennirnir í hópnum eru ekki sammála um það.
**20.10 The Secret Circle** (12:22) Unglingsstúlka sem flytur til smábæjar í Washington er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**21.00 The Vampire Diaries** (12:22) Unglingsstúlka fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.45 Pretty Little Liars** (13:25) Fjórar vinkonur búa yfir stóru leyndarmáli.
**22.30 Breakout Kings** (12:13) Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**23.15 The Secret Circle** (12:22)
**00.05 The Vampire Diaries** (12:22)
**00.50 Pretty Little Liars** (13:25)
**01.35 Breakout Kings** (12:13)
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** (66:175)
**19.05 Ellen** (39:170)
**19.50 Það var lagið**
**20.50 Idol-Stjörnuleit**
**22.35 The X-Factor** (15:27)
**23.20 Entourage** (3:12)
**23.45 Það var lagið**
**00.45 Idol-Stjörnuleit**
**02.05 Idol-Stjörnuleit**
**02.30 Entourage** (3:12)
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**14.30 Parenthood** (9:22) (e)
**15.15 My Mom Is Obsessed** (4:6) (e)
**16.05 Survivor** (1:15) (e)
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 GCB** (10:10) (e) Þegar Carlene kynnir nýjar íbúðir í miðri eyðimörkinni kemur að þolmörkum hjá mörgum þeirra enda er alls ekki tryggt að þær lifi ferðalagi af.
**19.05 An Idiot Abroad** (8:9) (e) Perú er næst á dagskrá hjá ferðalangnum Karli. Hann heldur í Amazon-frumskóginn og er frekar óánægður með salernisaðstöðuna.
**19.55 America's Funniest Home Videos** (29:48) (e)
**20.20 America's Funniest Home Videos** (3:44) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.45 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri.
> **21.30 The Voice** (9:15)
**01.15 Excused** Nýstárlegur stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
**01.40 House** (8:23) (e)
**02.30 CSI: New York** (12:18) (e)
**03.20 A Gifted Man** (10:16) (e)
**04.10 CSI** (4:23) (e)
**04.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Children's Miracle Classic 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Children's Miracle Classic 2012 (1:4) **15.00** The Memorial Tournament 2012 (3:4) **18.00** Children's Miracle Classic 2012 (2:4) **21.00** Children's Miracle Classic 2012 (2:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




TOM HANKS HALLE BERRY JIM BROADBENT HUGO WEAVING JIM STURGESS DOONA BAE BEN WHISHAW
JAMES D'ARCY ZHOU XUN KEITH DAVID DAVID GYASI WITH SUSAN SARANDON AND HUGH GRANT
★★★★
„Hvílík mynd! Og hvílíkt sjónarspil af þeim töfrum og draumkenndu eiginleikum sem kvikmyndir búa yfir.“ -Roger Ebert
★★★★★
„Hafi nokkurri kvikmynd tekist að fanga athygli áhorfandans fullkomlega er það Cloud Atlas.“ -Screen Rant.com
„Þessi mynd er jafn stór og sjálft lífið.“ -Detroit News
★★★★★
"Stórmynd í orðsins fyllstu merkingu! Metnaðarfull, tilfinningarík og einstök á allan hátt." -T.V., Kvikmyndir.is
„Mesta mynd sem hægt er að fá á verði eins bíómiða.“ -New York Times
„Mikil andleg æfing sem veitir mikil tilfinningaleg laun.“ -Variety
„Ekki hægt að láta hana fram hjá sér fara, kvikmynd áratugarins!“ -Policymic.com
FRÁ HÖFUNDUM MATRIX OG LEIKSTJÓRA RUN LOLA RUN
CLOUD ATLAS
ALLT ER TENGT Á EINHVERN HÁTT
STÓRBROTIN KVIKMYNDAVEISLA - FRUMSÝND Í DAG Í KVIKMYNDAHÚSUM
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
midi.is

## HELGIN



*„Stóra málið þessa helgi er brúðkaup sem ég er að fara í á laugardaginn hjá Áslaugu vinkonu minni og honum Olla. Sunnudagurinn fer svo líklegast bara í að hvílast og jafna sig.“*

Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir, höfundur bókarinnar Hulstur utan um sál.

# Samdi einlæga vísindaskáldsögu

„Það hefur aldrei verið skrifuð, svo ég muni eftir, einlæg og heiðarleg vísindaskáldsaga á Íslandi,“ segir Davíð Þór Jónsson.

Hann hefur sent frá sér vísindaskáldsöguna Orrustan um Fold. Hún gerist á tunglinu Fold þar sem lítil nýlenda manna hefur skotið rótum. Þegar undarlegar verur taka að herja á íbúana reynir á styrk þjóðarinnar.

„Það kom tímabil í sumar þar sem ég bjó einn úti á landi og hafði ekkert að gera á kvöldin og um helgar nema að spila tölvuleiki eða horfa á sumardagskrána í Ríkissjónvarpinu,“ segir Davíð Þór um tilurð bókarinnar. „Það hafði blundað í mér löngun til að spreyta mig á skáldsögunni og ég ákvað að skrifa vísindaskáldsögu, bæði af því að ég hef gaman af svoleiðis bókum og svo er enginn að skrifa þannig bækur á Íslandi. Þetta er alvöru bókmenntategund sem íslenskir útgefendur hafa ekki tekið alvarlega.“

Þegar Davíð Þór kynnti bókina fyrir íslenskum bókaforlögum fékk hann dræmar undirtektir. „Mér leið eins og þegar menn voru að skrifa glæpasögur fyrir tuttugu árum. Menn höfðu enga trú á þeim.“ Á endanum var það Helgi Jónsson hjá Tindi á Akureyri sem ákvað að gefa hana út. „Hann er hugrakkur og framsýnn útgefandi, ekki eins og vondu kapítalistarnir fyrir sunnan.“

Davíð Þór, sem er fluttur til Þýskalands þar sem konan hans býr, hafði mjög gaman af skrifunum og langar að halda þeim áfram. „Þetta er eiginlega bókin sem mig langaði til að lesa eftir íslenskan rithöfund. Fyrst enginn var að skrifa hana ákvað ég að skrifa hana sjálfur.“ **- fb**



**ALVÖRU BÓKMENNTATEGUND** Davíð Þór Jónsson segir vísindaskáldsöguna vera alvöru bókmenntategund sem útgefendur taka ekki alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


BARNALEIKSÝNING ÁRSINS 2012

Skrímslið litla systir mín

SÝNINGAR Í NORRÆNA HÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER 2012

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös. | 9. nóv. | kl. 17:00 Ö | |
| Lau. | 10. nóv. | kl. 14:00 U | / 16:00 U |
| Sun. | 11. nóv. | kl. 14:00 U | / 16:00 Ö |
| Lau. | 24. nóv. | kl. 14:00 Ö | / 16:00 |
| Sun. | 25. nóv. | kl. 14:00 Ö | / 16:00 |
| Lau. | 1. des. | kl. 14:00 | / 16:00 |
| Sun. | 2. des. | kl. 14:00 | / 16:00 |

Ath. aðeins þessar 3 sýningarhelgar!



„Skrímslið litla systir mín er ein magnaðasta leiksýning sem ég hef séð.“ I.G. Mbl

E.B. Fbl

J.V.J. DV

LEIKHÚSIÐ 10 FINGUR NORRÆNA HÚSIÐ

Miðasala hafin á midi.is
Nánari upplýsingar á tiufingur.is




**FÉKK GULLIÐ** Valgerður Guðsteinsdóttir hlaut gullverðlaun í sínum flokki á alþjóðlegu hnefaleikamóti sem fór fram síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VALGERÐUR GUÐSTEINSDÓTTIR: ÉG VILDI GERA MITT BESTA

# Kom heim með gull af alþjóðlegu hnefaleikamóti

„Ég saknaði íþróttarinnar og langaði að byrja aftur. Þetta er þriðji veturinn minn hjá Æsi núna,“ segir Valgerður Guðsteinsdóttir sem hlaut gullverðlaun í sínum þyngdarflokki á ACBC-hnefaleikamótinu sem var haldið í Gautaborg um síðustu helgi.

Valgerður hafði æft íþróttina í svolítinn tíma á unglingsárum sínum og ákvað fyrir þremur árum að hefja æfingar að nýju. Hún æfir allt að sex sinnum í viku með sérstökum keppnishópi hjá Hnefaleikastöðinni og var þetta hennar fyrsta alþjóðlega mót. Valgerður keppti í 57 til 60 kílóa senior-flokki og mætti tveimur andstæðingum sem höfðu háð færri en sex bardaga líkt og hún sjálf.

„Sú fyrri sem ég keppti á móti var sænsk, en ég er ekki viss hvaðan seinni andstæðingurinn var. Ég mætti bara þeim sem ég átti að mæta og hugsaði ekki meira út í það. Ég vildi gera mitt besta og fannst skipta mestu máli að vera með góða tækni og sýna fallegt box. Ég var ekki að reyna að rota andstæðinginn í fyrsta höggi.“ Þegar hún er spurð nánar út í tæknilegu hlið íþróttarinnar segir hún: „Tæknin felst í því hvernig þú notar líkamann í höggin. Hreyfanleiki er líka mjög mikilvægur. Ég lærði grunninn minn hjá þjálfara frá Kúbu og hann lagði mikla áherslu á hreyfanleika. Vilhjálmur Hernandez þjálfar mig núna og hann hefur bætt miklu við þekkingu mína og tækni.“

Að hennar sögn eru þær fáar konurnar sem keppa í hnefaleikum hér á landi og því getur verið erfitt að finna andstæðing til að keppa á móti. „Það er eitt og hálft ár síðan ég keppti síðast því það eru bæði fáar konur sem keppa og langt á milli móta. Það var eitt mót vikuna áður en við fórum út, en þá var engin til að keppa á móti mér. Íþróttin hefur þó orðið vinsælli upp á síðkastið og það hafa komið fram margir nýir og efnilegir einstaklingar,“ segir Valgerður að lokum. **- sara@frettabladid.is**

### NÆST STÆRSTA MÓT HEIMS

- ACBC-mótið er næststærsta hnefaleikamót í heimi. Skammstöfunin stendur fyrir Angered Centrum Box Cup.
- Fyrsta ACBC-mótið fór fram árið 1987 og því var það haldið í 25. sinn nú í ár.
- Um sex hundruð manns kepptu á mótinu í ár, þar af 25 Íslendingar.
- Keppendur eru á aldrinum 10 til 35 ára.



# Walker í The Missionary

Leikarinn Benjamin Walker, sem síðast lék titilhlutverkið í kvikmyndinni Abraham Lincoln: Vampire Hunter og einnig í Flags of Our Fathers í leikstjórn Clint Eastwood, fer með aðalhlutverkið í prufuþætti The Missionary í leikstjórn Baltasars Kormáks. Þátturinn verður brátt sýndur á sjónvarpsstöðinni HBO, en erlendar sjónvarpsstöðvar eru vanar að sýna svonefnda „pilot“-þætti til að kanna áhorf áður en ráðist er í að framleiða heila þáttaröð.

The Missionary gerist í Berlín á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá bandarískum trúboða sem aðstoðar unga konu við að undirbúa flótta frá Austur-Þýskalandi. Þáttunum er lýst sem njósnasögu með dramatísku ívafi. Handritshöfundur sjónvarpsþáttanna er Charles Randolph en hann skrifaði meðal annars handritið að kvikmyndinni Love and Other Drugs.

Mark Wahlberg verður einn framleiðenda. Baltasar leikstýrði Walhberg í kvikmyndunum Contraband og 2 Guns og hefur samstarf þeirra verið farsælt hingað til. **- sm**



**AÐALHLUTVERK** Benjamin Walker verður í aðalhlutverki þáttanna The Missionary ef af framleiðslu þeirra verður. NORDICPHOTOS/AFP

# NÝJAR VÖRUR

## DÖMU & HERRA FATNAÐUR

FLÍS PEYSUR 3.990,-
SOFTSHELL PEYSUR 4.990,-
STRETCH BUXUR 7.990,-
SOFTSHELL BUXUR 7.990,-
ÚLPUR 8.990,-
SNJÓBUXUR 8.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.990,-
SKYRTUR 4.490,-
SKYRTUR FÓÐRAÐAR 5.990,-
KÁPUR 9.990,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

## BARNAFATNAÐUR

FLÍS PEYSUR 2.490,-
SOFTSHELL PEYSUR 3.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.490,-
REGNBUXUR 1.490,-
REGNJAKKAR 4.990,-
FÓÐRAÐAR BUXUR 3.990,-
SNJÓBUXUR 7.490,-
ÚLPUR 7.490,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA**

**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 – 16**

facebook/
utivistogsport



Regatta GREAT OUTDOORS
Dare2b
CRAGHOPPERS
BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

**ÚTIVIST & SPORT**

VERSLUN
HEILDVERSLUN
MARKAÐUR

Faxafen 12 S. 533-1550.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kastar mæðinni á Faktorý

Of Monsters and Men heldur tvenna tónleika á „heimavelli“ sínum, Faktorý, 4. og 5. janúar. Hljómsveitin hefur verið á stöðugu tónleikaferðalagi um heiminn á þessu ári og heldur því áfram um miðjan nóvember þegar förinni verður heitið til Bandaríkjanna. Tónleikaferðinni vestanhafs lýkur 19. desember en svo hefst spilamennskan aftur í Tókýó 23. janúar. Í millitíðinni ætla **Nanna Bryndís Hilmarsdóttir** og félagar að kasta mæðinni heima á Íslandi og halda þessa litlu tónleika á Faktorý. Aðdáendur Of Monsters and Men hér á landi hljóta að fagna tónleikunum. Samt sem áður er ljóst að mun færri munu komast að en vilja.



### Halda árshátíð í Kaupmannahöfn

Drengirnir í uppistandshópnum Mið-Íslandi eru þessa dagana staddir í Kaupmannahöfn. Þeir Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Dóri DNA, Jóhann Alfreð og Björn Bragi stigu allir á svið á Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn í gærkvöldi og héldu uppistand á íslensku. Þetta er þriðja árið í röð sem þeir fara með uppistandssýningu til Íslendinganna í Kaupmannahöfn. Þeir nýta einnig tækifærið og halda árshátíð hópsins í borginni. Annars mun hópurinn ekki koma fram í heild sinni hér á landi fyrr en milli jóla og nýárs.

- fb, þeb



### Mest lesið VÍSIR

1. Ætlaði á klósettið en kom aldrei til baka
2. Gráhærðu glæpagengin valda áhyggjum í Japan
3. Rannsaka hve margir Skotar eru rauðhærðir
4. Ellefu ára drengur ekki nógu fatlaður fyrir Klettaskóla





